

4
Eykur afrakstur á hvern hektara með markvissri beitarstýringu



28–29
Kynslóðaskipti gerð auðveldari með allt að 90% veðsetningu



30
Í jarðarberja- og jarðvegsrækt

Bændablaðið

10. tölublað 2022 • Miðvikudagur 25. maí • Blað nr. 611 • 28. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Guðjón Birgisson, garðyrkjubóndi á garðyrkjustöðinni Melum á Flúðum í Hrunamannahreppi, hefur undanfarin ár verið langstærsti einstaki ræktandi blómkáls á landinu. Hann, ásamt Sigríði Helgu Karlsdóttur, ræktuðu 50 af þeim 98 tonnum sem framleidd voru hér á landi í fyrra, en auk þess eru tómatar, gúrkur, paprikur, krydd og kál af öllu tagi framleitt á Melum. Nú hyggjast hjónin draga þó nokkuð í land því eftir 52 ár að störfum telja þau tímabært að taka sér lengra frí en sem nemur langri helgi. – *Sjá nánar á bls. 32–33.* Mynd / Guðrún Hulda Pálsdóttir

Aukin ásælni fyrirtækja í jarðir til skógræktar og kolefnisjöfnunar

– Verð fer hækkandi og jarðir á Suður-, Vesturlandi og við Eyjafjörð á hærra verði en annars staðar á landinu

Verð fyrir jarðir hefur hækkað undanfarin ár og jarðir í fullum rekstri seljast fyrir hátt verð. Færst hefur í aukana að fyrirtæki kaupi jarðir til skógræktar og til að kolefnisjafna starfsemi sína.

Aukning er í fyrirspurnum um jarðir sem henta til skógræktar og flestir landshlutar sem koma þá til greina.

„Mér virðist sem ýmis fyrirtæki hafi áhuga á að fara í skógrækt, og einstaklingar líka, til að kolefnisjafna starfsemi sína," segir Magnús Leópoldsson, bóndi og fasteignasali.

Hann segir þó að viðskipti með jarðir það sem af er ársins sé svipuð og undanfarin ár.

„Það koma alltaf inn jarðir í sölu með hækkandi sól en eignaskipti á jörðum hafa yfirleitt langan aðdraganda, ár eða meira.

Sala á jörðum hefur gengið ágætlega núna og fylgir ákveðnum dampi og ekkert meiri læti í kringum það núna fremur en hingað til og svipaður fjöldi sem skiptir um eigendur árlega og hefur lengi verið, í kringum hundrað jarðir, og hluti þeirra eignaskipta er innan fjölskyldna vegna kynslóðaskipta."

Auk þess sem Magnús segir að markaður fyrir garðyrkjubýli sé alltaf til staðar.

Fjögur kúabú í rekstri í Landeyjum sett á sölu

„Sala á jörðum er tiltölulega jöfn um allt land og óvanalegt að fjórar jarðir í nágrenni við hver aðra fari í sölu en slíkt gerðist í vor þegar fjögur kúabú í fullum rekstri í Landeyjum voru sett í sölu. Aðdragandinn að því hefur verið langur og væntanlega búið að selja tvær jarðanna."

Magnús segir að yfirleitt gangi þokkalega að fjármagna jarðir í rekstri en að ólíkt markaði með íbúðir á höfuðborgarsvæðinu séu yfirleitt ekki margir að bítast um eignina.




Fyrirtæki sýna aukinn áhuga á að kaupa jarðir og fara í skógrækt til að kolefnisjafna starfsemi sína.

„Yfirleitt koma margar fyrirspurnir en þegar að kaupunum kemur og á reynir eru yfirleitt ekki nema einn til þrír eftir."

Huga þarf að mörgum þáttum

Eins og gefur að skilja þurfa væntanlegir kaupendur að kynna sér aðstæður vel áður en þeir kaupa jörð í rekstri og margir þættir sem þarf að huga að. – „Fjárfestingin er slík og fólk tekur ekki við kúabúi eða jörð í annars konar rekstri án þess að vita hvað það er að gera."



Magnús Leópoldsson, bóndi og fasteignasali, segir að viðskipti með jarðir það sem af er ársins séu svipuð og undanfarin ár.

Verð að hækka

Aðspurður segir Magnús að hann hafi tengst kaupum og sölu á jörðum í þrjá áratugi og að sínu mati hafi jarðir verið að hækka í verði og að seljendur séu að fá meira fyrir þær en fyrir nokkrum árum.

„Verðið fer algerlega eftir því hvar jörðin er á landinu og landgæðum. Land á láglendi er töluvert dýrara en land á hálendi. Smekkur kaupenda skiptir einnig máli og hvað þeir hafi í huga að gera með landið.

Heilt yfir má samt segja að jarðir á Suður- og Vesturlandi og við Eyjafjörð séu að seljast dýrar en jarðir annars staðar á landinu.

Hitt er svo annað að það er víða hægt að kaupa góða jörð og margt sem spilar þar inni í, eins og samgöngur og þjónusta, heilbrigðisþjónusta og skólar.

Allt þetta skiptir máli og sérstaklega fyrir ungt fólk sem vill fara út í búskap."

Magnús segir að það sé svo alltaf til fólk sem kaupir sér jörð sem fjárfestingu eða einfaldlega til að eiga hana og nota í frístundum. */VH*

– Sjá nánar á bls. 2

FRÉTTIR



Stóra-Hildisey II í Landeyjum. Íbúðarhús og útihús hægra megin á myndinni tilheyra Stóru-Hildisey I sem hefur líka verið til sölu. Mynd HKr.

Jónatan Magnússon, bóndi á Hóli í Önundarfirði, og fjölskylda flytja í Landeyjarnar:

Kaupa Stóru-Hildisey II og flytja kýr og kvóta suður

Jónatan Magnússon og Una Lára Waage, sem hafa verið með búrekstur á Hóli í Önundarfirði, eru þessa dagana að ganga frá kaupum á Stóru-Hildisey II í Landeyjum af Jóhanni Nikulássyni og Sigrúnu Hildi Ragnarsdóttur. Mun Jónatan og fjölskylda í framhaldinu flytja allar sínar mjólkurkýr suður ásamt mjólkurkvóta.

Jónatan sagði í samtali við Bændablaðið að svona búferlaflutningar væru alls ekki sársaukalausir og að í svona ákvarðanatöku fælust bæði plúsar og mínusar, en þau hjón teldu kostina syðra þó vega þyngra.

„Maður er búinn að vera að skoða þessi mál í allan vetur og svo eru sumrin fyrir vestan engu lík, en veturnir geta hins vegar verið alveg svakalegir.

Það hjálpar líka til að vorið byrjaði ekki með neinum glæsibrag fyrir vestan að þessu sinni. Þá er Una Lára að sunnan þótt hún sé ættuð frá Bíldudal og Patreksfirði. Það blandast því miklar tilfinningar inn í þetta allt saman," segir Jónatan.




Jónatan Magnússon og Una Lára Waage, bændur á Hóli í Firði í Tungudal í Önundarfirði, tóku við rekstrinum í Stóru-HIldisey II í Landeyjum þann 1. maí síðastliðinn. Til að byrja með leigja þau reksturinn á meðan unnið er að frágangi á kaupum. Jónatan sér mikla möguleika í flutningnum á nýjan stað þar sem hann verður með mun meiri mjólkurkvóta og 150 til 160 kýr.
Mynd / Viktor Steinar Þorvaldsson



Jónatan Magnússon er mjög sáttur við allan aðbúnað í fjósinu í Stóru-Hildisey II. Þar er nú mjaltagryfja, en hann hyggst setja þar upp þrjá mjaltaþjóna.
Mynd / HKr.

Verður með yfir milljón lítra kvóta og yfir 150 kýr á nýjum stað

„Ég er búinn að vera með á bilinu 80 til 90 kýr á Hóli og 465.000 lítra mjólkurkvóta. Við flutninginn suður verðum við með samanlagt 1.011.000 lítra kvóta og um 150 til 160 kýr.



Þá var ég ekki með nema 18 hektara tún heima í Önundarfirði og leigði tíu til tólf jarðir að auki. Í Stóru Hildisey II eru 100 hektarar í ræktun og möguleiki að auka ræktun upp í 150 hektara."

Jónatan segir að húsakostur sé góður á nýja staðnum. Og ábúendur í Stóru-Hildisey II hafi byggt upp húsakost þar sem hugsað hefur verið til framtíðar og því sé tiltölulega auðvelt að sameina búreksturinn

Kaupverðið á Stóru-Hildisey er í kringum 400 milljónir króna og fer Hóll upp í kaupin. Jónatan segir að forsendan fyrir því að slík kaup gangi upp sé að hann geti flutt kýr og kvóta með sér að vestan. „Þetta er ansi stór biti og maður reynir að halda niðri öllum kostnaði við breytingar. Ég hefði vissulega getað selt kvótann og nýtt peninginn af því, en flutningur á kvótanum og mjólkurkúm gerir þetta mun vænlegra."

Frestun á afgreiðslu vegna forkaupsréttar

Til stóð að ganga frá kaupunum 1. maí, en ákvæði í afsali Hóls, sem þau keyptu af foreldrum Jónatans, kvað á um forkaupsrétt ríkisins á jörðinni sem tafið hefur málin um nokkrar vikur. Vonaðist hann til að hægt yrði að ljúka málinu fyrir lok maí. Ekki stendur til að Jóhann og Hildur verði með hefðbundinn búskap á Hóli þótt jörðin fylgi með í kaupum Jónatans og fjölskyldu á Stóru-Hildisey II.

Tók við rekstrinum 1. maí

„Þar sem ekki tókst að ganga formlega frá kaupunum 1. maí þá varð það að samkomulagi milli okkar Jóhanns að ég leigði jörðina af honum þar til hægt væri að ganga frá kaupunum. Við erum að vonast til að þetta klárist fyrir maílok, en það kemur í ljós.

Ég tók því við rekstrinum í Stóru-Hildisey II þann 1. maí og er búinn að vera að mjólka þar síðan. Þá er ég með öflugan vinnumann, sem sinnir búinu fyrir mig á Hóli þar til við getum endanlega flutt. Það er Englendingur sem er búinn að vera hjá mér í tvö og hálft ár."

Gripirnir verða fluttir í rólegheitum

Jónatan sótti um hjá MAST í síðustu viku að fá að flytja gripina á milli svæða og vonaðist hann til að geta hafið þá flutninga í þessari viku.

„Ég ætla að flytja gripina í rólegheitunum og vera með fáa gripi á hverjum bíl, kannski 15 kýr, og fara eina ferð á dag. Það er miklu meira virði fyrir mig að reyna að halda nyt í kúnum heldur en að flytja mikinn fjölda í einu í færri ferðum. Þá er líka breyting fyrir kýrnar að fara úr mjaltaþjónum í mjaltabás til að byrja með."

Á Hóli var Jónatan með tvo Delaval mjaltaþjóna, annan frá 2003 og hinn um þriggja ára gamlan.

Fyrir er í Stóru-Hildisey II lítill mjaltabás. Sagðist Jónatan ætla að breyta mjaltaaðstöðunni á nýja staðnum og setja þar upp þrjá mjaltaþjóna, tvo sem voru fyrir vestan og einn til viðbótar.

„Ég flyt inn Delaval róbot af gömlu gerðinni frá Írlandi, en algjörlega ónotaðan og enn í kassanum. Það vildi enginn kaupa hann svo ég fékk hann á mjög góðu verði," sagði Jónatan.

„Ég fann þennan um páskana á síðu Delaval eigenda úti í löndum og sendi umsvifalaust tölvupóst. Fyrri róbótinn sem ég var með fyrir vestan var keyptur með svipuðum hætti. Hann var búinn að standa í gámi norður á Akureyri í tvö ár þar sem enginn vildi kaupa hann af því að það vor kom nýrri og fullkomnari gerð. Ég fékk hann því með góðum afslætti. Svo fæ ég annan notaðan róbót til viðbótar úr Eyjafirði.

Ef ég hefði keypt nýju týpuna, sem er 10% afkastameiri, og verið bara með tvo mjaltaþjóna, þá hefði það kostað 40-50 milljónir króna," segir Jónatan Magnússon.

/HKr.

Horfir til virkjunarmöguleika á Hóli

Jóhann Nikulásson, bóndi í Stóru-Hildisey II, nýtur nú sólar á Kanaríeyjum ásamt konu sinni, Sigrúnu Hildi Ragnarsdóttur. Þangað fóru þau eftir að hafa aðstoðað Jónatan Magnússon við nauðsynleg vorverk þegar ljóst var að báðir voru ákveðnir í að láta samninga um kaup og jarðaskipti ganga upp.

Að því loknu pöntuðu þau hjónin í fyrsta skipti á ævinni farmiða aðra leiðina á vit nýrra ævintýra.

„Ætli við eigum það bara ekki skilið eftir rúmlega þriggja áratuga feril í búskapnum þar sem lítið hefur verið um frí," sagði Jóhann og telur þau vera lánsöm að ungt og áhugasamt fólk taki við jörðinni.



Jóhann Nikulásson.

Ekki einfalt mál að selja svona kúabú

„Það er búið að tryggja fjármögnun sem og öll tilskilin leyfi varðandi flutninga á gripum og kvóta og ekkert eftir nema frágangur á pappírum.

Það er hins vegar alls ekki einfalt mál að selja kúabú með rúmlega hálfri milljón lítra í kvóta og vandfundnir aðilar sem ráða við slíka fjárfestingu."

Jóhann segir að hjá þeim hafi þetta verið tveggja ára ferli, en konan hefði þó viljað selja fyrr vegna ofnæmis sem hún fékk fyrir kúm fyrir 25 árum sem leiddi til þess að fyrir sex árum keyptu þau einbýlishús á Selfossi þar sem Hildur hefur að mestu dvalið síðan.

„Það tók mig samt tvö ár að sannfærast um að þetta væri rétt ákvörðun. Hún var svo endanlega tekin í samráði við börnin okkar fjögur.

Ég hef alltaf sagt við krakkana mína að það ætti enginn að taka við búskap nema hann hafi fyrir því brennandi áhuga. Það eru allt of margir sem hafa tekið við búum af því að það var ætlast til þess af þeim. Þá er fólk ekki að gera þetta af heilum huga heldur af skyldurækni við aðra.

Niðurstaða okkar fjölskyldunnar var því sú að setja jörðina okkar á sölu.

Okkur hefur liðið vel í sveitinni og það eru viss forréttindi að ala börnin sín upp á svona stað. En við erum svo heppin að við tekur ungt og áhugasamt fólk sem kemur með ung börn í sveitina og stækkar búið hér í Hildisey um það bil um helming. Það er eiginlega ekki hægt að biðja um neitt meira."

Sér virkjunarmöguleika á Hóli í Önundarfirði

Hluti af samningunum felst í því að Jóhann og Hildur taka við jörðinni Hóli í Firði í Önundarfirði. Þau hafa samt ekki í hyggju að hefja þar kúabúskap.

„Nei, nei, það stendur ekki til en þetta er vel uppbyggð jörð og á gríðarlega fallegum stað sem býður upp á allt annars konar möguleika. Í því sjáum við ákveðin tækifæri. Það eru þarna m.a.virkjanamöguleikar sem við höfum áhuga á að kanna nánar," segir Jóhann.

/HKr.

can-am ski-doo LYNX SEA-DOO



BRP HEFUR OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ

Stærri og enn betri aðstaða að Vínlandsleið 1, Grafarholti.
Glæsilegur sýningarsalur með úrvali tækja,
fatnaði og fylgihlutum ásamt stærra verkstæði.

Komdu og kynntu þér ný ævintýri!

BRP ELLINGSEN

415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

FRÉTTIR

Bændur í Lækjartúni í Ásahreppi bæta afkomu verulega með beitarstýringu innan girðinga:

Eykur afrakstur á hvern hektara, stórminnkar vetrargjöf og áburðarkaup nánast úr sögunni

Tyrfingur Sveinsson og Hulda Brynjólfsdóttir tóku við búskap í Lækjartúni í Ásahreppi af foreldrum Tyrfings sumarið 2011. Tyrfingur er mikill áhugamaður um að nota beitarstýringu búfjár á ræktarlandi, reyndar í úthaga líka, og segir að reynsla þeirra sýni að af því geti verið margháttað hagræði og fjárhagslegur ávinningur.

„Þetta hefur gengið mjög vel hjá okkur og er algjör hugarfarsbreyting í búskap og maður fer að horfa allt öðruvísi á hlutina. Maður uppgötvaði fljótt hvað maður var í raun vitlaus að slá hána á haustin með ærnum kostnaði í stað þess að láta kýrnar bíta grasið í stýrðri beit fram eftir hausti. Þannig að peningabruðlið sem átti sér stað í búskapnum var alveg gegndarlaust.

Þetta er ekkert sem við höfum verið að finna upp heldur höfum við lesið okkur til og reynt að læra af því hvernig menn hafa verið að gera þetta erlendis," segir Tyrfingur.



Hér sést greinilega hvernig beitarstýring nautgripa virkar. Myndir / TS og HB



Sauðfé Lækjartúnsbænda í markvissri beitarstýringu.

Jarðvegsbætandi landbúnaður

Áður hefur verið fjallað um beitarstýringuna í Lækjartúni, t.d. í Bændablaðinu 25. nóvember 2021. Þetta kallast á ensku *regenerative farming*, en mætti útleggja sem jarðvegsbætandi landbúnaður. Segir Tyrfingur að mikil vakning sé fyrir svona búskap erlendis þó fáir þekki hann hér á landi. Á bænum eru um 160 fjár og 60 nautgripir, auk 14 hrossa, nokkurra geita og hænsna.

– Þarf ekki nægt landrými til að geta hvílt land á milli þess sem það er beitt?

„Jú, en í raun minna land en ef ég gerði þetta ekki. Í heildina erum við með 200 hektara.

Þetta eru ekki alveg samfelldar spildur þó landið sem kýrnar hafa til umráða sé samliggjandi.

Markmiðið er auðvitað með stýrðri beit að landið beri fleiri gripi en áður. Reynslan sýnir að þetta eykur afköst landsins þar sem friðunartími þess verður lengri en ella. Staðan er þannig núna að ég reikna með að geta fjölga kúnum um helming frá því sem ég var áður með. Nú er mun meira gras í boði en í fyrra."

Eykur afrakstur á hvern hektara lands

– Hvað segir þú um skynsemi og fagmennsku þegar rætt er um svona markvissa beitarstýringu?

„Ég tel þetta hafa gífurlega marga kosti. Í fyrsta lagi felst í þessu fjárhagslegur ávinningur. Maður getur verið með fleiri kýr á hvern hektara að meðaltali sem skilar sér í auknum hagnaði á hektara.

Þá gef ég verulega mikið minna af heyi yfir veturinn en áður. Í raun var ég að gefa allt of mikið og í allt of langan tíma.

Mér sýnist að ég sé kominn niður í þriðjung af vetrargjöfinni fyrir kýrnar þennan veturinn miðað við það sem ég var að gefa fyrir þrem til fjórum árum. Þá var ég ekki að nýta útibeit nema í júní, júlí og ágúst. Síðan voru skepnurnar á gjöf frá því í byrjun september og fram í júní.

Á síðasta ári byrjaði ég með innigjöf, en kýrnar eru á útigangi allan ársins hring. Í lok október gaf ég fyrstu rúlluna og þá síðustu í byrjun apríl. Þetta hefði ég ekki getað gert nema að vera í beitarstýringu.



Hulda Brynjólfsdóttir og Tyrfingur Sveinsson, bændur í Lækjartúni í Ásahreppi.

Nú skildi ég viljandi eftir óslegið tún í haust þannig að á því var öll sinan ósnert í vor. Holdakýrnar þurfa ekki mikið og þar sem sinan var næg og mikil næring í rótunum dugði þetta vel. Grasið sem er að koma upp úr þessu núna er töluvert meira en í öðrum túnum hjá mér og meiri þróttur í því. Kýrnar eru því í þessari stýringu hjá mér núna að bíta sinu og nýgræðing í bland.

Kýrnar fá bara til umráða um 3-400 fermetra í einu og þær hreinsa það upp á einum til tveim tímum og leggjast svo niður að jórtra. Þá standa þær upp og skíta því sem þær hafa áður verið að éta. Þá hleypi ég þeim í næsta hólf og loka á eftir þeim svo þær komist ekki til baka."

Túnin gefa mun meira af sér með þessum hætti og ég nota samt nánast engan tilbúinn áburð. Í heild keypti ég sex poka af áburði fyrir þetta vor, en var áður að kaupa um 30 poka."

Losna alveg við ormalyf

„Með svona stýringu dreifist skíturinn líka jafnt yfir túnið. Þær eru því aldrei að éta í kringum skítinn sinn og við það vinnst það líka að ég losna alveg við að gefa ormalyf. Ormahringrásin tekur þrjár vikur og þar sem kýrnar og kindurnar komast aldrei á blettinn á þeim tíma, rofnar þessi hringrás. Skepnurnar eru aldrei lengur en tvo til þrjá daga á sama svæði og þá loka ég beitta svæðinu á eftir þeim og friða það þar til það er tilbúið á ný til beitar. Endurvöxturinn hefst því um leið og beitinni er hætt.

Svo er þetta fín hreyfing fyrir mig að færa til og lagfæra girðingar. Ég átti áður við bakvandamál að stríða áður en ég byrjaði á þessu, en ég hef ekki fundið fyrir því síðan."

Veruleg hagræðing

Tyrfingur segir að það megi klárlega ná fram verulegri hagræðingu með þessum hætti, t.d. í holdanautabúskap og hrossarækt.

„Ég held að við séum að gefa hrossum allt, allt of mikið. Hross líkt og holdakýr þurfa mjög lítið. Við erum hér með nokkur hross og höfum verið að beitarstýra þeim líka. Þau geta gjörbreytt högunum, t.d. þegar þau eru látin hreinsa upp sinu. Það gera þau þó ekki eins vel þegar þau ganga á stóru svæði.

Varðandi sauðféð gildir það sama, hagræðið af beitarstýringunni er augljós. Þá gjörbreytist öll umgengni um skepnurnar. Holdakýr sem ganga lausar á stóru landi eru ekkert sérstaklega skapgóðar. Þegar maður stýrir þeim á litlum bletti og er alltaf að umgangast þær breytist geðslagið verulega.

Það hefur gjörbreyst með svona mikilli umgengni hjá mér. Það var þannig hjá okkur áður en við byrjuðum á þessu að kýrnar voru stökkvandi á girðingar um leið og þær sáu mann nálgast. Þær voru snarvilltar. Nú eru þær ekkert styggar. Maður gengur bara í kringum þær liggjandi og þær hreyfa sig ekki. Þær eru farnar að haga sér eins og venjulegar kýr."

Líka hagstætt fyrir mjólkurkýr

„Ég held að það sé líka hagur í svona beitarstýringu fyrir mjólkurkýr. Þegar MAST kemur með þá kröfu að setja kýrnar út á vorin þá byrjar þessi söngur um að það sé ómögulegt því það detti niður nytin og því tapist miklir peningar.

Vissulega minnkar þá eitthvað mjólkin í tanknum, en ég held að menn gleymi því að horfa á hina hliðina. Ef menn nýttu tækifærin sem felast í að setja kýrnar út á skipulagða stýrða beit, þá væri hægt að framleiða mjólkina með mun minni kostnaði. Þó lítrunum fækki eitthvað, þá vegur sparnaðurinn það upp og gott betur.

Auk þess tel ég að ef kúnum er beitt á kjarngott gras þá mætti minnka fóðurkostnað á móti. Heildarniðurstaðan gæti orðið fjárhagslegur ávinningur þrátt fyrir eitthvað minni mjólk. Ég tel því að það felist í þessu mikil tækifæri ef menn hafa á annað borð áhuga á að beygja sig eftir þeim," segir Tyrfingur Sveinsson. */HKr.*

KJARNAGLUGGAR

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR



Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is

Hrein íslensk fæðubót **frá Eylíf**

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira



Ragnar Þór Alfreðsson
Trésmiður

Líður betur og er ánægður með Stronger LIVER frá Eylíf

Mér var bent á að prófa **Stronger LIVER** frá Eylíf og ákvað ég að slá til. Ég hef verið í eftirliti hjá lækninum mínum vegna heilsufarsins og fer reglulega í tékk og blóðprufur.

Eftir að hafa notað **Stronger LIVER** í nokkra mánuði þá kom í ljós að blóðprufan kom óvenjulega vel út, öll gildin fyrir lifrina voru mun betri en áður. Þetta kom mér skemmtilega á óvart og hef ég verið mjög ánægður með vöruna því að mér líður vel af því að nota hana.

Því get ég sagt með sanni að ég mæli með **Stronger LIVER** frá Eylíf og ætla að halda áfram að nota vöruna.

Ragnar Þór Alfreðsson,
trésmiður

Nýjasta varan frá Eylíf er Stronger LIVER sem inniheldur fjögur íslensk hráefni:

- *Kítósan* er unnið úr rækjuskel, sem eru náttúrulegar trefjar og hefur staðfesta virkni
- *Kalkþörungar* sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunni, margar rannsóknir staðfesta virkni þess.
- Íslenski kísillinn frá *GeoSilica* sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni þess.
- *Íslensk hvönn* sem eru vel þekkt fyrir sína góðu áhrif á meltinguna í gegnum tíðina
- Við styrkjum blönduna með öflugri blöndu af kólín, mjólkurþistli og C vítamíni.

Kólín stuðlar að viðhaldi eðlilegarar starfsemi lifrar og að eðlilegum fituefnaskiptum.

Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER,** allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum gæða-hráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra" segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum. Öll framleiðsla Eylífar fer fram á Grenivík.

„Við vitum öll að heilsan er dýrmætust því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna, **Happier GUTS** og **Stronger LIVER**" segir Ólöf Rún.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

Hreint óerfðabreytt hráefni
Íslensk framleiðsla

Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Athugið að ekki má taka D vítamín eða önnur fituleysanleg vítamín á sama tíma. Látið líða ca 2 klst á milli.



Hrafnhildur Jónsdóttir

Leið fljótt betur í öllum liðum með Active JOINTS frá Eylíf

Hrafnhildur Jónsdóttir hefur lengi verið þjökuð af gigt með tilheyrandi liðverkjum. Hún er mikill hestamaður auk þess sem hún starfaði lengi sem tamningamaður. Hrafnhildur prófaði **Active JOINTS** frá Eylíf og er gríðarlega ánægð með góð áhrif á liðleika og hreyfingu.

„Ég er búin að taka **Active JOINTS** frá Eylíf frá því það kom á markað. Ég er gigtarsjúklingur og hef prófað ýmis fæðubótarefni til að liðka liðina. Þegar mér var bent á að prófa **Active JOINTS** frá Eylíf lét ég slag standa og sé ekki eftir því. Ég fór mjög fljótt að finna mun á liðleika mínum auk þess sem mér til undrunar styrktust neglur og hárið varð meðfærilegra og þykkara. Þetta efni hefur því haft margvísleg góð áhrif á líðan mína. Ég er með spengdan hrygg og brjósklos í hálsi og var alltaf að leita eftir góðum lausnum fyrir mig þar sem ég vil geta hreyft mig. **Active JOINTS** frá Eylíf tekur smá tíma að byrja að virka almennilega en síðan fer maður að finna reglulega mikinn mun. Ég kannski fann það best þegar ég hætti að taka **Active JOINTS** á tímabili. Þá varð líðan mín bara öll miklu verri og ég stirðari," segir Hrafnhildur. „Ég fór þá að taka það aftur og sá að þetta gerði mér mjög gott," segir hún.

„**Active JOINTS** smyr liðina og í þessu eru efni sem mig vantaði," bætir hún við. Hrafnhildur segir að það skipti hana miklu máli að **Active JOINTS** sé íslensk vara. „Mér finnst gott að vita um uppruna vörunnar. Ég vel alltaf frekar íslenska vöru ef það er mögulegt.



EYLÍF

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (24. tölublöð) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Kt:** 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** Guðrún Hulda Pálsdóttir gudrunhulda@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Sími smáauglýsinga: 563 0300 – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Takk fyrir mig!

Allt á sér upphaf og endi og þannig er það líka með mitt mjög svo krefjandi, en um leið afar skemmtilega starf sem ritstjóri Bændablaðsins. Þann 31. maí lýkur minni vakt á þessum vettvangi og við keflinu tekur fyrsti kvenritstjóri blaðsins frá upphafi.

Vissulega var það mikil áskorun að taka að sér ritstjórn á þessum fréttamiðli Bændasamtaka Íslands í janúar 2011 og standa undir væntingum um að auka veg þess og virðingu í þjóðfélaginu.

Miðað við viðbrögð okkar frábæru lesenda í lestrarkönnunum í fjölmörg ár, sýnist mér að þokkalega hafi til tekist. Það skilar sér síðan í því að blaðið er orðið að öflugum auglýsingamiðli sem auglýsendur sjá sér hag í að nýta. Ég skila því af mér þessum áfanga í lífi mínu með góðri samvisku.

Þó ég hafi ákveðið að hefja ekki formlega starf á Bændablaðinu fyrr en á sjálfan bóndadaginn 25. janúar 2011, þá skrifaði ég fyrstu forsíðufrétt mína í fyrsta tölublað þess árs 13. janúar. Það var svo sem við hæfi að hún væri af mínum heimaslóðum í Skutulsfirði þótt umfjöllunarefnið væri fremur dapurlegt, eða um áhrif mengunar á kúabúskap í Engidal. Þetta mál varð þó til þess að velt var við fleiri steinum í sorpeyðingarmálum á Íslandi. Það sorglegasta við þetta allt er þó að pólitískt rétthugsandi dragbítar hafi orðið til þess að koma í veg fyrir að hefja alvöru úrlausn sorpeyðingarmála öll þessi ár.

Nú, 2022, liggur fyrir að menn eru komnir upp að vegg í sorpeyðingarmálum. Í árslok stóð til að banna alla urðun á sorpi á Íslandi. Þrátt fyrir að góðir menn hafi bent á lausnir varðandi smíði á hátæknilegri sorporkustöð og jafnvel fjármögnun, þá hefur enn ekkert orðið af því. Það blasir því við að ekkert annað er eftir í stöðunni en að skríða eins og lúbarðir hundar fyrir fætur ráðamanna í öðrum Evrópulöndum. Biðja þá um að brenna fyrir okkur ruslinu til orkuframleiðslu sem við höfum ekki haft rænu á að gera sjálf.

Þótt ábendingar um það sem betur má fara í þjóðfélaginu séu mikilvægar, þá hefur líf okkar á Bændablaðinu miklu frekar snúist um að draga fram það jákvæða í lífi fólks. Starf mitt sem ritstjóri Bændablaðsins fyrir Bændasamtök Íslands hefur því verið afskaplega gefandi og ánægjulegt. Það eru forréttindi að hafa fengið að vera í þessari aðstöðu, sem gaf manni ómetanlega innsýn í íslenskan landbúnað og líf fólks í landinu.

Ég fæ aldrei fullþakkað öllu því frábæra starfsfólki Bændasamtakanna sem tók mér opnum örmum strax í upphafi. Þar voru elskulegheitin og hjálpsemin alltaf í fyrirrúmi og svo er enn. Það væri kannski ósanngjarnt að nefna einhver nöfn umfram önnur í því sambandi, en helst vildi ég setja hér allan nafnalista starfsmanna samtakanna alveg frá ársbyrjun 2011. Skrifstofufólkið, starfsmenn og sviðsstjórar hinna ýmsu sviða og frábærir ráðunautar hafa reynst mér og Bændablaðinu einstaklega vel. Sama má segja um bændur, búalið og aðra um land allt sem ég hef átt í samskiptum við, sem og pistlahöfunda og auglýsendur.

Auðvitað hefur fólk ekki alltaf verið sammála um efni Bændablaðsins. Ég vil samt hrósa öllum stjórnum Bændasamtakanna, ásamt formönnum og framkvæmdastjórum, fyrir að hafa treyst mér til að stýra blaðinu eftir mínu höfði allan þennan tíma, og að standa þétt við bakið á mér. Úr þeim ranni hef ég líka fengið margar góðar ábendingar um landbúnað og hjálp við úrlausn mála.

Að lokum vil ég þakka mínu kæra og einstaka samstarfsfólki á Bændablaðinu og verktökum fyrir frábært samstarf. Guðrúnu Huldu Pálsdóttur, verðandi ritstjóra, óska ég svo gæfu og velfarnaðar í starfi.

Kæru vinir, þið eruð öll einstök!
Takk fyrir mig og kær kveðja,
Hörður Kristjánsson.

Ætlum við að verja okkar landbúnaðarframleiðslu?

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Á dögunum var kynnt fyrir ríkisstjórn tillögur og greinargerð Landbúnaðarháskóla Íslands að fæðuöryggisstefnu fyrir Ísland. Tillögurnar eru af ýmsum toga og snúa m.a. að því að meta með reglubundnum hætti skilyrði fyrir fæðuöryggi með alþjóðlegri aðferðafræði, meta útkomu fæðuöryggis út frá heildarfæðuneyslu á íbúa, móta sérstaka fæðuöryggisstefnu út frá lagalegri ábyrgð innlendra stjórnarstofnana svo fátt eitt sé nefnt.

Þá er í tillögunum bent á að ásættanleg fjárhagsleg afkoma bænda sé ein af undirstöðum fæðuöryggis sem þurfi að huga að ásamt því að styrkja sem best jarðrækt á Íslandi, hvort sem um er að ræða gras- eða kornrækt, útiræktun eða ylræktun. Þetta sjónarmið er afar mikilvægt í þessu samhengi.

En ætlum við í alvörunni að verja okkar landbúnaðarframleiðslu?

Hinn 4. apríl sl. framlengdi ráðherra landbúnaðarmála heimildir til að nýta úthlutaðan tollkvóta um tvo mánuði. Umrædd breyting á reglugerð með veittri heimild átti sér stað á einni nóttu. Í framhaldinu óskuðu Bændasamtökin eftir rökstuðningi hvort og með hvaða hætti ráðuneytið hafi kannað markaðinn og birgðastöðu í landinu sem er forsenda þess að stjórnvald taki upplýsta og rökstudda ákvörðun, m.a. í þessu máli.

Þann 23. maí kom svar frá ráðuneytinu um að erindi Félags atvinnurekenda með beiðni um lengingu tímabilsins hafi verið það eina sem lagt var til grundvallar ákvörðuninni. Hvorki fór fram greining á markaðnum né staða á birgðahaldi. Niðurstaðan er því sú að tímabilið hafi verið framlengt því að erfiðlega hafi gengið að fá vörur á ásættanlegu verði í útlöndum.

Er það svona sem við ætlum okkur að verja okkar landbúnað?

Aukið fjármagn til að efla fæðuöryggi þjóða – en ekki á Íslandi

Flestar þjóðir í kringum okkur líta á afkomu landbúnaðarins sem mikilvægan hlekk í sinni fæðuöryggisstefnu. Þannig hafa fjölmargar þjóðir nú þegar lagt til aukið fjármagn til landbúnaðar til að koma í veg fyrir hrun í matvælaframleiðslu, fjármagn sem kemur til viðbótar því fjármagni sem sett var í landbúnaðinn til að bregðast við áburðarverðshækkunum í byrjun árs.

Í liðnum aprílmánuði ákvað finnska ráðherranefndin, sem fjallar um neyðarviðbúnað, að setja 300 milljónir evra til styrktar innlendri matvælaframleiðslu. Pakkinn inniheldur m.a. greiðslur til að styðja við lausafjárstöðu bænda og langtímaaðgerðir, þ.á m. 27 milljónir evra til bygginga á eldishúsum svína og alifugla; til byggingar gróðurhúsa og geymslu grænmetis- og garðyrkjuafurða, í hreindýrarækt og sjávarútveg og um 45 milljónir evra til lækkunar á orkuskatti.

Í Noregi hafa bændur og stjórnvöld nýlega lokið samningaviðræðum um landbúnaðarstuðning fyrir 2022-2023. Síðustu ár hafa norskir bændur setið eftir í tekjuþróun samanborið við aðrar greinar. Nú er önnur staða uppi. Stjórnvöld koma annars vegar til móts við bændur um að bæta þeim versnandi kjör síðustu ára og koma þar að auki að fullu til móts við bændur þannig að þeim kostnaðarauka sem nú blasir við bændum verði að fullu mætt með afurðaverði og opinberum stuðningi.

Alls mun stuðningur við norska bændur aukast um 10,9 milljarða norskra króna og hækkun á afurðaverði skilar norskum bændum auknum tekjum upp á 1,5 milljarða norskra króna á samningstímabilinu.

Reglum um ríkisaðstoð breytt innan ESB

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur kynnt áætlun um hvernig ESB getur tryggt aðgang að matvælum í ljósi innrásar Rússa í Úkraínu. ESB mun leyfa framleiðslu matvæla á hluta svæða sem höfðu áður verið frátekin fyrir lífrænan landbúnað. Um er að ræða 5%



af því landbúnaðarsvæði þar sem óheimilt er að nota skordýraeitur og jarðefnaáburð og þar sem framleiðsla er háð strangari skilyrðum. Reglum um ríkisaðstoð innan ESB hefur einnig verið breytt þannig að aðildarríkin geta stutt landbúnað með allt að 35.000 evrum í ríkisaðstoð til fyrirtækja í landbúnaðarrekstri, sem verða fyrir barðinu á kreppunni. Hámarkið var áður 20.000 evrur.

Staðan á Íslandi

Árið 2021 varð gífurleg hækkun á áburði í heiminum vegna hækkunar á orkuverði. Bændasamtökin áætla að áburðarreikningur íslenskra bænda árið 2022 hafi hækkað um 2.500-3.000 milljónir milli ára. Stjórnvöld hér á landi veittu 650 milljónir í stuðning til bænda, fyrr á þessu ári, til að koma til móts við þessa stöðu.

Á þessu ári hafa aðföng í landbúnaði haldið áfram að hækka og sér vart fyrir endann á þeirri þróun. Þannig eru flestar rekstrarvörur að hækka um 20-40% milli ára. Þar er hækkun á kjarnfóðri að koma sérstaklega illa við bændur sem er í sumum tilvikum um 30-60% rekstrarkostnaðar viðkomandi rekstraraðila. Það ríkir því mikil óvissa um afkomu bænda, sem sumir hverjir sjá ekki annað í stöðunni en að draga saman í sinni framleiðslu eða hætta. Mikilvægt er að eyða þessari óvissu sem fyrst.

Bændur þurfa strax að fá skýr svör um afurðaverð og stjórnvöld verða að leggja sitt af mörkum til að viðhalda framleiðslugetu íslensks landbúnaðar. Um það snýst fæðuöryggi fyrst og fremst.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Skálavík er vík yst í Ísafjarðardjúpi, skammt vestan við Bolungarvík, stutt og breið vík með fallegri sandfjöru fyrir opnu hafi. Þar er brimasamt og erfið lending. Grösugur dalur er upp af víkinni umlukinn fjöllum og hömrum. Nokkrir bæir voru við ströndina. Skálavík er nú í eyði en landið er nýtt á sumrin og húsin notuð sem sumarhús. Hægra megin á myndinni er bærinn Minnibakki. Mjög snjóþungt er í Skálavík og samgöngur voru erfiðar og snjóflóð tíð. Árið 1910 féll snjóflóð á Breiðaból í Skálavík. Fjórir menn biðu bana en fimm manns náðust lifandi eftir að hafa legið 40 klukkustundir í snjónum, þar á meðal 8 vikna gamalt barn. Margar skepnur fórust og útihús brotnuðu. Næsta byggð við Skálavík er Bolungarvík og er um tvær leiðir að ræða milli þeirra. Önnur er með sjó, þar sem heitir Stigahlíð, stórgrýtt og torfarin. Hin leiðin er um Skálavíkurheiði, um 10-12 km leið. Þar er akfært. Á Skálavíkurheiði þótti ekki gott að vera einn á ferð, síst í náttmyrkri eða vondum veðrum. Þar var sagður vera illur andi, sem seiddi vegfarendur til sín niður í svokallaða Mánafellsskál. Síðast varð þar banaslys 1994. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



Jörundur og Sif, stoltir geitabændur á bænum Hrísakoti í Helgafellssveit á Snæfellsnesi. Ef fólk hefur áhuga á að kaupa geitur af þeim, en þau mega selja um allt land, eða kaupa geitakjöt, er alltaf hægt að hafa samband við Sif í síma 898 1124. Mynd / MHH

Tannlæknir og háskólaprófessor með 80 geitur í Helgafellssveit

„Það er dásamlegt að vera geitabóndi því geiturnar eru svo skemmtilegar," segir Jörundur Svavarsson, háskólaprófessor og geitabóndi á bænum Hrísakoti í Helgafellssveit á Snæfellsnesi.

„Þetta eru mannelskar skepnur og þær eru svo klárar og taka upp á ýmsu en eru á sama tíma virkilega góðir vinir manns, þannig að það eru forréttindi að fá að vera geitabóndi."

Hann og kona hans, Sif Matthíasdóttir, sem er tannlæknir, eru með um 80 geitur og 50 kið. Þá eru þau með fullkomna kjötvinnslu á staðnum þar sem þau vinna afurðirnar af búinu og selja. Jörundur og Sif hafa búið á staðnum síðan 2009 og líkar ákaflega vel að búa í sveit. Búið þeirra er til fyrirmyndar hvað varðar snyrtimennsku.

„Ég held að við séum komin á toppinn núna, nú förum við að fækka geitunum. Við erum bæði komin á aldur og erum bara tvö að sýsla í þessu, þannig að nú förum við að hægja á okkur," segir Sif og hlær. */MHH*

Upplýsingaskilti um Flóaáveituna afhjúpað

Laugardaginn 21. maí var boðað til athafnar við Flóðgáttina í Flóa- num rétt hjá Brúnastöðum, en tilgangurinn var að afhjúpa nýtt söguskilti um Flóaáveituna og gefa veginum að áveitumannvirkjunum nafn.

Vegurinn fékk nafnið Þórsvegur til minningar um Þór Vigfússon, fyrrverandi skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurlands og áhugamann um Flóaáveituna. Ekkja hans, Hildur Hákonardóttir, afhjúpaði upplýsingaskiltið um veituna. Að því loknu var gestum boðið að inntaksmannvirki Flóaáveitunnar þar sem opnað var fyrir vatnið úr Hvítá í skurðina. Flóaáveitan fagnar 100 ára afmæli á þessu ári en þrjú hundruð kílómetrar af skurðum voru grafnir með höndunum um allan Flóann, sem náðu yfir tólf þúsund hektara lands. */MHH*



Guðni Ágústsson, sem stýrði samkomunni, Hildur Hákonardóttir, ekkja Þórs Vigfússonar og Björn G. Björnsson, sem hannaði nýja upplýsingaskiltið, hér við skiltið góða þar sem finna má mikinn og áhugaverðan fróðleik um Flóaveituna. Mynd / MHH

Háskólinn í Reykjavík:

Bleika sláttugrafan

Nemendur í orku- og véltækni- og vélaverkfræði við Háskólann í Reykjavík unnu fyrir skömmu verkefni sem fólst í að hanna, teikna og smíða vökvaknúinn skófluarm framan á vélknúna sláttuvél.

Gísli Freyr Þorsteinsson, umsjónarmaður vélaverkstæðis Háskólans í Reykjavík, leiðbeinandi verkefnisins, segir að sautján nemendur hafi komið að verkefninu og að þeir hafi leyst það á ellefu dögum.

Sláttuvél og gröfuarmur

„Verkefnið fólst í því að hanna, teikna og smíða vökvaknúinn smágröfuarm framan á vélknúna sláttuvél. Sláttuvélin sem unnið var með er sams konar þeim sem notaðar eru til að slá golfvelli og stórar grasflatir.

Vélinni var breytt þannig að hún er áfram sláttuvél en með viðbættum gröfuarmi og því líka nothæf sem grafa og því fjölnotatæki."

Krefjandi verkefni

Gísli segir að í upphafi verkefnisins hafi nemendurnir fengið sláttuvélina og þau fyrirmæli að hún ætti líka að vera grafa. „Verkefnið var mjög krefjandi en spennandi og nemendurnir leystu það mjög vel af hendi og græjan líklega sú eina í heimi af sinni gerð."



Almar Aðalsteinsson með slípirokk.



Mudder Cutter, eða Bleika sláttugrafan. Myndir / Skúli Andrésson

Að sögn Gísla stendur til að grafan verði tekin í notkun fljótlega úti á landi þar sem hún verður meðal annars notuð til að grafa fyrir girðingastaurum, brunni og slá grundir. */VH*

MÆLT AF MUNNI FRAM

298

Í síðasta þætti fengu lesendur aðeins að þefa af kveðskap **Þórarins Eldjárn**, sem fenginn var úr nýútkominni ljóðabók hans, „Allt og sumt". Til að létta lesturinn birtist meira úr smiðju Svarfdælingsins. Fyrstu vísu þáttarins nefnir skáldið einfaldlega „Leki":

Þetta er ósköp almenn speki
en þó rétt að flíka:
Víða þar sem verður leki
vill oft mygla líka.

Ósköp:

Margir hneykslast heimi í,
harma það sem tapast
en óskapast svo yfir því
sem er um leið að skapast.

Játning:

Hvílík raun í reynd,
já, rothögg ef út spyrðist:
Ég er með gervigreind
þó gáfaður ég virðist.

Svo „kórónum" við kaflann með **Þórarni** með tilvísun í veiruna sem verið hefur með okkur sl. 2 ár. Vísuna nefnir hann einfaldlega „Kvíkvíði":

Mér er ekki alveg rótt,
aðallega af því því
að fólkið mitt sér sótti sótt
og sendi mig í kví kví.

En gáum nú að gömlu efni. Eftir **Þorstein Guðmundsson** á Skálpastöðum í Borgarfirði eru næstu fjórar ósamstæðar vísur:

Það geta brugðist þagnarheit
þegar skiljast vegir,
ef þrennir vita, þjóðin veit
það sem enginn segir.

Drottinn skapti mig til manns
úr mold og leir og ryki,
var það ekki á ábyrgð hans
að ekki smíðin sviki?

Eg hef ferðast stað úr stað
og stöðugt fundið betur,
að sumarið getur synjað um það
sem mig dreymdi í vetur.

Það erfist, sem að ættin gaf
eins og dæmin sanna.
Dúfa kemur ekki af
eggjum hræfuglanna.

Það herma sagnir, að maður, austur-húnvetnskur, sem trúlofaður var **Rósu**, hafi lagst í rúmið er hún brá við hann heiti. Um það orti **Gísli Ólafsson**:

Margur ástvin missir sinn
misjafnt þó að eiri.
Gráttu ei Rósu, góði minn,
Guð hefur skapað fleiri.

Þrúður á Miðhúsum í Blönduhlíð kvað svo til næturgests, er hún bar honum þvottavatn að morgni:

Hér er greiða, svampur, sápa,
sett til reiðu vatns er ker.
Láttu freyða um skilnings skápa,
skarnið leiðast burt frá þér.

Jakob Ó. Pétursson fékk vini sínum **Tryggva Haraldssyni** það verkefni að fletta bílaskýrslum og merkja dísilbíla með rauðum lit. Eftir fyrstu eitt hundrað númerin var ekki merkt við eitt einasta númer. **Jakob** orti þá:

Allt er þetta í einum stíl,
aftur og fram um bækur vaðið.
Ennþá finn ég engan bíl
er ég þarf að skrá á blaðið.

Tryggvi svaraði um hæl:

Allt þó gangi út á hlið
eygja máttu framtíð bjarta.
Bráðum kemstu á betri mið,
blessaður, vertu ekki að kvarta.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR



Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, Guðmundur Ingi Guðbrandsson félags- og vinnumarkaðsráðherra og Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna. Mynd / ghp

Styrkur fyrir bændur:

Tryggir félagslegan stuðning við bændur

Guðmundur Ingi Guðbrandsson félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur veitt Bændasamtökunum styrk sem ætlað er að nota til sértækra aðgerða til að tryggja þjónustu og stuðning við viðkvæma hópa í kjölfar Covid-19 faraldursins.

Ráðherra og Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, undirrituðu samning þess efnis 12. maí síðastliðinn.

Búnaðarþing Bændasamtaka Íslands ályktaði um nauðsyn þess að til kæmi aukinn félagslegur stuðningur við bændur með það að markmiði að tryggja bændum aðgang að fræðslu og leiðbeiningum er varða forvarnir gegn andlegum sjúkdómum og viðbrögð við áföllum. „Nauðsynlegt er að bændur og aðstandendur hafi og þekki greiðar leiðir til sjálfsbjargar.

Þá er einnig mikilvægt að vitundarvakning um þessi mál eigi sér stað meðal bænda.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að bændur um heim allan eru útsettari fyrir atvinnutengdum sjúkdómum, bæði líkamlegum og andlegum, en aðrar starfsstéttir. Fjölmargir þættir hafa áhrif á heilsu fólks og full þörf er á að auka fræðslu og forvarnir um andlega og líkamlega heilsu þeirra sem starfa í landbúnaði. Langvarandi streita, heimsfaraldur og versnandi afkoma hafa reynt mjög á bændur undanfarin ár en það getur leitt til kulnunar og andlegra veikinda,“ segir í tilkynningu frá Bændasamtökunum.

Haft er eftir Gunnari Þorgeirssyni, formanni Bændasamtakanna, að það




Frá undirritun samningsins.

sé mikið áhyggjuefni að bændur leita síður hjálpar vegna geðheilsu sinnar.

„Vinnuumhverfi bænda er erfitt og krefjandi og það er afar brýnt að efla forvarnir og auka þekkingu á því hvernig megi bæta vinnuumhverfi þeirra. Bændur þekkja ekki styttingu vinnuvikunnar eða helgarfrí. Lífsstíll og heimilislíf bænda er samtvinnað vinnu þeirra með löngum og óreglulegum vinnustundum. Margir bændur búa líka lengra frá heilsugæslustöðvum og annarri sérfræðiþjónustu en aðrir. Þetta er lýðheilsumál sem við verðum að fara að ræða því kulnun og andleg vanlíðan á sér einnig stað innan þessarar starfsgreinar eins og annarra,“ segir Gunnar.

„Við höfum frá upphafi faraldursins lagt sérstaka áherslu á stuðning við viðkvæma hópa og við vitum að það hefur reynt mikið á bændur síðustu árin, en þeir eru mjög útsettir fyrir atvinnutengdum kvillum. Það er því einstakt ánægjuefni að geta stutt við þetta mikilvæga verkefni Bændasamtakanna,“ er haft eftir Guðmundi Inga Guðbrandssyni félags- og vinnumálaráðherra.

/ghp



Tveir gallagripir sæðingastöðvanna:

Gul fita og áhættuarfgerð

Á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) hefur verið upplýst að tveir sæðingastöðvahrútar sem hafa verið í notkun á undanförnum árum hafi reynst gallagripir.


Annar þeirra heitir Glæpon 17-809, en grunur vaknaði um að hann hafi gefið af sér afkvæmi með gula fitu eftir að tveir synir hans gáfu lömb síðasta haust sem metin voru gul í sláturhúsi. Hinn heitir Galli 20-875, sem kom nýr inn á sæðingastöð í desember, en hann reynist með áhættuarfgerð fyrir riðusmiti. Vegna mannlegra mistaka virðist sem sá hrútur hafi verið tekinn inn á sæðingastöð á fölskum forsendum.

Glæpon var felldur eftir þriggja ára notkun á sæðingastöðvunum en hann hafði verið í notkun árin 2018 til 2020. Bændur eru hvattir til að hafa samband við RML eða Matís ef grunur vaknar um að þessi galli sé til staðar í tiltekinni ræktunarhjörð. Sama á við um ef fæðast vansköpuð lömb sem rekja ættir til sæðingahrútanna að þá er mikilvægt að koma upplýsingum um það til RML.

Um helmingur afkvæma Galla sem nú fæðast um allt land mun bera áhættuarfgerðina og er mælst til þess að afkvæmi hans sem koma til álita næsta haust sem ásetningslömb, séu arfgerðargreind svo áhættuarfgerðin sé ekki framræktuð.

Gallinn verður ljós þegar búið er að lóga

Eyþór Einarsson, sauðfjárræktarráðunautur hjá RML, segir að gul fita sé fyrst og fremst útlitsgalli, en sé meinlaus og hafi ekki áhrif á bragð. Mjög slæmt sé að dreifa slíkum galla en hingað til hafi verið erfitt að sjá þetta fyrir. „Þessi galli kemur ekki fram fyrr en búið er að lóga gripnum og sýnir sig eingöngu hjá gripum sem eru arfhreinir fyrir gallanum. Þannig að ef fram koma lambsskrokkar sem eru gulir, er ljóst að bæði faðir og móðir bera þennan erfðagalla. Góðu fréttirnar eru þær að nú eygir loks í að hægt sé að prófa gripi fyrir þessum erfðagalla með DNA prófi. Við höfum verið að vinna með Matís í því að þróa próf fyrir þessu, en það er ekki langt síðan að erlendir





vísindamenn fundu gen sem virðast stjórna þessari arfgerð. Prófað hefur verið að greina sýni úr Glæpon og virðist hann arfblendinn fyrir gulri fitu. Grunur vaknaði þegar í ljós kom að tveir synir hans gáfu gula skrokka. Þannig að það eru býsna sterkar líkur á því að Glæpon sé sekur,“ segir Eyþór.

Tekinn inn á stöð á röngum forsendum

Eyþór segir að mál Galla 20-875 frá Hesti sé líklega vegna mannlegra mistaka. „Upphaflega er tekið sýni úr Galla ásamt öðrum tilvonandi ásetningshrútum á Hesti haustið 2020. Þá voru greind þessi tvö hefðbundnu sæti, 136 og 154, á príongeninu. Reyndist Galli hlutlaus í þeim sætum og tekinn inn á sæðingastöð á þeim forsendum. Síðan tókum við sýni úr honum nú í vetur, til að greina hin fjögur sætin á príongeninu sem nú eru til skoðunar. Þá kemur önnur niðurstaða, það er að segja að hann reynist með áhættuarfgerð í sæti 136. Ákváðum við að tilkynna þetta strax þar sem menn hafa verið að taka sýni í vor vegna arfgerðargreininga á príonpróteininu.

Hins vegar eigum við eftir að fara aðeins betur ofan í saumana á því hvar þessi skekkja liggur.

Ábyrgð og skaðabætur

Áður en hrúturinn verður felldur verður hann bæði greindur einu sinni enn með tilliti til þess hvort þetta sé nú ekki 100 prósent rétt að hann sé með þessa áhættuarfgerð og hins vegar ætterni staðfest með DNA greiningu. Þegar búið er að skoða þetta betur er a.m.k. hægt að átta sig á því hvað hefur farið úrskeiðis,“ segir Eyþór.

Spurður um hvar ábyrgð liggi og mögulegar skaðabætur, segir Eyþór að fyrst sé rétt að átta sig á því hvar villurnar liggja. „Fjárhagslegt tjón bænda vegna þessa máls felst aðallega í greiningum á sýnum úr lömbum undan Galla, þannig að tryggt sé að áhættuarfgerðin sé ekki framræktuð en helmingur afkvæmanna ætti að vera í lagi.

Væntanlega munu margir stefna að því hvort sem er að greina alla þá hrúta sem koma til álita sem ásetningshrútar á komandi hausti.“ Varðandi gulu fituna og aðra erfðagalla þá held ég að sé langsótt að gera einhvern skaðabótaskyldan fyrir slíkum uppákomum. Sæðið yrði þá bara að vera dýrara ef ætti að vera einhver skaðabótasjóður til hjá sæðingastöðvunum. Þetta er bara áhætta sem fylgir ræktunarstarfinu og menn eru að sjálfsögðu að gera sitt besta til að forðast.

Við erum þó að vinna í því að öðlast vopn til að geta greint þessa erfðagalla. Í gegnum sæðingarnar höfum við framræktað stofninn í heild með ákaflega góðum árangri. Við eigum hér einstaklega harðgeran stofn sem jafnframt er vel gerður með tilliti til holdfyllingar og skilar miklum afurðum. Sæðingastarfsemin hefur verið einn af lykilþáttunum í því að ná þessum framförum í stofninum – við skulum ekki gleyma því,“ segir Eyþór. */smh*

Ársfundur Landbúnaðarháskóla Íslands:

Nemendafjöldi tvöfaldaðist

Nemendafjöldi Landbúnaðarháskóla Íslands hefur tvöfaldast frá árinu 2019.

Það kom fram í máli Ragnheiðar Þórarinsdóttur, rektors LbhÍ, á ársfundi skólans þann 20. maí sl.

Landbúnaðarháskóli Íslands heldur úti þremur fagdeildum sem bjóða upp á starfsmenntanám á framhaldsskólastigi, grunnnám, meistaranám og nám til doktorsgráðu. Nemendum hefur fjölgað þvert á námsstig og deildir og eru nemendur nú um 600 talsins.

Í ræðu Ragnheiðar kom enn fremur fram að tekjur úr samkeppnissjóðum hafi nær þrefaldast frá árinu 2018 og námu um 330 milljónum króna árið 2021.

„Auknar tekjur til rannsókna hefur gert Landbúnaðarháskólanum kleift að fjölga starfsfólki og framhaldsnemendum.

Þar með styrkist öll starfsemin, þ.m.t. kennslan á öllum námsstigum þar sem doktorsnemendur taka virkan þátt í kennslunni og þróun námsins.

Styrkir til rannsókna hafa einnig



Gífurlegur áhugi er fyrir landbúnaðartengdu námi og hefur nemendafjöldi í Landbúnaðarháskóla Íslands aukist þvert á námsleiðir. Mynd / LbhÍ

stutt beint við innviðauppbyggingu og tækjakaup. Með vaxandi rannsóknastarfsemi eflist alþjóðastarf, fjöldi ritrýndra greina hefur aukist marktækt milli ára og gert starfið sýnilegra á alþjóðavettvangi. Í dag starfa 24 sérfræðingar við skólann frá 15 löndum og þá eru ekki meðtaldir meistaranemendur og nemendur sem eru hér sem skiptinemar,“ sagði Ragnheiður á ársfundinum.

Í stefnu skólans fyrir tímabillið 2019–2024 kemur fram að efla eigi nýsköpun, rannsóknir og kennslu, tryggja skilvirka nýtingu innviða, efla liðsheildina og kynna starfið fyrir almenningi og hagaðilum. */ghp*

limtrevirnet.is

STEINULLAR-EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk framleiðsla með stuttum afhendingartíma.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- CE vottaðar steinullareiningar samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVirnet

ÍSLENSKT

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTIR

Arnar Már Elíasson, settur forstjóri Byggðastofnunar:

Lánskjör Byggðastofnunar eru samkeppnishæf

– Bændum er nú heimilt að breyta verðtryggðum lánum í óverðtryggð

Stjórn Byggðastofnunar setur almennar reglur um lánakjör hennar með það markmið að leiðarljósi að tryggja aðgang landsbyggðarfólks að langtímalánum á sem hagstæðustum kjörum.

Samkeppnishæfni Byggðastofnunnar á lánakjörum til bænda hefur því verið mönnum hugleikin, þá hvernig þau standa á móti þeim kjörum og vöxtum er bjóðast á almennum markaði.

„Byggðastofnun er samkeppnishæf í vaxtakjörum að mínu mati," tekur Arnar til máls, „en hefur reyndar aðeins dregist aftur úr í verðtryggðum vöxtum. Ástæðan er sú að stofnunin er sjálf með verðtryggð skuldabréf sem hún getur ekki endurfjármagnað og þar af leiðandi getum við ekki endurfjármagnað lán viðskiptavina okkar úr verðtryggðum kjörum í óverðtryggð því það myndi þá setja okkar verðtryggingajöfnuð í ójafnvægi.

Það er ástæðan fyrir því að við höfum ekki getað heimilað bændum - sem hefur verið mikil krafa um - að breyta lánunum sínum úr verðtryggðum í óverðtryggð. Hins vegar var stjórnin að samþykkja á stjórnarfundi í byrjun maí að slíkar breytingar væru nú heimilar þegar verðtryggingajöfnuðurinn leyfir.

Staðan er þannig núna," segir Arnar, „að Byggðastofnun er að taka ný lán, sem gera okkur kleift að koma verðtryggingajöfnuðinum í jákvæða átt um sirka 800 milljónir. Það gerir það að verkum að við getum skilmálabreytt um 800 milljónum af verðtryggðum lánum bænda, sem væri mjög einfalt verk að gera nema hvað að verðtryggð lán bænda í lánasafni Byggðastofnunar eru um 6 milljarðar.

Þá stöndum við frammi fyrir því hvernig við eigum að koma þessum 800 milljónum út með jafnræði og gagnsæi í huga. Auðvitað eru ekki allir bændur sem kjósa að færa sig frá verðtryggðum lánum yfir í óverðtryggð, enda munu slíkar breytingar hækka mánaðarlega greiðslubyrði þeirra svo um munar, eða um 125 þús. kr. af 50 m.kr. láni.

Við sjáum fyrir okkur að heimila slíkar breytingar bændum sem tóku lán fyrir árið 2020, en þá fórum við að bjóða óverðtryggð landbúnaðarlán. Þeir bændur sem tóku verðtryggð landbúnaðarlán eftir þann tíma höfðu val um óverðtryggð eða verðtryggð á meðan hinum sem tóku lán fyrr bauðst einungis að taka verðtryggð lán. Þar af leiðandi heimilum við þessum aðilum að sækja um skilmálabreytingu núna og hinum þá í seinni atrennum þegar jöfnuðurinn leyfir það, en vonandi verður aftur í boði svipuð upphæð á næsta ári."



„Takmark okkar með lánveitingum er að veita lán í dreifðari byggðir þar sem hugsanlegt aðgengi að lánsfé á markaði er þyngra," segir Arnar Már Elíasson, settur forstjóri Byggðastofnunar. Mynd / SP

Kjör og samkeppnishæfni óverðtryggðra lána

„En svo varðandi kjörin sjálf," heldur Arnar áfram. „Eins og áður sagði höfum við aðeins setið eftir í verðtryggðu kjörunum. Vextir í landinu fara hækkandi eins og er, og munurinn á milli verðtryggðra og óverðtryggðra kjara Byggðastofnunar hefur minnkað. Óhagræðið við óverðtryggt lán er að í kjölfar vaxtahækkunar, hækkar mánaðarleg greiðslubyrði mjög skarpt strax, en gerist mun síðar er kemur að verðtryggðum lánum vegna þess að verðtryggingin leggst ofan á höfuðstólinn og dreifist yfir lánstímann. Það gerir það þó að verkum að verðtryggða lánið er mun dýrara á heildina litið, en greiðslubyrðin sem slík meðfærilegri. Því er viðbúið, í því vaxtastigi og miklu vaxtahækkunum sem við búum við núna, að afborganirnar af óverðtryggðum lánum verði þungar og því mikilvægt að huga að greiðslugetunni.

Óverðtryggðu kjörin okkar eru þó klárlega samkeppnishæf og við greinum það í gríðarlegri eftirspurn.

Landbúnaður er langstærsta atvinnugreinin í lánasafni Byggðastofnunar og lánin núna rúmir níu milljarðar, eða rétt tæpur helmingur af lánasafninu.

Alls er lánasafn Byggðastofnunar rétt rúmir 20 milljarðar og hefur tvöfaldast síðan 2016.

Þessi tvöföldun er að langmestu leyti drifin áfram af landbúnaði og ferðaþjónustu, en tvennt má telja að valdi þessu. Annars vegar það að bændur í mjólkurframleiðslu þurfa að taka ákvörðun um hvort þeir ætli að fara í lausagöngufjós samkvæmt nýrri reglugerð, eða hætta í mjólkurframleiðslu.

Gamla fyrirkomulagið með básafjósunum er að renna sitt skeið og ný reglugerð gerir það að verkum að bændur verða að vera með lausagöngufjós. Það er stór og dýr framkvæmd sem ég tel að skýri að mestu leyti þessa gríðarlegu aukningu á lánveitingum frá Byggðastofnun."

Kaup yngri kynslóðarinnar
á bújörðum

„Hins vegar svo, að árið 2020 fórum við að bjóða upp á sérstök kynslóðaskiptalán í landbúnaði. Ástæðan var sú að erfitt er oft fyrir unga bændur að kaupa sér bújarðir. Þær eru dýrar og hafa leikreglurnar verið þannig á fjármögnunarmarkaði að hefðbundin eiginfjárkrafa í lánveitingum er yfirleitt 25% á móti 75% láni.

Fjárfestingasjóður Evrópu var stofnaður í júní 1994 til að styðja við markmið Evrópubandalagsins með því að hvetja til fjárfestinga í samevrópskum netum og að lítil og meðalstór fyrirtæki nái umhverfismarkmiðum.

Sem dæmi þurfa þá ungir bændur sem kaupa sér bújörð fyrir hundrað milljónir að eiga 25 milljónir í eigið fé – og það er eðlilega oftar en ekki erfið krafa. Fólk hefur til dæmis verið að brúa þetta bil með því að fá seljendalán frá núverandi eigendum búsins – sem gerir það aftur að verkum að vegna seljendalánsins eiga seljendur þá sjálfir í vanda með aðra búsetukosti.

Við fórum því af stað með 90% lán með tilkomu ábyrgðakerfis Fjárfestingasjóðs Evrópu, (EIF). Þá er hámarks veðsetning allt að 90% í tilfelli kynslóðaskipta."

Markmið með lánveitingum

„En aftur varðandi vextina, þá stendur öllum bændum til boða að taka verðtryggt eða óverðtryggt lán. Vonandi gefst okkur kostur á að laga verðtryggðu kjörin á næstunni. Við reynum alltaf að vera samkeppnishæf í kjörum og tökum sérstaka umræðu um vexti í stjórn tvisvar sinnum á ári, oftar ef þurfa þykir. Ræðum þar vaxtaumhverfið á Íslandi, förum yfir okkar fjármögnun, hvort að einhvers staðar sé þörf á að endurskoða vaxtakjör og hvaða möguleika við höfum út frá því fjármagni sem við höfum. Vaxtabreytingar og vaxtaumræða er því mjög tíð hjá Byggðastofnun enda er okkar markmið að bjóða landsbyggðunum öllum samkeppnishæf kjör. Takmark Byggðastofnunar með lánveitingum er að veita lán í dreifðari byggðir þar sem hugsanlegt aðgengi að lánsfé á markaði er þyngra, en það er ekki mikil hjálp í því að veita lán í dreifðari byggðir á slæmum kjörum.

„Það er því markmiðið hjá okkur," lýkur Arnar máli sínu, „og það sem við glímum við daglega – að geta veitt lán á jaðarsvæðin á sambærilegum lánakjörum og eru í þéttbýlinu." */SP*

Skoðun dagsins:
[Það er betra að vera skjótur en skjóttur]

Nældu þér í óumdeildari skoðun, komdu með hestakerruna á næstu skoðunarstöð og hafðu hana klára fyrir vorið og sumarið.
Sími 570 9090 • www.frumherji.is
Frumherji

Bræðurnir frá Stíghúsi Stardal og Steinn

Verða í Enni, Viðvíkursveit, Skagafirði sumarið 2022

Ábúendur gefa frekari upplýsingar og taka við pöntunum.
Eindís/893-6461 – Halli/822-8961 – Alda/659-1083.
Verð á toll er 100.000 kr. með öllu.



Umsögn þálfara

„Stardal, sem er 5 vetra, kom í þjálfun til mín í haust. Hann er ákaflega traustur og ljúfur hestur með einstakt geðslag. Hann er skrefstór og hreyfingarmikill. Hver reiðtúr er skemmtilegur og gefandi og alltaf kem ég kát og glöð úr hverjum reiðtúr. Þessi hestur held ég að eigi framtíðina fyrir sér á keppnisbrautinni.“

Vigga Matt

Ættartré

Álfarinn frá Syðri-Gegnishólum (8.65)	Keilir frá Miðsitju (8.63)	Ófeigur frá Flugumýri (8.19)
		Krafla frá Sauðárkróki (8.26)
	Álfadís frá Selfossi (8.31)	Adam frá Meðalfelli (8.24)
		Grýla frá Stangarholti (7.69)
Álöf frá Ketilsstöðum (8.15)	Álfur frá Selfossi (8.46)	Orri frá Þúfu í Landeyjum (8.34)
		Álfadís frá Selfossi (8.31)
	Hefð frá Ketilsstöðum (8.03)	Skrúður frá Framnesi (7.92)
		Vakning frá Ketilsstöðum (8.02)



Umsögn þálfara


„Steinn, sem er 4ra vetra, kom í tamningu og þjálfun til okkar síðastliðið haust. Steinn er stór og mikill hestur, háfættur og léttbyggður. Hann er ca. 150 cm á stöng. Steinn er að okkar mati með einstakt geðslag, samvinnuþýður og vilja til að gera það sem knapinn biður um. Hann er alhliða hestur sem við væntum mikils af í framtíðinni.“

Birgitta og Þorgeir

Ættartré

Orri frá Þúfu í Landeyjum (8.34)	Arður frá Brautarholti (88.49)	Vökull frá Efri-Brú (8.37)
Askja frá Miðsitju (8.36)		
Kolfinnur frá Kjarnholtum (8.45)	Kjalvör frá Efri-Brú (7.9)	
Vænting frá Efri-Brú (8.11)		
Orri frá Þúfu í Landeyjum (8.34)	Álfur frá Selfossi (8.46)	Álöf frá Ketilsstöðum (8.15)
Álfadís frá Selfossi (8.31)		
Skrúður frá Framnesi (7.92)	Hefð frá Ketilsstöðum (8.03)	
Vakning frá Ketilsstöðum (8.02)		

FRÉTTIR



Úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða dreifast víða um land.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða:

Alls 548 milljónum króna úthlutað til 54 verkefna

– Fossabrekkur og Norðurfjarðarhöfn fá mest

Úthlutað hefur verið ríflega 548 milljónum króna fyrir árið 2022 úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Lilja Dögg Alfreðsdóttir ferðamála-, menningar- og viðskiptaráðherra úthlutaði fénu á dögunum, en alls fengu 54 verkefnið styrki að þessu sinni.

Framkvæmdasjóðurinn fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila. Mikill árangur hefur náðst í starfi sjóðsins í að bæta innviði um land allt og auka getu svæðanna til að taka á móti ferðamönnum.

Hlaðborð menningar, nýsköpunar og ferðaþjónustu

„Íslensk ferðaþjónusta hefur nýtt tímann vel undanfarið, þrátt fyrir flóknar áskoranir, og staðið vel og rækilega að uppbyggingu. Það þýðir að hringinn í kringum landið hafa verið byggðir upp einstakir áfangastaðir og í öllum landshlutum má finna hlaðborð menningar, nýsköpunar og ferðaþjónustu. Mig langar að hvetja ykkur öll til að ferðast um Ísland, heimsækja stórfenglega náttúru okkar og upplifa menninguna hringinn í kringum landið," segir Lilja Dögg Alfreðsdóttir ferðamálaráðherra.

Öryggi, bætt aðgengi, náttúruvernd

Verkefnin sem hljóta styrk eru að vanda afar fjölbreytt en hverfast öll um öryggi ferðamanna, bætt aðgengi, bætta innviði, náttúruvernd og sjálfbærni. Ráðherra hyggst heimsækja fjölda áfangastaða sem hafa fengið styrki úr sjóðnum á undanförnum árum á kjörtímabilinu.

Hæsti einstaki styrkurinn er upp á 55 milljónir króna, en þar er um að ræða styrk vegna hönnunar og framkvæmda við Fossabrekkur sem mun auka öryggi ferðamanna og aðgengi þeirra að náttúrunni. Einnig var úthlutað styrk að upphæð 55 milljónir króna vegna öryggismála og aðgengis að Norðurfjarðarhöfn. Styrkurinn mun nýtast til framkvæmda sem hámarka upplifun gesta, tryggja öryggi þeirra og efla samfélagið í Norðurfirð. Lögð verður áhersla á að vinna með vistvænar lausnir í framkvæmdum og í öllum innviðum.

Einnig má nefna að Katla jarðvangur fær tæpar 36 milljónir til að ljúka hönnun og deiliskipulagi vegna framkvæmda við stíg ásamt útsýnishól vegna Eyjafjallagossins. Úthlutað var tæpum 23 milljónum króna vegna útsýnis- og áningarstaðar á austurbakka Stuðlagils. */MÞÞ*



Sigga á Grund með íslenska hestinn sem hún hefur skorið út í öllum sínum fimm gangtegundum. Myndir / MHH

Sigga á Grund hefur skorið út íslenska hestinn í öllum sínum gangtegundum

Sigríður Jóna Kristjánsdóttir, eða Sigga á Grund eins og hún er oftast kölluð, hefur skorið út íslenska hestinn í öllum sínum gangtegundum og þykja hestarnir mikil listasmíð. Eru þeir nú til sýnis í Tré og list í Flóahreppi.

„Ég er mjög lukkuleg og ánægð með að vera loksins búin að þessu en þetta hefur tekið mig mörg hundruð klukkustundir," segir Sigga á Grund, útskurðarmeistari í Flóanum.

Mjög sátt við útkomuna

„Þeir sem hafa séð hestana í Tré og list hér í Flóahreppi eru mjög ánægðir og hafa hrósað mér mikið fyrir verkið. Þetta var virkilega skemmtilegt og ég er mjög sátt við útkomuna."

Síðasta gangtegundin, sem Sigga skar út var töltið. Allir hestarnir eru skornir meira og minna út í Linditré. Hestarnir eru nú til sýnis í Tré og list en fara svo aftur heim á Grund.



Sigga á Grund með töltarann sinn, sem hún hefur nýlokið við að skera út og er hæstánægð með.

Ekki til sölu

„Nei, nei, þeir eru ekki falir, ég ætla að eiga þá og njóta þess að horfa á þá heima," segir Sigga og skellihlær. */MHH*



Búið er hanna tvö bílastæði við tvo útsýnisstaði, skipuleggja og hanna merkingar á svæðinu og hanna göngustíga og öryggisráðstafanir við björgin.

Aðstaða og öryggi ferðamanna við Ketubjörg verður bætt

Til stendur að hefja framkvæmdir við að bæta aðgengi og aðstöðu fyrir ferðamenn við Ketubjörg en svæðið nýtur vaxandi vinsælda ferðamanna og því mikilvægt að bregðast við því.

Sveitarfélagið Skagafjörður fékk úthlutað styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, tæplega 24 milljónum króna vegna þessa verkefnis.

Búið er hanna tvö bílastæði við tvo útsýnisstaði, skipuleggja og hanna merkingar á svæðinu og hanna göngustíga og öryggisráðstafanir við björgin. Verkefnið fellur vel að áherslum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða þegar kemur að stýringu ferðamanna, áfangastaðaáætlunum, náttúruvernd og öryggi, segir á vefsíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Og einnig að notast verði við efni sem fellur vel að umhverfinu við gerð bílastæðanna og gönguleiðanna. */MÞÞ*



Með viljayfirlýsingunni lýsa Stykkishólmsbær og Hólmurinn ehf. því yfir að vera sammála um að vinna í sameiningu að frumgreiningu möguleika til strandeldis á steinbít í nágrenni Stykkishólms í samstarfi við Matís. Mynd / MÞÞ

Stykkishólmsbær og Hólmurinn ehf.:

Greina möguleika á strandeldi á steinbít

Viljayfirlýsing um landeldi og sjálfbæra framleiðslu matvæla á grunni grænna iðngarða hefur verið undirrituð, en það var annars vegar Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi, og hins vegar Siggeir Pétursson, fyrir hönd Hólmsins ehf., sem skrifuðu undir yfirlýsinguna. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur staðfest hana.

Með viljayfirlýsingunni lýsa Stykkishólmsbær og Hólmurinn ehf. því yfir að vera sammála um að vinna í sameiningu að frumgreiningu möguleika til strandeldis á steinbít í nágrenni Stykkishólms í samstarfi við Matís ohf. á grunni samkomulags Stykkishólmsbæjar og Matís ohf. um aukna verðmætasköpun í Stykkishólmi. Að verkefninu standa systkinin og Hólmararnir Lára Hrönn og Siggeir Pétursbörn. Þetta kemur fram á vefsíðu Stykkishólmsbæjar.

Bærinn útvegi landsvæði

Þar segir að sérstök áhersla verði lögð á greiningu vatns- og orkuþarfar og möguleika á innlendum fóðurgjafa sem fellur til við vinnslu á sjávarafurðum á svæðinu. Samkvæmt yfirlýsingunni verður í byrjun lögð áhersla á að bærinn útvegi Hólminum landsvæði án endurgjalds til tímabundinna afnota til uppsetningar á eldiskerum og búnaði vegna tilraunarinnar. Hólminum er ætlað að afla nauðsynlegra leyfa fyrir undirbúning, uppbyggingu, framkvæmd og rekstur fyrirhugaðs landeldis, enda ber fyrirtækið ábyrgð á verkefninu.

Gefin verður út skýrsla í samvinnu við Matís ohf. að verkefni loknu þar sem fýsileiki steinbítsáframeldis er metið út frá fjárhags-, markaðs-, umhverfis-, tækni- og lagalegum áskorunum. Áhersla verður lögð á sjálfbæra nýtingu auðlinda og byggja á hugmyndafræði grænna iðngarða um samnýtingu orku- og efnisstrauma. */MÞÞ*

Master Lock



Master Lock 5441EURD
Bluetooth lyklageymslubox,
opnast með farsíma
26.784 kr.

Master Lock



Master Lock 5412EURD
lyklageymslubox – öryggis
7.285 kr.

Master Lock





Master Lock
Bluetooth hengilásar,
opnast með farsíma, tvær stærðir
9.889 kr. og 12.400 kr.

Master Lock



Master Lock
veðurþolinn öryggishengilás
3.255 kr.

ÖRYGGI HEIMA OG Í BÚSTAÐNUM

Allir vilja koma að eignum sínum eins og þeir skildu við þær og tryggja öryggi sitt og sinna sem best.
Því er sjálfsagt að grípa til varúðarráðstafana eins og að nota trausta lása, setja upp þjófavarnarkerfi, slökkvitæki og að sjálfsögðu reykskynjara. Margs konar öryggisvörur og lásar fást í úrvali hjá Lykillausnum.

ognlochron



OSEC slökkvitæki
6 kg duft 4.681 kr.
6 ltr. léttvatn/froða 7.595 kr.

Fina



FINA
optískur reykskynjari
1.116 kr.

Fina



FINA
eldvarnarteppi
1x1 metri 1.116 kr.

Yale



YALE Alarmed 16,3 ltr.
verðmætaskápur
10.354 kr.

Yale



YALE SR-3200
þráðlaust þjófavarnarkerfi
71.300 kr.

Yale



YALE OUTDOOR 1049040
myndavél 4MP, Full HD, Wi-Fi
24.769 kr.

phoenix
SAFE COMPANY LIMITED



Phoenix
lyklaskápar m/talnalás
fyrir 48 lykla: 18.910 kr.
fyrir 30 lykla: 16.864 kr.



Innbrotavarnir á hurðir
mismunandi stærðir,
frá 3.782 kr.



Dulimex
læsanleg stormjárn, 3 litir
3.999 kr.

VÉLAR & VERKFÆRI

vv.is

LYKIL LAUSNIR
Lyklasmíði & öryggiskerfi

lykillausnir.is

FRÉTTIR



Alma D. Möller og Valdimar O. Hermannsson undirrita samning um Heilsueflandi samfélag á Blönduósi. Mynd / Aðsend

Heilsueflandi samfélög í Húnavatnssýslum

Blönduósbær og Húnaþing vestra hafa gerst aðilar að Heilsueflandi samfélagi. Alma D. Möller landlæknir var á ferðinni þar á dögunum og undirritaði samning ásamt sveitarstjórum, þeim Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttur í Húnaþingi vestra og Valdimar O. Hermannssyni á Blönduósi.

Meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Í slíku samfélagi er heilsa og líðan íbúa í fyrirrúmi í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum. Með samningnum skuldbinda sveitarfélögin sig til að innleiða markmið Heilsueflandi samfélags í sveitarfélaginu í samræmi við samninginn.

„Með undirskrift samnings um Heilsueflandi samfélag einsetja sveitarfélög sér að vinna markvisst lýðheilsustarf, í samræmi við markmið og leiðarljós Heilsueflandi samfélags með stuðningi frá Embætti landlæknis og öðrum sem að starfinu koma. Í markvissu lýðheilsustarfi er bilið á milli gagna, stefna og aðgerða brúað með því að nota lýðheilsuvísa, gátlista og önnur gögn til að meta stöðuna og forgangsraða í samræmi við þarfir hvers samfélags. Miðlægt vefkerfi, sem er í þróun, styður samfélög í að halda utan um starfið, meta framvindu þess og miðla áfram," segir á vef Húnaþings vestra. */MÞÞ*



Ungur Grímseyingur, Konráð Sveinn Svafarsson, tók fyrstu skóflustunguna að nýrri kirkju í Grímsey. Mynd / Arna Björg Bjarnadóttir

Grímsey:

Skóflustunga tekin að nýrri kirkju

Framkvæmdir eru hafnar við byggingu nýrrar kirkju í Grímsey, en fyrsta skóflustungan var tekin nýlega. Miðgarðakirkja í Grímsey brann til grunna ásamt öllum kirkjumunum á liðnu hausti og var mikið reiðarslag fyrir Grímseyinga.

Þeir voru þó strax staðráðnir í að reisa nýja kirkju og hófu undirbúning og söfnun að byggingunni, sem rísa mun á grunni þeirrar gömlu. Nýja kirkjan verður nokkuð stærri en sú eldri, en hún mun, auk þess að þjóna helgihaldi, einnig gegna hlutverki menningarhúss.

Sr. Oddur Bjarni Þorkelsson, sóknarprestur Grímseyinga, flutti stutta hugvekju þegar fyrsta skóflustunga var tekin, en það var ungur Grímseyingur, Konráð Sveinn Svafarsson, sem það gerði. Að því loknu var boðið upp á veislukaffi að hætti Grímseyinga. Áætlað er að vígja nýja kirkju sumarið 2023.

Enn vantar fjármagn

„Bygging nýrrar kirkju er viðamikið samfélagslegt verkefni sem Grímseyingar leggja nú allt kapp á að verði að veruleika. Þegar hafa safnast nokkrir fjármunir til byggingar hinnar nýju kirkju og eru eyjarskeggjar afar þakklátir öllum þeim sem hafa lagt verkefninu lið. Grímseyingar standa þó frammi fyrir þeirri staðreynd að enn vantar nokkurt fjármagn til framkvæmdarinnar og hafa af því tilefni opnað söfnunarsíðuna grimsey.is/kirkja," segir í frétt vegna framkvæmdanna. */MÞÞ*



Siggi Björns og Franziska Günther með tónleikaröð á Íslandi í maí og júní:

Með eigin lög og mátulega sannar lygasögur

Flateyringurinn Siggi Björns ætlar að gleðja landann með spili og söng í nær þriggja vikna tónleikaferð um Vesturland og Vestfirði ásamt Franzisku Günther. Þau voru líka hér á ferð á síðasta ári og héldu þá tónleika víða um land.

Fyrir Íslandsferðina var Siggi að spila í Norður-Þýskalandi.

Siggi Björns hefur síðan 1988 lifað á spilamennsku úti um allar trissur. Hann er frá Flateyri og ólst upp þar eins og aðrir púkar fyrir tíma dagheimila, við höfnina og í beitningarskúrunum. Síðan á unglingsárunum hefur gítarinn aldrei verið langt undan þó að það hafi lengi vel ekki verið hugmyndin að lifa af gítargutli. Síðustu árin hefur hann verið í Berlín og alltaf á ferðinni.

Er orðin goðsögn á dönsku eyjunni Borgundarhólmi

Síðan 1990 er Siggi búinn að spila öll sumur á dönsku eyjunni Borgundarhólmi og er enn að, enda orðin eins konar goðsögn þar. Þar hitti hann Franzisku Günther fyrst. Hún var þá unglingur sem var farin að reyna fyrir sér við að troða upp með gítarinn. Í gegnum árin héldu þau alltaf sambandi og þegar Siggi kom til að spila í Waren Müritz í Norður-Þýskalandi, þar sem Franziska bjó, var hún alltaf dregin með á sviðið.

Franziska er búin að gera það gott síðustu árin á þýskum sviðum og annars staðar í Evrópu með sinni tónlist. Titillagið af síðasta geisladisk Franzisku, ***„Besser wenn der Kopf Nicht Hängt"*** lá í sjö mánuði á topp tíu á lista yfir frásagnar- og þjóðlagatónlist í Þýskalandi.

Síðustu sex ár hafa Siggi og Franziska unnið mikið saman og spilað vítt og breitt um Norður-Evrópu. Þau hafa samið þó nokkuð af efni saman og gefið út. Í maí 2021 kom sólódiskur frá Sigga og eru flest lögin skrifuð í samvinnu við Franzisku.

Á tónleikum spila þau að mestu efni úr eigin smiðju og mátulega sannar sögur því til stuðnings.

Íslandstúr 2022:

24.05. Reykjavík - Hús Máls og menningar
28.05. Hellissandur - Frystiklefinn
29.05. Stykkishólmur - Vatnasafnið
03.06. Flateyri - Vagninn (+Svavar Knútur)
05.06. Bíldudalur - Vegamót (+Svavar Knútur)
09.06. Bolungarvík - Einarshúsið
10.06. Hólmavík - Café Riis



Flateyringurinn Siggi Björns og Franziska Günther eru nú á tónleikaferðalagi um Vesturland og Vestfirði. Þau hófu túrinn í Húsi Máls og menningar í gær, miðvikudaginn 24. maí, og enda þessa ferð þann 10. júní með tónleikum á Café Riis á Hólmavík.



Siggi, Franziska og Magnús að spila í miðju Covid-fári, inn á rafræna útgáfu sem flutt var á hátíðinni Stútungi sem haldin var á Flateyri á síðasta ári.



Siggi og Franziska á Tónleikum í Grindavík í maí 2021. Mynd / HKr.

Þess má geta að eftir tónleikana í Bolungarvík, eða laugardaginn 11. júní, munu þau líka koma fram í skemmtiprógrammi fyrir sjómannadag í Félagsheimilinu í Bolungarvík.

Spilar með syninum á tónleikum í Þýskalandi eftir Íslandsferðina

„Eftir Íslandsferðina verðum við eina helgi í Þýskalandi, þar sem við spilum tvenna tónleika," sagði Siggi í samtali við Bændablaðið.

„Sonur minn Magnús, sem er aðeins fjórtán ára, spilar þar með okkur á trommur. Síðan höldum við ferðinni áfram til Borgundarhólms þar sem ég verð í allt sumar. Franziska verður með mér þar í nokkrar vikur en er svo á ferðinni ein á festivölum í Þýskalandi fram á haustið," segir tónlistarmaðurinn Siggi Björns. */HKr.*

Handverkshátíðin á Hrafnagili verður endurskipulögð:

Engin hátíð á komandi sumri

Engin Handverkshátíð verður á komandi sumri á Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit. Ákveðið hefur verið að ráðast í endurskipulagningu á hátíðinni, en félögin sem að henni hafa staðið finna fyrir breyttu landslagi eftir kórónuveirufaraldurinn.

Fram kemur á vef Eyjafjarðarsveitar að til að þróast í takt við óskir og hugmyndir sem fram hafa komið þurfi að vanda til verka, óska eftir umsögnum og hugleiðingum sýnenda, fastagesta og annarra þeirra sem þátt hafa tekið í sýningarhaldinu.

„Svo vel megi ganga er því gott að hafa góðan tíma til undirbúnings en faraldurinn hefur nú þegar gefið okkur tíma til að íhuga breytingar og tækifæri til að huga að því sem vel hefur verið gert og því sem betur má fara," segir á vef sveitarfélagsins.



Þau félög sem staðið hafa fyrir Handverkshátíð á Hrafnagili finna fyrir breyttu landslagi eftir kórónuveirufaraldurinn. Engin hátíð verður í sumar en ráðist verður í endurskipulagningu hátíðarinnar. Mynd/MÞÞ

Öll vinna í kringum hátíðina er sjálfboðavinna í fjáröflunarskyni fyrir þau fjölmörgu félög sem að henni standa og því mikilvægt að vanda til verka og gefa sér nægan tíma. Því hafi verið ákveðið að Handverkshátíð muni ekki fara fram í sumar, en strax næsta haust mun skipuleggjendum, sýnendum og öðrum áhugasömum verða boðið á málþing um endurskipulagningu Handverkshátíðar. */MÞÞ*

Svo allt rúlli hnökralaust áfram



N1 býður úrval BKT gæðadekkja sem henta fyrir alls konar landbúnaðartæki við íslenskar aðstæður.

BKT GROWING TOGETHER

N1 Vefverslun
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki



BKT Agrimax RT-657

BKT RT-657 er traktorsdekk ætlað fyrir þá sem vilja dekk fyrir fjölbreytna vinnu og þægindi við akstur. Mikill burður er í dekkinu hvort sem er í vinnu eða í keyrslu á auknum hraða.



BKT TF 9090

Framdekk fyrir minni afturdrifnar dráttarvélar. 3-Rib dekk sem veitir góða stýrieiginleika í lausum jarðvegi



BKT AW 909

Langrifflað landbúnaðardekk fyrir frírúllandi öxla. Ætlað undir haugsugur / heyvinnuvélar.



BKT Flotation 648

Sérstaklega hannað til notkunar jafnt á vegum sem á jarðvegi. Burðarmikið dekk við lítinn loftþrýsting sem dregur úr líkum á jarðvegsskemmdum.



BKT LG 306

Dekk sem hentar vel fyrir sláttuvélar og önnur tæki sem notuð eru við vinnu á túnum. Mynstrið er hannað til að gera sem minnst jarðrask.



BKT Ridemax IT 697

Landbúnaðardekk fyrir fjölbreyttar aðstæður. Skornir kubbar gefa frábært grip í snjó og á ís og dekkið því vinsælt fyrir snjóruðningstæki. Hentar bæði fyrir dráttarvélar og vagna.

Verslanir N1 um land allt
Akureyri s. 440 1420 • **Höfn** s. 478 1940 • **Klettagarðar** s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293 • **Reykjanesbær** s. 440 1372
Vestmannaeyjar s. 481 1127

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

STEKKUR

Íslensk tré

Sumarhúsa- og garðeigendur ættu að gefa íslenskum trjátegundum gaum og planta þeim í auknum mæli við híbýli sín. Úrval tegunda er meira en fólk grunar í fyrstu. Hér er fjallað um fimm þeirra og í flestum tilfellum eru þær harðgerðari en erlendar trjátegundir.

Ilmbjörk er tré eða kræklóttur runni sem getur orðið hundrað ára gamall og náð 13 metra hæð. Björk er eina tréð sem myndað hefur samfellda skóga á landinu frá lokum síðustu ísaldar og talið er að þeir hafi þakið um fjórðung landsins við landnám. Áður var birki notað til eldiviðar og stundum sem byggingarviður í lítil hús. Einnig má tappa af því birkivatni sem þykir gott til drykkjar ef það er bragðbætt með hunangi eða sykri. Laufið gefur af sér gulan lit sé það notað til litunar og úr birkiösku var unnin sápa. Birkivendir eru góðir til að hýða óþekk börn með. Birki er nægjusamt tré en vex þó best við góða aðhlynningu og í frjósömum jarðvegi.

Ilmreynir vex villtur um allt land innan um birki sem stakstætt tré en myndar ekki samfelldan skóg. Hann finnst oft í giljum og skriðum þar sem hann fær að vera í friði og sauðfé kemst ekki að. Reynir vex bæði sem einstofna tré með krónu og sem stór margstofna runni með grófa greinabyggingu og getur náð allt að 15 metra hæð. Börkurinn er grá- eða brúnleitur, blómstrar hvítum blómum í júní og fær rauð ber á haustin. Tréð þolir illa seltu. Sagan segir að reyniviðurinn hafi 18 náttúrur, níu góðar og níu vondar. Hann þykir lélegur smíðaviður og má ekki vera öðrum megin í skipi því að þá veltur það á hliðina. Ef reyniviður er brenndur á milli vina verða þeir óvinir.


Einir er lágvaxinn sígrænn runni sem vex villtur í móum og hraunum víða um land. Einirinn er hægvaxta og þolir illa að vera fluttur. Það borgar sig því frekar að kaupa plöntur í garðyrkjustöð en að taka þær úti í náttúrunni. Hentar ágætlega sem þekjuplanta, í steinhæðir eða sem stakur runni. Einiberin má þurrka til neyslu og séu þau marin losna þau við olíu og rammt bragð. Berin eru mikið notuð í marineringu villibráðar. Svo má einnig dansa í kringum einiberjarunnann um jólin.

Gulvíðir er runni eða lítið tré með rauðleitum greinum. Gulvíðirinn getur náð allt að fimm metra hæð og blómstrar litlum blómum í maí. Hann er algengur í mólendi og meðfram ám víða um land. Í gamla daga var víðivatn talið gott við ofkælingu, blóðlátum og losta. Greinarnar voru einnig notaðar til að fægja hnífapör og hann þótti góður til litunar og til að búa til blek. Gulvíðirinn er harðgerður og laus við vanþrif þannig að hann hentar vel á sumarhúsalóðir.

Grasvíðir gengur einnig undir nafninu smjörlauf og er líklega ein minnsta trjátegund í heimi. Hann skýtur greinaendunum 1-10 sentímetra upp fyrir jarðvegsyfirborðið. Plantan er áberandi og falleg á vorin þegar hún blómstrar. Smjörlauf þótti gott til beitar og sauðfé fitnaði fljótt af því. */VH*

NYTJAR HAFSINS

Leigukvóti fyrir milljarða



Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com



Leiguverð fyrir þorskkvóta er í hæstu hæðum um þessar mundir. Að sögn Ingva Þórs Georgssonar hjá fyrirtækinu Aflamiðlun hefur eftirspurnin farið upp úr öllu valdi. Myndir / HKr.

Leiguviðskipti með þorskkvóta námu rúmlega sex milljörðum króna á árinu 2021. Alls var verslað með rúm 23 þúsund tonn eða sem svarar 13% af úthlutuðum heildarkvóta til aflamarks- og krókaaflamarksskipa á síðasta fiskveiðiári. Leiguverð hefur rokið upp undanfarna mánuði vegna hærra afurðaverðs, minna framboðs á leigukvóta og aukinnar eftirspurnar.

Á vef Fiskistofu má finna tölur um viðskipti með aflamark og krókaaflamark. Þar kemur fram að alls voru tæplega 59 þúsund þorskkvótatonn flutt milli skipa á árinu 2021. Meirihluti þess, eða tæp 36 þúsund tonn, flokkast undir svokallaðar núllfærslur, en þar er að sögn Fiskistofu um að ræða flutning á kvóta milli skipa í eigu sömu útgerðar eða skipti á aflaheimildum á jöfnum verðmætum. Afgangurinn, eða 23 þúsund tonn, er hins vegar viðskipti þar sem peningar skipta um hendur.

Á meðfylgjandi töflu eru viðskiptin sundurgreind í aflamark og krókaaflamark. Viðskipti með aflamark námu 5 milljörðum króna (18.284 tonn – meðalverð 276 kr/kg) og viðskipti með krókaaflamark námu rúmum 1,2 milljörðum (4.998 tonn – meðalverð 241 kr/kg).

Ýsukvóti

Ef skoðuð eru viðskipti með ýsukvóta og núllfærslur undanskildar sést að alls námu þau 5.165 tonnum fyrir tæplega 1,3 milljarða króna. Þau skiptust þannig að viðskipti með aflamark námu 929 milljónum króna (3.582 tonn – meðalverð 259 kr/kg) og með krókaaflamark um 350 milljónir (1.560 tonn – meðalverð 225 kr/kg).

Hjá Fiskistofu fengum við þau svör að ekki væri ástæða til að ætla annað en að gögnin um kvótaviðskiptin gæfu rétta mynd af viðskiptunum þótt eitthvað væri um að menn skráðu viðskipti á núlli þótt greiðslur hefðu verið inntar af hendi.

Kvótaverð rýkur upp

Leiguverð fyrir þorskkvóta er í hæstu hæðum um þessar mundir. Að sögn Ingva Þórs Georgssonar hjá fyrirtækinu Aflamiðlun hefur eftirspurnin farið upp úr öllu valdi.

„Það eru kannski tíu aðilar tilbúnir að leigja til sín kvóta fyrir hvern einn sem er reiðubúinn að leigja frá sér,“ segir hann. Hann bendir á að leiguverð á þorskaflamarki á síðasta fiskveiðiári hafi verið um 280 krónur kílóið að meðaltali, hafi farið upp í 300 krónur í byrjun nýs fiskveiðiárs og væri núna 420 krónur ef það væri í boði. Sama þróun hefði verið í krókaaflamarkinu. Leiguverð á síðasta fiskveiðiári hefði verið 210-230 krónur en væri núna 370 krónur. Þetta skýrist af hærra afurðaverði, minna framboði vegna skerðingar þorskkvótans og aukinni eftirspurn. (Hægt er að fylgjast með framboði og eftirspurn á vefnum kvotamidlun.is sem Aflamiðlun sér um).

Fiskverð – kvótaverð

Margir hafa velt því fyrir sér nú sem fyrr hvers vegna leiguverð á kvóta sé svona hátt samanborið við fiskverð. Samkvæmt tölum Verðlagsstofu skiptaverðs fyrir árið 2021 var meðalverð á slægðum þorski í beinum viðskiptum 281 kr/kg og á fiskmörkuðum 344 kr/kg.

Leigukvótaviðskipti almanaksárið 2021

Þorskur	Magn	Meðalverð	Milljónir kr.
Aflamark	18,284	276	5,046
Krókaaflamark	4,998	241	1,206
Ótilgreint	152	236	36
Samtals	**23,434**		**6,288**

Ýsa	Magn	Meðalverð	Milljónir kr.
Aflamark	3,582	259	929
Krókaaflamark	1.560	225	351
Ótilgreint	23	239	6
Samtals	**5.165**		**1,286**

Heimild: Fiskistofa.



Lengi vel stóð mikill styr um leigukvótakerfið og því líkt við lénsfyrirkomulag miðalda. Samkvæmt lögum verður skip að veiða að minnsta kosti helming af úthlutuðum kvóta sínum á hverju ár.

Til samanburðar var leigukvótaverð á þorski 268 kr/kg á sama tíma. Spurningin er: Hvernig getur borgað sig að leigja kvóta á verði sem er litlu lægra en fiskverð?

Jaðarverð

„Ég held að það skýrist helst á því að þetta er jaðarverð. Menn eru kannski í góðri veiði og vantar viðbótarkvóta, eru með fastan og breytilegan kostnað, stundum bæði á sjó og í landi, og sjá sér hag í því að bæta þessu við og reikna þá dæmið yfir allt árið,“ segir Ingvi.

„Svo er annað að verð á fiskmörkuðum endurspeglar ekki alltaf afkomu í einstökum vinnslugreinum. Núna er verð á sjófrystum fiski t.d. mun hærra en verð á ferskum afurðum. Hækkun á leiguverði þorsks núna gæti m.a. stafað af gríðarlegri eftirspurn eftir sjófrystum fiski.“

Ingvi bætti við að margir sem leigðu til sín kvóta hugsuðu sér að nýta leigukvótann á öðrum tíma ársins þegar væntingar væru um hærra afurðaverð.

Hann sagði að samþjöppunin í krókakerfinu á síðustu árum hefði gert það að verkum að fækkun hefði orðið í hópi þeirra sem eingöngu gerðu út á leigukvóta. Margir í þessum hópi sæju sér frekar hag í því að snúa sér alfarið að strandveiðum.

Óvíst um fjölda kvótalausra

En hversu margir kvótalausir bátar gera út á leigukvóta? Ekki er einhlítt svar við því, að sögn Þorsteins Hilmarssonar hjá Fiskistofu. Alls voru gefin út veiðileyfi til 1.150 fiskiskipa á síðasta fiskveiðiári. Aðeins 423 skip og bátar fengu úthlutað aflaheimildum og af þeim eru margir með örlitla hlutdeild, t.d. í hlýra eða makríl, og veiða einhverjar aðrar tegundir með aðfengnum kvóta. Sá kvóti er ekki bara leigukvóti og að auki bætist við það sem nefnist „sérstakar úthlutanir“ – m.a. byggðakvóti sem raðast einmitt á kvótalitla báta.

Tilgangur leigukerfisins

Megintilgangur leigukvótakerfisins er að gefa útgerðum kost á að samræma kvótastöðu sína þeim afla sem veiðist, því í blönduðum veiðum getur veiðst meira af einhverjum tegundum en báturinn hefur kvóta fyrir. Þá er hægt að skipta við aðra á aflaheimildum eða leigja til sín kvóta. Þessi möguleiki hefur verið talinn forsenda þess að kvótakerfið sé starfhæft.

Lengi vel stóð mikill styr um leigukvótakerfið og því líkt við lénsfyrirkomulag miðalda þar sem lénsherrar (kvótahafar) leigi leiguliðum (kvótalausum) aðgang að jarðnæði (óveiddum fiski í sjó) en liggi sjálfir í makindum á sólarströndum.

Veiðiskylda 50%

Þessi kenning er nokkuð ýkjukennd því samkvæmt lögum verður skip að veiða að minnsta kosti helming af úthlutuðum kvóta sínum á hverju ári og á á hættu að missa hlutdeildir sínar (varanlega kvótann) ef þessi veiðiskylda er ekki uppfyllt. Að sögn Fiskistofu hefur það gerst einstaka sinnum gegnum árin og þá í litlum mæli. Aðrir hafa bent á að þeir sem hafi á annað borð lagt í þann kostnað að útbúa skip sitt til veiða hafi yfirleitt ekki hag af því að veiða bara helming aflaheimildanna og leigja frá sér afganginn.

Afstaða sjómanna

Leigukvótaviðskipti voru áður fyrr mikill þyrnir í augum sjómanna en þær raddir hafa hljóðnað í seinni tíð.

„Mótmæli sjómanna á sínum tíma beindust fyrst og fremst gegn því að sjómenn væru látnir taka þátt í kvótakaupum útgerða. Það er nú úr sögunni enda er athæfið ólöglegt,“ segir Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands.

„Við höfum í seinni tíð ekki verið að fetta fingur út í þessi leiguviðskipti að öðru leyti en því að við sjáum að sumar útgerðir leigja óeðlilega mikið frá sér til þess að rétta af efnahagsreikninginn hjá sér. Við það skerðist hlutdeild sjómannanna á viðkomandi skipum. Við höfum alltaf sagt að meginreglan eigi að vera sú að þeir sem fá úthlutað kvóta úr auðlindinni eigi að nýta hann sjálfir ef ekkert óvænt kemur upp á.“

Heildarveltan 10,4 milljarðar

Því má svo bæta við að hér hefur eingöngu verið fjallað um leiguviðskipti með þorskkvóta og ýsukvóta, sem reyndar eru umfangsmest í verðmætum á þessum markaði og námu samtals 7,6 milljörðum króna. Ef bætt er við öllum öðrum kvótategundum nemur heildarveltan á leigumarkaðnum 10,4 milljörðum króna og heildarmagnið tæpum 78 þúsund tonnum.

NYTJAR HAFSINS



Kjörlendi hlýra er grófur sandur nálægt klettasvæði þar sem má finna skjól og staðir sem henta til hrygningar. Mynd / eol.org

Fiskistofa:
Mikilvægt að sleppa hlýra

Veiði á hlýra er komin yfir leyfilegan heildarafla á fiskveiði árinu og hefur Fiskistofa bent sjómönnum á að mikilvægt sé að sleppa líflegum hlýra sem fæst við veiðar.

Leyfilegur heildarafli í hlýra á fiskveiðiárinu 2021/2022 er 377 tonn en nú þegar hefur verið landað rúmlega 500 tonnum. Fiskistofa vill því koma á framfæri mikilvægi þess að lífvænlegum hlýra verði sleppt eins og heimilt er samkvæmt 3. grein reglugerðar númer 468/2013 um nýtingu afla og aukaafurða. Enn fremur er bent á að sé þessi heimild nýtt skuli skrá í rafræna afladagbók eða snjalltækjaforrit tegund og áætlað magn í kílóum sem sleppt var samanber 2. málsgrein 2. grein sömu reglugerðar.

Hlýri, Anarhichas minor er skyldur steinbít en töluvert stærri og er við kynþroska 70 til 90 sentímetrar að lengt og fjögur til átta kíló að þyngd, en hann getur orðið allt að 180 sentímetrar að lengd og vegir allt að 26 kíló. Hlýri er gulbrúnn og flekkóttur. Roð hlýra er sterkara en á steinbít og hentar því betur til skinngerðar. Fæða hlýra er aðallega skrápdýr.

Tegundin finnst á úthafssvæðum í köldu djúpsævi, vanalega undir 5° Celsíus og á 25 og 800 metra dýpi. Kjörlendi hlýra er grófur sandur nálægt klettasvæði þar sem má finna skjól og staðir sem henta til hrygningar. Hrygningartími er á sumri fram á vetur og geta hrognin verið hátt í 55 þúsund.

Hlýri er tegund sem á undir högg að sækja, stofninn er lítill og var hlýrinn af þeim sökum settur í aflamark, til að koma í veg fyrir ofveiði á honum. Því er afar mikilvægt að útgerðir nýti heimild til sleppingar lífvænlegs hlýra og skrái sleppingar í afladagbók.

/VH

Aukning í eldisfiski

Magn framleidds eldisfisks hefur margfaldast á síðustu árum og var rúmlega 53 þúsund tonn árið 2021 sem er 12.541 tonna aukning frá árinu 2020, en aukningin á milli 2019 og 2020 var um 6.540 tonn.

Laxeldi er meginuppistaða fiskeldis á Íslandi eða 90% af öllu fiskeldi. Eldi á bleikju var 5.390 tonn árið 2021 og eldi á regnbogasilungi var 951 tonn.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands segir að rúmlega 522 manns hafi starfað hjá fiskeldisfyrirtækjum á Íslandi árið 2020 og tæplega 600 manns árið 2021. Rekstrartekjur hafa tífaldast frá árinu 2010 og voru tæpir 40 milljarðar árið 2020. Útflutningsverðmæti fiskeldisafurða árið 2020 var tæplega 29 milljarðar og samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir 2021 verður útflutningsverðmætið rúmir 35 milljarðar króna. */VH*

Hafrannsóknir:
Vistfræði Austurdjúps

Fyrr í þessum mánuði hélt rannsóknaskipið Árni Friðriksson af stað í leiðangur til að kanna útbreiðslu norsk-íslenskrar síldar og annarra uppsjávartegunda í Austurdjúpi og á Austur- og Norðausturmiðum.

Í leiðangrinum er auk þess kannað ástand hafsins og vistkerfisins þess, meðal annars hita- og seltustig og magn átustofna metið. Því til viðbótar eru líffræðingar á vegum Háskóla Íslands um borð, en þeir sinna talningu og skráningu sjávarspendýra með áherslu á auknar rannsóknir á andarnefju.

Leiðangurinn er skipulagður af vinnuhóp á vegum Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES) en auk rannsóknaskipsins Árna Friðrikssonar, taka rannsóknaskip frá Noregi, Færeyjum, Danmörku og Bretlandi þátt í verkefninu.

Rannsakað í 28. sinn

Leiðangurinn hefur verið farinn árlega síðan 1995 og gefa niðurstöður hans meðal annars eina mikilvægustu tímaröð bergmálsmælinga sem notaðar eru við stofnmat og veiðiráðgjöf norsk-íslenska síldarstofnsins innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins. */VH*



Rannsóknaskipið Árni Friðriksson leggur úr höfn. Mynd / Hafrannsóknastofnun / Svanhildur Egilsdóttir.







MF HEYVINNUVÉLAR Á LAGER: Sláttuvélar, snúningsvélar, rakstrarvélar og rúllusamstæður (val; netplöstunarbúnaður).

Styrkur - Einfaldleiki - Hátækni

MASSEY FERGUSON

Stuttur afgreiðslutími
Upplýsingar hjá sölumönnum okkar

Búvélar ehf, Austurvegi 69, Selfossi
Sími 4800080, sala@buvelar.is
www.buvelar.is

BÚVÉLAR

FRÉTTIR

Öfugþróun í losun koltvísýrings í Evrópu á síðasta ári:

Orkuframleiðsla með kolum jókst um 18%

– Samdráttur var í framleiðslu á endurnýjanlegri raforku og reiknað er með 11% aukningu á kolabrennslu á yfirstandandi ári

Þrátt fyrir allt tal um að draga verði úr losun koltvísýrings (CO_2) þá jókst notkun kola í raforkuframleiðslu í Evrópu á síðasta ári um 18%. Þá er áætlað að kolanotkun í raforkuframleiðslu aukist um 11% til viðbótar á árinu 2022.

Mjög mikil umræða hefur verið um það hér á landi að Íslendingar þurfir að gera mun betur í að draga úr losun kolefnis og að binda kolefni. Mjög metnaðarfull markmið hafa verið sett í okkar litla samfélagi, en á sama tíma virðast milljónaþjóðir í kringum okkur vera á hraðferð í öfuga átt. Þó höfð hafi verið uppi krafa á Íslandi um að lýst yrði yfir neyðarástandi í loftslagsmálum, þá er vandséð að það muni vinna upp öfuga þróun í öðrum löndum með yfir 700 milljónum íbúa. Jafnvel auknir kolefnisskattar á íslenskan almenning og tal um að nú sé tíminn að renna út, hrökkva þar skammt.

Viðsnúningur varð í kolabrennslu á árinu 2019

Á vefsíðu Renewables Now má sjá umfjöllun um það sem hefur verið að gerast í þessum málum í Evrópu á síðustu misserum, sem er þvert á allar upphrópanir og fullyrðingar um öflug viðbrögð gegn hlýnun loftslags. Þannig snerist samdráttur í kolanotkun til raforkuframleiðslu við á árinu 2019, en hann hafði staðið yfir frá árinu 2012.

Kolaorka jókst um 18% í Evrópu 2021

Í grein á RN er vísað til orða Carlos Torres Diaz, yfirmanns hjá markaðsrannsóknafyrirtækinu Rystad Energy. Hann segir að kolanotkun hafi aukist í raforkuframleiðslu vegna hækkandi verðs á gasi frá Rússum og óttа við að þeir dragi úr sölu á gasi til ESB landa. Þannig hafi kolaorka aukist um 18% á milli áranna 2020 og 2021 og farið í 597 terawattstundir (TWst.) Þá segir hann að verið sé að draga úr framleiðslu á raforku í gasknúnum orkuverum vegna átakanna í Úkraínu. Það geti þýtt að orkuframleiðsla með kolum geti aukist á yfirstandandi ári um 11% til viðbótar og fari í 641 TWst.

Samdráttur í vatnsafli og vindorku

Þá vinnur framleiðsla á raforku með vatnsafli líka gegn loftslagsmarkmiðum, þar var 4% samdráttur á árinu 2021 og 1% samdráttur í raforkuframleiðslu vindorkuvera. Ástæða þessa var lélegur vatnsbúskapur í vatnsorkuverum og lítill vindur. Samt hefur uppsett afl í vindorkuverum verið að aukast lítillega og búist er við að það fari úr 447 TWst. í 469 TWst á árinu 2022. Eins er reiknað með að framleiðslugeta í sólorkustöðvum aukist úr 180 TWst. í 190 TWst. á yfirstandandi ári. Þetta þýðir að allt í allt er verið að tala um aukið uppsett afl í endurnýjanlegri orku upp á 33 terawattstundir á milli ára. Framleiðsla á lífefnaeldsneyti með jurtaolíu og lífrænu metangasi gæti auk þess aukið orkuframleiðsluna um 77 TWst. á þessu ári. Það vegur þó lítið til að draga úr losun koltvísýrings.

Aukning í kjarnorkuframleiðslu 2021 en búist við samdrætti 2022

Framleiðsla kjarnorkuvera jókst um 6% á síðasta ári og fór í 884 TWst. Hins vegar hafa t.d. Þjóðverjar verið að taka þrjú kjarnorkuver úr notkun þannig að orkuframleiðsla kjarnorkuvera mun dragast talsvert saman á yfirstandandi ári. Þar spilar líka inn í að framleiðslusamdráttur er fyrirséður í Frakklandi vegna viðhalds á búnaði gamalla kjarnorkuvera.

Líkur á hækkun orkuverðs og auknum útblæstri

Vandséð er hvernig Evrópuríkin muni þá mæta aukinni eftirspurn eftir raforku, t.d. vegna orkuskipta ökutækja, samfara samdrætti í kaupum á gasi frá Rússlandi. Nánast eina færa leiðin í augnablikinu virðist vera að auka enn frekar brennslu á kolum og olíu til að framleiða þá raforku sem til þarf. Talið er nokkuð öruggt að þessi staða muni leiða til enn meiri hækkana á orkuverði í Evrópu á komandi misserum. */HKr.*

Þýskir dómstólar úrskurða um áframhaldandi rétt námuvinnslufyrirtækis til vinnslu á brúnkolum:

Þýski orkurisinn RWE má áfram ryðja skóga og eyða byggð til að vinna brúnkol

Undanfarin ár hafa umhverfisverndarsinnar og bændur barist hart gegn framgöngu orkurisans RWE sem hefur verið að þenja út 44 ferkílómetra Hambach brúnkolanámu sína í Norður-Rín-Westphallia í vesturhluta Þýskalands.

Aðgerðarsinnar, landeigendur og bændur hafa mótmælt því harðlega að fyrirtækið kæmist upp með að eyða stórum evrópskum fornskógarsvæðum til að moka upp brúnkolum sem standa undir um fjórðungi af raforkuframleiðslu Þýskalands.

Sú raforkuframleiðsla orsakar um 40% af kolefnisútblæstri Þýskalands.

Höfðað var mál gegn fyrirtækinu, en dómstóll í Aachen komst að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið væri ekki að brjóta umhverfisverndarlög með framkomu sinni.

Orkurisinn vann í áfrýjunarmáli landeigenda og bænda

Bóndi og tveir leigjendur áfrýjuðu þeim dómi og var málið tekið fyrir hjá dómstól í borginni Münster. Fyrri dómsúrskurður í Aaachen hafði gert RWE kleift að ryðja skógi, rífa byggingar og grafa upp land við jaðar eignar sinna og eyðileggja í raun þorpið Lützerath. Allt kom fyrir ekki og og eftir úrskurð dómstólsins í Münster, sem kveðinn var upp mánudaginn 28. mars síðastliðinn, getur fyrirtækið haldið áfram sinni starfsemi, eins í Nambach-námunni, eins og ekkert hafi í skorist.

Þetta vekur ekki síst athygli fyrir þær sakir að Evrópusambandið, þar sem Þjóðverjar eru öflugasta aðildarþjóðin, hefur sett háleit markmið í loftslagsmálum og gert mjög harðar kröfur á sín aðildarríki og önnur um að draga úr losun koltvísýrings. Íslendingar hafa fylgt mjög hart eftir þeim áskorunum en öll sú barátta hljómar harla innantóm í ljósi afstöðu þýskra dómstóla til nýtingar og brennslu á kolum.

Kaldhæðnin í þessu öllu er svo að á heimasíðu orkurisans RWE, sem á yfir 120 ára sögu, er sagt að fyrirtækið berjist fyrir því að vera kolefnishlutlaust fyrir árið 2040. Í því augnamiði segist fyrirtækið verða búið að fjárfesta um 5 milljarða evra í endurnýjanlegum orkulausnum á þessu ári.



Mótmælendur kolavinnslu reyna að stöðva vinnslu orkurisans RWE á brúnkolum í Hambach-námunni í vesturhluta Þýskalands. Mynd / Ende Gelände

Risafyrirtæki í orkumálum á heimsvísu

RWE AG var stofnað 25. apríl árið 1898 og er með höfuðstöðvar í Essen í Þýskalandi, en er með starfsemi í sjö löndum fyrir utan Þýskaland og nærri 20.000 starfsmenn. Þetta fyrirtæki er næststærsta fyrirtæki heims í rekstri vindorkugarða á hafi úti. Þá er það þriðja stærsta fyrirtæki Evrópu í framleiðslu á endurnýjanlegri orku. Í tímaritinu Forbes var RWE Group sagt vera númer 29 í röðinni yfir stærstu almenningshlutafélög í heimi. Fyrirtækið velti rúmlega 13 milljörðum evra á árinu 2019 og skráðar eignir þess voru þá nær 40 milljarðar evra.

„Við munum verja Lützerath“

„Við munum verja Lützerath“ segja samtökin Ende Gelände, sem berjast gegn kolanotkun og skógareyðingu. Þau tilkynntu strax eftir dóminn að þeir hygðust mótmæla eyðileggingunni og sögðu:

„Ef dómstólar banna ekki RWE að halda áfram að vinna kol úr jörðu, þá gerum við það sjálf. – Lützerath verður að fá að vera til áfram. Sá sem grefur upp Lützerath flýtir fyrir loftslagskreppunni og spilar alla framtíð okkar í burtu. – Við munum verja Lützerath. – Við erum mörg og við munum ekki hvíla okkur fyrr en síðasta kolagrafan hefur verið stöðvuð.“

Segja stjórnmálamenn nýta sér stríðið í Úkraínu til að halda áfram kolavinnslu

Hópurinn sakaði enn fremur orkufyrirtæki og stjórnmálaleiðtoga um að notfæra sér stríðið í Úkraínu sem afsökun fyrir því að halda áfram kolavinnslu. Evrópusambandið stendur nú frammi fyrir orkukreppu og aðildarríkin reyna að venja sig af rússnesku gasi í kjölfar innrásarinnar í Úkraínu.

Hópurinn hafði áður komið í veg fyrir eyðileggingu Hambach-skógarins í nágrenninu í svipuðum tilgangi með því að yfirtaka svæðið og setja upp búðir í trjáhúsum í marga mánuði. Aðgerðarsinnar Ende Gelände hafa þegar mótmælt með því að setjast að í yfirgefnum húsum í Lützerath, sem var nánast búið að rífa til grunna síðasta haust.

Þorpið hefur lengi virkað sem eins konar neisti sem kveikti bálið í átökum milli orkufyrirtækisins og umhverfisverndarsinna. Orkurisinn RWE hafði hægt og rólega verið að ná yfirráðum yfir þorpinu með því að koma þar fyrir nýjum íbúum síðan 2006. *Byggt á fréttum es/rt – dpa og AFP* */HKr.*

Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

vfs.is

Milwaukee®

ALVÖRU VERKFÆRI

M18
EITT RAFHLÖÐUKERFI
YFIR 215 VERKFÆRI

M12™
EITT RAFHLÖÐUKERFI
YFIR 95 VERKFÆRI

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • **vfs.is**

Léttir þér lífið!

Shell rimula er val þeirra sem gera miklar kröfur.

- Hámarksvörn gegn sliti og tæringu
- Þolir mikið álag
- Meira rekstraröryggi

Skoðaðu úrvalið og verslaðu í vefverslun Skeljungs á **skeljungur.is**





Shell RIMULA

Skeljungur

Skeljungur, traustur félagi

FRÉTTASKÝRING

Kolsvartar vangaveltur fjármálasérfræðinga um „Fiat money“ peningakerfi heimsins:

Fljótandi gjaldmiðlar með enga baktryggingu í raunverðmætum sagðir dæmdir til að hrynja

– Kína og Rússland þegar sögð lögð í vegferð við að mynda nýtt peningakerfi með baktryggingu í gulli eða öðrum raunverðmætum

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Stríðsátökin í Úkraínu virðast vera að valda áhyggjum um að þau geti hrundið af stað atburðarás í fjármálakerfi heimsins sem muni hafa ófyrirséðar afleiðingar. Þar séu helstu peningakerfi heims, sem byggja á fljótandi gjaldmiðlum án gulltryggingar, orðin afar viðkvæm.

Gjáin milli Evrasíu og vestrænna hernaðar- og leyniþjónustubandalaga (NATO, Five-eyes, AUKUS o.s.frv.) stækkar hratt. Þó fjölmiðlaskýringar einblíni á hina sýnilegu hlið átakanna í Úkraínu, þá eru efnahagslegir og fjárhagslegir þættir sem raunverulega skipta máli. Peningahagsmunir eru nefnilega drifkrafturinn á bak við öll hernaðarbandalög, en gjaldmiðlakerfin eru lítils virði ef þau skortir bakstuðning í raunverðmætum. Drifkrafturinn í peningakerfum heimsins byggist líka á beitingu vaxta.

Áður hefur verið fjallað í Bændablaðinu um hrikalegar afleiðingar vaxta á hagkerfi heimsins og afkomu fólks. Þá m.a. með vísun í merkilegar heimspekilegar vangaveltur Martinus Simson, í bók sinni „*Hugleiðingar um vaxtakerfið og hin skynsama óvita*“, sem hann gaf út á Ísafirði árið 1965.

Því er fróðlegt að sjá hvernig reyndur fjármálasérfræðingur í heimsklassa tekur nú í raun undir margt af því sem þar kom fram, en 57 árum seinna.

Það hriktir í undirstöðum núverandi „Fiat money“-peningakerfa heimsins

GoldMoney er eitt virtasta fyrirtæki heims í viðskiptum með gull og aðra góðmálma og í fjármálaþjónustu við tæknifyrirtæki. Það er m.a. skráð á verðbréfamarkaði á Toronto Stock Exchange. Á heimasíðu þess 5. maí síðastliðinn er grein undir fyrirsögninni ***„Fjármálastríð tekur viðbjóðslega stefnu“***. Þar segir að það sé vaxandi óumflýjanleiki við þetta allt saman sem valdi ekki síst áhyggjum. Einnig sú staðreynd að undirstöður núverandi peningakerfa „Fiat Money“, sem notast við myntir og seðla, sem ekki eru baktryggðir í gulli eða öðrum áþreifanlegum verðmætum, séu orðnar afar veikburða. Þetta á við allar helstu myntir heims eins og dollar, evru sem og rúblu og hið kínverska yuan (rembimi). Á því kann að verða breyting fyrr en menn grunar sem gjörbreytt getur stöðu heimsmála.

Í annarri grein á heimasíðu GoldMoney í apríl undir fyrirsögninni ***„Verðmætaeyðing“***, eða „Value destruction“, segist höfundurinn Alasdair Macleod hafa haldið því fram í nýlegum greinum að tímabili staðalsins sem Fiat dollar byggir á sé að ljúka.

Hann telur að japanska yenið og evran verði meðal fyrstu gjaldmiðlanna til að falla í valinn. Það byggir hann m.a. á því að það muni reynast nauðsynlegt að kaupa út seðlabanka sem eru á bak við Seðlabanka Evrópu (European Central Bank - ECB). Þeir eru þegar yfirhlaðnir af áhættuskuldabréfum og séu auk þess með útistandandi endurhverf lán upp á 8.725 billjónir evra sem vinda þurfi ofan af. Það eru lán með veði í verðbréfum sem geta orðið verðlaus.



Vextir í lánaviðskiptum og vaxtahækkanir munu að stórum hluta valda því að „Fiat-gjaldmiðlar“ með enga baktryggingu í raunverðmætum eins og gulli, munu falla að mati fjármálasérfræðings hjá GoldMoney.

Gulleign í árslok 2021

Land/sæti	Tonn
1. Bandaríkin	8.133,00
2. Þýskaland	3.359,00
3. Ítalía	2.452,00
4. Frakkland	2.436,00
5. Rússland	2.299,00
6. Kína	1.948,00
7. Sviss	1.040,00
8. Japan	846,00
9. Indland	754,00
10. Holland	612,00
29. Svíþjóð	126,00
42. Danmörk	66,55
49. Finnland	49,14
89. Ísland	1,98
Noregur	0,00

Heimild: World Gold Council

Staða bandaríkjadals muni halda í einhvern tíma en ef það takist ekki að tryggja fall skuldabréfa muni tugir billjóna dollara peningaeign þurrkast út.

Í þessari ítarlegu grein tekur hann tilgátuna lengra og útskýrir að það er ekki bara tilkoma nýrra hrávörutryggðra gjaldmiðla í Asíu sem mun ógna yfirráðum vestrænna gjaldmiðla, heldur misheppnuð „FED“ peningamálastefna seðlabanka Bandaríkjanna (The Federal Reserve System) og annarra helstu seðlabanka. Þá segir hann:

„Óstöðvandi vaxtahækkun mun að stórum hluta valda því að þeir falla.“

Reynslubolti í fjármálaheiminum

Alasdair Macleod er yfirmaður rannsókna hjá GoldMoney og hefur mikla reynslu af fjármálamörkuðum þar sem hann starfaði sem verðbréfamiðlari á verðbréfamarkaði í London í meira en fjóra áratugi. Hann hefur m.a. haldið því fram að Bitcoin muni deyja um leið og Fiat-peningakerfið lognast út af.

Macleod segir að fjármálamarkaðir vanmeti þau eyðingaröfl sem felast í fjármálabólum. Það eru fjármálalegar eignir sem eru baktrygging stærsta hluta bankakerfisins. Þegar verð á þeim hrynur vegna hækkunar vaxta mun það valda hruni fyrirtækja, banka og jafnvel seðlabanka. Það mun gera fjármögnun gríðarlegs ríkishalla ómögulega nema til komi mjög hratt fall gjaldmiðla (gengisfelling, innskot blm.).

Macleod spyr sig hvort seðlabankar muni reyna að verja verðmæti fjármálalegra eigna til að koma í veg fyrir að fjármálakerfi vesturlanda hrynji. Hann telur að þessi áhætta sé ástæðan fyrir því að Kína og Rússland séu nú að skipuleggja nýjan mið-asískan gjaldmiðil.

Vextirnir eru vandamálið

„Þetta snýst allt um vexti,“ segir Macleod. – „Hækkandi vextir grafa undan verðmæti peningaeigna og lækkandi vextir hækka þau. Frá 1981 og fram í mars 2020 hefur þróunin verið sú að verðbólga hefur hjaðnað og vextir lækkað með þeim.“ Síðan segir hann:

„Þróun vaxtalækkana er nú á enda og fjármálavæðingin er á undanhaldi. Nýlegir atburðir, lokanir vegna Covid, truflanir á birgðakeðjunni og refsiaðgerðir gegn Rússlandi veita áþreifanleg sönnunargögn um að svo hljóti að vera.

Þú þarft ekki að vera sjáandi til að spá fyrir um hrávöruverðskreppu og horfur á víðtæku hungri vegna skorts á korni og áburði í sumar. Heilbrigð skynsemi segir okkur að lok fjármálavæðingartímabilsins muni hafa víðtækar afleiðingar, en samt er varla hægt að merkja þetta á fjármálamörkuðum.“

Hann segir að sérfræðingar hafi verið með nefið klesst í eigin hugarheimi og sjái því ekki stóru myndina. Hann telur að það sé þó að breytast eftir ræðu sem Augustin Carsten hélt um verðbólguna nýverið, en Carsten er framkvæmdastjóri Alþjóðagreiðslubankans og almennt kallaður seðlabankastjóri seðlabanka, sem er leiðandi í samhæfingu á alþjóðavettvangi og markar peningastefnuna í heiminum.

Markmið í ræðu hans var að aðstoða seðlabanka við að samræma viðbrögð sín við þeim vanda sem hann viðurkennir þó seint að sé upphafið á nýju peningatímabili.

Segir greiningu á ástæðum verðbólgu vera ranga

Macleod segir í grein sinni að ein af þeim afdrifaríku mistökum sem þjóðhagsstofnanir hafi gert snúist um skilgreiningu á verðbólgu. Rétt skilgreining sé að verðbólga stafi af falli gjaldmiðils sem verður við það að auka peningamagn í umferð.

„**Það snýst ekki um hækkun á almennu verðlagi, sem er það sem efnahagskerfið vill láta okkur trúa**. Ástæðan fyrir því að þetta er sérstaklega viðeigandi nú, er vegna þess að stjórnvöld í gegnum seðlabanka sína hafa farið að treysta á að beita aukningu á magni gjaldmiðila í umferð og lánsfjár til að auka við skatta. Það gerir stjórnvöldum kleift að eyða meira en þau fá í tekjur.“

Villur vaxtastefnunnar

„Seðlabankar nota vexti sem aðalaðferð sína til að stjórna peningastefnunni. Þeirra mistök eru að gera ráð fyrir að vextir séu ekki hærri en peningaverð. Ef þeir eru hækkaðir á eftirspurn eftir peningum að minnka og ef þeir eru lækkaðir er gert ráð fyrir að eftirspurn eftir peningum aukist. Með eftirspurn eftir peningum sé hægt að stýra eftirspurn eftir vörum og verði þeirra. Því er gert ráð fyrir að verðbólgu og efnahagslegri afkomu sé stýrt með stýringu vaxta. Þetta er þvert á fyrirliggjandi staðreyndir og gögn.“ Síðan segir Macleod:

„Við vitum að verðmæti fjáreigna á eftir að lækka, því með því að neytenda- og framleiðendaverð hækkar mikið munu vextir og ávöxtunarkrafa skuldabréfa halda áfram að hækka.“

Fíat-peningar hafa enga baktryggingu í raunverðmætum

Peningar eins og íslenska krónan er af því formi sem kallað hefur verið „Fiat money“ sem hefur ekki baktryggingu í neinum áþreifanlegum verðmætum til að tryggja sitt gengi. Samt eru peningarnir upphaflega ávísun á raunverðmæti, eins og kýr eða gull. Að rukka vexti fyrir slíka peninga er því í raun það sama og að rukka afgjald fyrir eitthvað sem ekki er til. Hins vegar hafa menn hingað til talið þokkalega tryggingu í bakstuðningi seðlabanka viðkomandi ríkja sem nota þessa Fiat-peninga, en það er samt ekki það sama og trygging í áþreifanlegum raunverðmætum.

Óstjórnleg peningaprentun og innheimta vaxta fyrir lán á peningum veldur því að á endanum skortir raunverðmæti sem geta staðið á bak við þær ávísanir sem peningarnir eru. Afleiðingin verður verðfall eða hrun viðkomandi myntar. Þetta þekkjum við af reglulegum sveiflum í verðmætum gjaldmiðla sem kallaðar eru verðbólgusveiflur. Þær eru í eðli sínu ekkert annað en tilfærsla á raunverðmætum til þeirra sem innheimta vextina og eiga sífellt fleiri peningaseðla sem settir eru í umferð. Nú telja ýmsir, þar á meðal sérfræðingar GoldMoney, að það styttist í stóruppgjör í peningaheiminum.

Nafnið Fiat money er komið úr latínu og þýðir „*láttu það gerast*“. Peningar voru fundnir upp til að auðvelda viðskipti manna á milli í stað beinna vöruskipta.

Ýmsir sérfræðingar telja að núverandi kerfi Fíat-peninga sé að renna sitt skeið og smám saman verði slíkar myntir verðlausar. Því verði að grípa til einhvers konar baktrygginga í raunverðmætum, t.d. hráefni eins og gulli. Þar eiga Bandaríkin stærsta gullforðann, eða 8.133 tonn. Þau eiga líka langflesta dollaraseðla í umferð svo verðmæti þeirra yrðu í dag langt frá því eins miklir og þeir voru fyrir 1944 þegar Bretton Woods ráðstefnan ákvað að hver únsa af gulli yrði metin á 35 dollara. Eða með öðrum orðum, þá fékkst 0,81 gramm af gulli fyrir hvern dollar meðan gullfótur var undir þeim gjaldmiðli. Í dag fengist lítið sem ekkert gull fyrir hvern dollaraseðil svo virði allra þeirra 40 billjóna dollara (40.000.000.000.000) sem eru í umferð myndi hrynja.

Um 59% af öllum banka-innstæðum seðlabanka heimsins voru í dollurum í árslok 2020 svo hrun á dollar hefði gríðarlegar afleiðingar. Þótt bandaríkjadalur sé öflugasti gjaldmiðillinn í alþjóðaviðskiptum er hann alls ekki með sterkasta gengið og er þar aðeins í tíunda sæti. Sterkasti gjaldmiðill heims er talinn vera dinarinn í Kúveit.

Þjóðir íhuga á ný gulltryggingu sinna gjaldmiðla

Talið er að Rússar vinni nú hörðum höndum að því að setja gulltryggingu á bak við sína rúblu sem gerði gengi hennar stöðugt. Þannig verði hún óháð sveiflum í verði fljótandi gjaldmiðla og um leið óháð Fiat-peningakerfinu. Þetta eru m.a. sögð viðbrögð Rússa við ítrekuðum refsiaðgerðum Vesturlanda vegna stríðsaðgerða þeirra fyrrnefndu í Úkraínu.

Rússar eiga 2.299 tonn af gulli (um 74 milljón únsur) sem er mun minna en Bandaríkjamenn, en rúblurnar í umferð eru líka langtum færri. Einn af helstu ráðgjöfum Pútíns, Nikolai Patrushev, staðfesti í viðtali við Rossiyskaya Gazeta fyrir skömmu að verið væri að skoða mögulega tengingu rúblu við framleiðsluvörur, eða hrávöru, sem yrði þá væntanlega gull.

Þar á bæ virðast menn nokkuð sannfærðir um að bandarískt dollarinn sé að missa fótfestu sína í alþjóðlegu samhengi. Evran hefur þó verið í frjálsu falli gagnvart dollar nær allt þetta ár sem bætist við mikið fall evrunnar á síðasta ári. Þá er því spáð á mörkuðum að evran haldi áfram að falla út næsta ár.

Rúblan féll mjög hratt við upphaf stríðsátaka í Úkraínu, en var búin að ná jafnvægi gagnvart dollar upp úr miðjum apríl. Síðan hefur rússneska rúblan verið að styrkjast umtalsvert gagnvart dollar þvert á allar spár sem gerðu flestar ráð fyrir algjöru hruni rúblunnar í kjölfar viðskiptaþvingana.

Kínverjar eru sagðir vera á sömu braut og Rússar með sitt yuan (rembimi). Rætt er um að aðrar þjóðir íhugi nú með hvaða hráefnum þær geti tryggt sína gjaldmiðla. Gull er augljós kostur en það er af skornum skammti. Sumar þjóðir eru ríkar af silfri og öðrum framleiðsluvörum eins og stáli, kopar og hveiti svo eitthvað sé nefnt. Slíkt mætti mögulega nota sem tryggingu og viðmið fyrir verðmæti gjaldmiðla.

Ísland á gríðarleg raunverðmæti sem eru meira en gullsígildi

Ísland á ekki mikinn gullforða (um 1,98 tonn), en Ísland á önnur verðmæti sem eru ómetanleg í þessu samhengi, eins og áhugasamur lesandi Bændablaðsins hefur bent greinarhöfundi á. Sú áhugaverða

hugmynd byggir á að baktrygging krónunnar verði í endurnýjanlegri orku. Ísland gæti því fræðilega séð tryggt krónuna t.d. í „Grænum kílówöttum eða kílówattstundum“. Sú orka getur í raun verið margfalt meira virði en gull svo lengi sem vatn, vind, jarðhitaorku og sjávarfallaorku þrýtur ekki á Íslandi. Á því er lítil hætta, nema lofthjúpur jarðar hverfi og tunglið hætti að toga í hafflötinn og orsaka flóð og fjöru. Þetta ætti að vera mun raunhæfari kostur en tenging dollars í olíu (Petrodollar) sem er þverrandi auðlind. Þá er Ísland mun betur sett í þessum efnum en margar aðrar þjóðir sem hafa orðið að treysta að stórum hluta á jarðeldsneyti til orkuframleiðslu.

Uppsett rafafl á Íslandi var árið 2020 samtals 2.863.774 kílówött í endurnýjanlegri raforku samkvæmt tölum Orkustofnunar. Græn raforkuframleiðsla var samtals 19.124.234 megawattstundir (MWst). Í þessu liggja gríðarleg verðmæti.

Trygging íslensku krónunnar í raforku hlýtur þó alltaf að vera háð því að íslenska ríkið hafi alltaf yfirráð fyrir stærstum hluta raforkuframleiðslunnar í landinu. Því myndi uppskipti og sala á Landsvirkjun slá slíkar vangaveltur út af borðinu.

Prentun á dollaraseðlum í Vietnamstríðinu kippti gulltryggingunni undan Bandaríkjadollar

Bandarískí dollarinn var baktryggður í gulli allt fram til 1971 þegar Richard Nixon, þáverandi Bandaríkjaforseti, afnam gulltrygginguna. Það var líkt og margar aðrar þjóðir gerðu við sína gjaldmiðla í fyrri heimsstyrjöldinni, eða 1913, og Bretar árið 1931. Ástæða aðgerða Nioxons var gríðarleg peningaprentun Bandaríkjastjórnar vegna stríðsreksturs í Víetnam. Var þá búið að gefa svo mikið út af dollurum að gullbirgðir Bandaríkjanna hefðu ekki dugað til að leysa út alla þá seðla en hver únsa af gulli var metin á föstu gengi 35 dollara. Dollarinn var því orðinn stórlega ofmetinn og hefði hrunið ef almenningur hefði valið þá leið að skipta peningunum út fyrir gull, en eins og lög gerðu ráð fyrir að væri hægt.

Hið alþjóðlega Bretton Woods peningakerfi, sem komið var á fót 1944 af 44 þjóðum og byggði á gulltengingu dollars, hrundi líka í raun í kjölfar aðgerða Nixons. Í framhaldinu af afnámi gulltryggingar á dollar var tekið upp nýtt kerfi 1973 sem byggði á fljótandi gengi gjaldmiðla og bandarískí dollarinn var þá í raun orðinn að „Fiat money“ eins og nánast allar aðrar myntir heimsins, en ekki með neina baktryggingu í raunverðmætum.

Olíuviðskiptin hafa haldið Bandaríkjadollar á floti

Það sem í raun hefur haldið Bandaríkjadollar í þeirri ofursterku stöðu á heimsmarkaði allar götur síðan 1971 er sú snilld bandarískra ráðamanna að takast að semja við olíuríkin í Mið-Austurlöndum um að dollar væri notaður í öllum þeirra olíuviðskiptum. Slíkt setti í raun nýjan grunn undir bandaríska dollarinn í stað gulls og hélt uppi virði hans í alþjóðaviðskiptum. Var slíkur dollar kallaður Petrodollar með vísun í eldsneyti eða „petrol“. Olíuútflytjendur fengu þá dollara í skiptum fyrir sína olíu og höfðu í raun ekkert val. Dollarar fóru því að hlaðast upp í olíuríkjunum og vegna gagnkvæmra hagsmuna gerði Bandaríkjastjórn samning 1974 við Sádi-Arabíu um að þeir gætu fjárfest með sínum Petrodollurum í bandarískum ríkiskuldabréfum. Þeir fjármunir voru síðan m.a. nýttir í þróunarverkefni sem rekin voru af bandarískum stjórnvöldum og fyrirtækjum til uppbyggingar í Sádi-Arabíu 1979. Þarna var komin hringrás peninga sem skapaði mikinn peningagróða hjá bandarískum fyrirtækjum.

Bæði Rússar og Kínverjar hafa reynt að ná samningum við olíuríkin um að nota sínar myntir, rúblu og yuan (renminbi) í stað dollars sem getur augljóslega veikt stöðu dollars á alþjóðamarkaði. Rússar hafa í kjölfar stríðsreksturs í Úkraínu reynt að neyða Evrópusambandsþjóðirnar til að stunda sín kaup á olíu og gasi frá Rússlandi í rúblum. Var það augljóslega hugsað til að styrkja stöðu rúblunnar líkt og Bandaríkjamenn gerðu með samningum við Sádi-Araba og fleiri þjóðir í Mið-Austurlöndum. Rússum virðist ekki vera að takast þetta nægilega vel og það ýtir undir að þeir reyni að tryggja sinn gjaldmiðil með öðrum hætti.

Gengi hins kínverska yuan tók að rísa í mars á þessu ári þegar fregnir bárust af því að Kínverjar væru að semja við Sádi-Arabíu um að hluti af olíuviðskiptum þeirra færi fram í yuan í stað dollars. Óljóst er þó hvort slíkir samningar nái fótfestu.

Kínverjar vilja tyggja sinn gjaldmiðil

Í greininni á GoldMoney segir að Kína hafi fleytt sér á verðbólguöldufaldinum á Vesturlöndum síðastliðin fjörutíu ár og grætt vel. Nú þegar það horfir fram á niðurlægingu Bandaríkjadollars vegna minnkandi áhrifa Bandaríkjanna, m.a í olíuviðskiptum, þá velti Kínverjar því fyrir sér hvernig eigi að bregðast við. Þeir eiga þegar gríðarlegar eignir í dollurum og m.a. bandarískum ríkisskuldabréfum og ekki einfalt fyrir Kínverja að losna undan áhrifum dollars. Kínverjar gætu aftur á móti hæglega veikt dollarinn með því að losa um sína dollaraeign en það þýðir þá væntanlega um leið tap fyrir þá sjálfa.



Rússar sagðir á góðri leið með að gulltryggja rúbluna

GoldMoney segir að Rússar séu ef til vill lengra komnir í áætlunum sínum um að vera án dollara og annarra vestrænna gjaldmiðla. Þeim áætlunum hafi verið flýtt vegna refsiaðgerða gegn þeim 2014 og aftur nú vegna innrásar þeirra í Úkraínu. Á sama tíma eru Vesturlönd sífellt að verða viðkvæmari án þess að sjá neinn valkost við ofurvald dollarans sem sé samt dæmdur til að veikjast.

Þjóðverjar voru með þýska markið sem afar sterkan gjaldmiðil áður en þeir skiptu yfir í evru. Þeir eru næststærstu eigendur heims af gulli með 3.359 tonn. Þjóðverjar gætu því hæglega tekið upp nýtt og gulltryggt mark og stillt gengið þess af eins og þeim hentaði best í dag. Það myndi þó líklega um leið marka endalok evrunnar. Sterkt þýskt mark á gullfæti gæti líka mögulega styrkt stöðu Þýskalands sem nú glímir við mikinn orkuvanda vegna gas- og olíuviðskiptanna við Rússa. Slíkt myndi þó líklega valda upplausn í ríkjasamstarfi ESB.

Rússar og Kínverjar sagðir neyddir í baráttu gegn þeim sem byggja viðskiptin á dollar

Sérfræðingar GoldMoney telja að með því að beita Rússa refsiaðgerðum hafi Vesturlönd í raun stillt landfræðilega andstæðingum sínum upp og neytt þá út í sameiginlega fylkingu gegn ríkjum sem byggja allt sitt á mætti Bandaríkjadals. Bent er á í greininni að Rússland sé stærsti útflytjandi heims á orku, málmum og mörgum öðrum hráefnum. Kína er helsti birgir hálfunninna og fullunninna neysluvara fyrir heimsmarkaðinn. Afleiðingar refsiaðgerða Vesturlanda taka þetta mikilvæga atriði ekki inn í dæmið að mati greinarhöfunda.



Kínverjar og Rússar eru sagðir undirbúa að tryggja sína gjaldmiðla í raunverðmætum í stað þess að hafa þá fljótandi. Þannig yrði þeirra gjaldmiðlar ekki eins háðir gengi annarra gjaldmiðla eins og dollars og evru í aljóðlegum viðskiptum og standast mögulegt fall þeirra.

Greinarhöfundar GoldMoney skoðuðu núverandi stöðu fjármálakerfis heimsins og reyndu að meta hvert það stefnir. Þeirra mat er að það dragi stöðugt úr peningalegum áhrifamætti Vesturlanda, Kína og Rússlands. Því sé brýnt fyrir tvö síðarnefndu ríkin að fjarlægja sig frá yfirvofandi gjaldeyris-, banka- og fjármálakreppu Vesturlanda. –

„Við munum fara að sjá hvernig spilast úr fjármálastríðinu,“ segja greinarhöfundar GoldMoney.

Kínverjar hafa litið á aðferðafræði Bandaríkjanna sem leið til að tryggja yfirráð sín. Það hefur leitt til djúpstæðs vantrausts á sambandi Kínverja við Bandaríkin. Það er að mati greinarhöfunda afleiðing af utanríkisstefnu Bandaríkjanna.

Afli dollars beitt gegn kommúnisma víða um heim

Sambland af sýnilegri hernaðargetu Bandaríkjanna og minna sýnilegu dollaraveldi sigraði kommúnisma Sovétmanna og Mao Zedong á sínum tíma. Aðstoð til að kaupa upp kommúnisma í Afríku og Rómönsku Ameríku var möguleg með því að prenta dollara til útflutnings. Í tilviki Rómönsku Ameríku með því að endurnýta olíudollara (petrodollars) með aðstoð bandarískra bankakerfisins og breyta þeim í sambankalán. Seint á áttunda áratugnum fengu bankar í London telexskeyti í kílómetravís frá Citibank í Bandaríkjunum sem buðu upp á þátttöku í sambankalánum. Venjulega fyrir 100 milljónir dollara, en tilgangurinn samkvæmt telexinu var undantekningarlaust *„að styrkja aðgerðir ríkisins“*, að sögn greinarhöfundar GoldMoney.

Þjóðir hnepptar í skuldafjötra

Lán til Suður- og Mið-Ameríkuríkja frá bandarískum viðskiptabönkum og öðrum lánveitendum jukust verulega á áttunda áratugnum. Í upphafi áratugarins voru heildarskuldir Suður-Ameríku frá ýmsum lánveitendum 29 milljarðar dollara, en í árslok 1978 hafði sú tala rokið upp í 159 milljarða dollara. Snemma árs 1982 voru skuldirnar komnar í 327 milljarða dollara.

„Við vissum öll að eitthvað af því var að hverfa inn á svissneska bankareikninga herforingja og stjórnmálamanna í löndum eins og Argentínu. Verið var að kaupa tryggð þeirra við kapítalíska heiminn og það endaði fyrirsjáanlega með skuldakreppunni í Suður-Ameríku,“ segja greinarhöfundar.

Þar sem neysluverðsverðbólga geisaði, þurfti seðlabanki Bandaríkjanna og aðrir helstu seðlabankar að hækka vexti seint á áttunda áratugnum og útlánasveifla banka snerist gegn lántakendum í Mið-Ameríkuríkjunum. Bankar reyndu að draga úr lánaskuldbindingum sínum og oft með lánagjörningum á breytilegum vöxtum, en voru oft að greiða fyrir það með hærri afsláttum.

Í ágúst 1982 var Mexíkó fyrst til að tilkynna bandarískra seðlabankanum, fjármálaráðuneytinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) að það gæti ekki lengur staðið við skuldir sínar. Alls breyttu sextán Mið-Ameríkuríki skuldum sínum í kjölfarið auk ellefu ríkja í öðrum heimshlutum. Bandaríkin tóku þá forystu um að veita lán til þrautavara í samstarfi seðlabanka og AGS. Bandaríkin veittu eigin fyrirtækjum forgang í bataferli og endurskipulagningu fjárfestinga í Mið-Ameríku. Hluti af þessari endurskipulagningu fólst í að gjaldfella lán og hefja yfirtöku og þar með voru menn komnir í lykilstöðu í framleiðslu margra ríkja.

Þetta var hin árangursríka aðferðafræði sem Kínverjar áttuðu sig á tuttugu árum seinna. Hún byggir einfaldlega á því að drekkja þjóðum í *„hagstæðum“* lánum sem þær geta svo á endanum ekki staðið við að borga. Þar með eru þær orðnar þrælar lánveitenda.

Sömu lúalegu aðferðafræðinni átti að beita gegn Íslendingum

Athyglisvert er að skoða þetta í öðru samhengi. Nákvæmlega sömu aðferðafræði átti að beita gegn Íslendingum í kjölfar bankahrunsins 2008 að undirlagi AGS. Íslendingar áttu að fá *„hagstæð“* lán til að borga Icesave klúðrið, vitandi vits um að það setti gríðarlegan skuldaklafa á herðar Íslendingum. Í framhaldinu hefði verið einfalt fyrir lánveitendur að sölsa undir sig fiskimiðin við landið og orkulindir á Íslandi eða hvað sem mönnum hefði dottið í hug. Allt gert í nafni væntumþykju og hjálpsemi við íslenska þjóð.

Kínverjar lærðu af reynslu Bandaríkjamanna

Sumir hafa viljað meina að boð Kínverja til þjóða víða um heim um þátttöku í stórtæku samgöngu- og viðskiptaverkefni kínverskra stjórnvalda, undir því sem kallað er „Belti og braut“, sé afrakstur af lærdómi þeirra á aðferðafræði Bandaríkjanna. Þar séu þjóðir þó að skuldbinda sig með öllu mýkri og lúmskari hætti en í aðferðafræði Bandaríkjamanna. Íslendingar höfnuðu slíku boði 2019. OECD greindi frá því á sínum tíma að yfir 10 ára tímabil frá 2017 hafi Kínverjar ætlað að fjárfesta sem nemur þúsund milljörðum dollara í þessari áætlun í samgönguinnviðum utan landamæra Kína. Það er að jafnvirði um 137 þúsund milljarða króna samkvæmt gengi í byrjun síðustu viku.



UTAN ÚR HEIMI

Genabreytt svínshjarta sem grætt var í sjúkling reyndist vera sýkt af svínaveiru

Fyrr á þessu ári var grætt genabreytt svínshjarta í Bandaríkjamann sem þjáðist af ólæknandi hjartasjúkdómi. Aðgerðin sem slík tókst vonum framar en nú hefur komið í ljós að ígrædda svínshjartað var sýkt af svínaflensu og hjartaþeginn látinn tveimur mánuðum síðar.

Aðgerðin, sem var framkvæmd á vegum University of Maryland School of Medicine, þótti marka tímamót og vera stórt skref fram á við í rannsóknum og framkvæmd á millitegundalíffæragjafa. Sjúklingurinn sem um ræðir var við dauðans dyr þegar hann undirgekkst hjartaaðgerð í janúar síðastliðnum.



Svín sem notuð eru við rannsóknir á millitegundaígræðslum eru séralin.

Dældi blóði af krafti

Nokkrum dögum eftir að hjarta sjúklingsins var skipt út fyrir svínshjartað virtist allt í lukkunnar velstandi og hjartaþeginn sat uppi í rúmi sínu. Mælingar sýndu að hjartað dældi blóði af krafti um líkamann og vann eins og hjarta rokkstjörnu í góðu líkamlegu formi. Rúmum mánuði eftir aðgerðina fór að halla undan fæti hjá hjartaþeganum og tveimur mánuðum eftir aðgerðina var hann látinn. Í yfirlýsingu sem Maryland School of Medicine sendi frá sér vegna andlátsins í mars síðastliðinn sagði talsmaður háskólans að engin augljós orsök væri tilgreind fyrir andlátinu og að beðið væri frekari niðurstaðna rannsókna því tengdu.

Hjartað sýkt

Núna hefur komið í ljós að svínshjartað sem notað var við ígræðsluna var sýkt af svokallaðri svínacýtómegalóveiru og að með aðgát hefði verið hægt að koma í veg fyrir sýkingu og dauða sjúklingsins af hennar völdum.

Líffærasvín

Svín sem notuð eru við rannsóknir á millitegundaígræðslum eru séralin og eiga því að vera laus við vírusa. Líftæknifyrirtækið Revivicor, sem ól svínið, hefur neitað að tjá sig um málið og ekki sent frá sér yfirlýsingu vegna þess.

Sérfræðingar á sviði millitegundaígræðslu segja að þrátt fyrir dauða sjúklingsins af völdum veirunnar hafi aðgerðin gengið vel og að í framtíðinni ætti að vera hægt að koma í veg fyrir sýkingar af þessu tagi.

Helsta hindrunin fyrir líffæraígræðslu úr dýrum í menn er ónæmiskerfi mannsins sem ræðst á framandi frumur í ferli sem kallast höfnun. Til að forðast höfnun hafa líftæknifyrirtæki verið að þróa svín þar sem búið er að fjarlægja sum gen og bæta öðrum við til að draga úr hættu á höfnun.

Tilraunir á heiladauðu fólki

Rannsóknir með millitegundaígræðslur hafa aukist talsvert síðustu árin og hafa meðal annars verið gerðar tilraunir með að græða lifur, nýru og hjarta úr bavíönum og svínum í heiladautt fólk.

Veirur geta stökkbreyst í nýjum hýsli

Þeir sem lengst hafa gengið í að gagnrýna aðgerðir af þessu tagi segja að með millitegundaígræðslum skapist möguleikar á að hættulegir vírusar berist milli tegunda og stökkbreytist í nýja hýslinum.

Þeir geti síðan borist með heilbrigðisstarfsfólki út í samfélagið og valdið faraldri. */VH*

World Food Programme um fæðuöryggi á heimsvísu:

Um 193 milljónir manna búa við alvarlegt fæðuóöryggi

Matarverð hefur hækkað að undanförnu um allan heim og ýtt undir fátækt, hungur og pólitískan óstöðugleika. Þó að engar skyndilausnir séu til við kreppunni ættu betur stæðu lönd að minnsta kosti að reyna að gera hana ekki verri, sagði í grein á vef Bloomberg í byrjun maí.

Vísað er til skýrslu World Food Programme sem segir að um 193 milljónir manna um allan heim búi við alvarlegt fæðuóöryggi. Að hluta til stafar það af þrýstingi á alþjóðlegum matvælamörkuðum sem hafa verið að byggjast upp í nokkurn tíma. Hækkun orkuverðs árið 2021 jók kostnað við áburð og eldsneyti sem hefur neikvæð áhrif á landbúnað. Þurrkar eyðilögðu uppskeru í öflugum matvælaframleiðslulöndum eins og Brasilíu, Bandaríkjunum og Kanada. Þá urðu víða miklar tafir á flutningum af völdum heimsfaraldursins.

Innrás Rússa í Úkraínu hefur aukið á matvælakreppuna. Fyrir stríðið voru löndin tvö að framleiða næstum 30% af hveiti sem verslað var með á heimsvísu. Úkraína lagði til um það bil helming af sólblómaolíu á heimsmarkaði og Rússland einn áttunda af áburði. Refsiaðgerðir gegn Rússlandi hafa hækkað orkuverðið enn frekar og gert áburðinn enn dýrari. */HKr.*

Ört hækkandi verð á landbúnaðarvörum í Evrópu:

Framkvæmdastjórn ESB reynir að bera sig vel

Samkvæmt nýjustu tölum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um skammtímaútlit í landbúnaði munu Evrópusambandslöndin að mestu vera sjálfum sér næg um matvæli út þetta ár. Eigi að síður eru miklar áhyggjur fyrir hækkandi matvælaverði og verðbólgu í löndunum.

Í skýrslunni segir að innrás Rússa í Úkraínu 24. febrúar 2022 hafi verulega raskað alþjóðlegum landbúnaðarmörkuðum og skapað meiri óvissa um framboð á heimsvísu í náinni framtíð. Stríðið hefur m.a. áhrif á framboð á korn og olíufræi, og bætir við óstöðugleika á markaði sem þegar var spennuþrunginn. Þetta valdi líka áhyggjum af fæðuöryggi í ríkjum ESB til lengri tíma og kerfislægum vanda sem stafar af innflutningi á fóðri og áburði sem stórlega hefur dregið úr, einkum frá Úkraínu, Rússlandi og Hvíta-Rússlandi.

Evrópusambandið reynir þó að bera sig vel og framkvæmdastjórn þess segir að framboð á matvælum, fóðri og áburði séu ekki aðaláhyggjuefnið er varðar framboð á korni á markaðsárinu 2022/23, sem hefst í júlí næstkomandi. Telur framkvæmdastjórnin að ESB ríkin verði að „mestu“ sjálfum sér næg um matvæli þar sem afgangur hafi verið af vöruskiptum með landbúnaðarvörur. Þá megi búast við að innri markaður ESB sanni enn og aftur hlutverk sitt við að draga úr sveiflum og áföllum.

„Það eru engu að síður áhyggjur varðandi hagkvæmni í framleiðslu vegna hás markaðsverðs og verðbólguþróunar,“ segir m.a. í skýrslunni. Þar segir einnig:

„Helsta áhyggjuefnið er því vegna verðlagsþróunar. Sem afleiðing af stríðinu, hefur verð á orku, áburði, hveiti og sojabaunum rokið upp. Búist er við að það geri það áfram á þessu ári og mun vega enn þyngra í hækkandi verðbólgustigi. ECB spáir nú 5,1% verðbólgu fyrir ESB árið 2022 og að hún hækki um 2,1% til viðbótar á árinu 2023. Þetta vekur spurningar um getu bænda til að kaupa áburð, fóður og borga þeirra orkureikning. Sérstaklega fyrir bændur sem eru með orkufrek og fóðurfrekan rekstur.

Ástandið vekur einnig spurningar um getu lágtekjuheimila til að kaupa matvörur.“ */HKr.*



Búist er við að fjöldinn sem býr við neyðarástand í vestanverðri Afríku vegna matarskorts muni aukast í 38,3 milljónir á milli júní og ágúst ef ekki verði aukið við hjálparaðstoð. Mynd / FAO

Viðvarandi fæðuóöryggi í vestanverðri Afríku samkvæmt skýrslu FAO:

Yfir 38 milljónir manna munu búa við fæðuskort á næstu mánuðum

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) gaf út sérstaka aðvörun 16. maí síðastliðinn vegna matvælakreppu og viðvarandi fæðuskorts í Vestur-Afríku og Sahel´. Búist er við að ástandið eigi eftir að versna til muna á næstu mánuðum.



Samkvæmt gögnum FAO er áætlað að 27,3 milljónir manna hafi þurft að upplifa mikið fæðuóöryggi frá mars og fram á þennan dag í Vestur-Afríku og Sahel‘. Ástæðan er svæðisbundinn uppskerubrestur á síðasta ári. Búist er við að fjöldinn sem býr við neyðarástand vegna matarskorts muni aukast í 38,3 milljónir á milli júní og ágúst ef ekki verði aukið við hjálparaðstoð. Þetta er meiri fjöldi fólks sem er í neyð en áður hefur sést á þessu svæði. Inn í þetta spila harðnandi pólitísk átök, hátt matvælaverð og þjóðhagslegar áskoranir samhliða áhrifunum af Covid-19 heimsfaraldrinum.

Stríðsátök í Úkraínu hafa leitt til minna framboðs og hækkandi verðs á kornvörum og áburði sem og hækkandi verðs á eldsneyti.

Staðan hefur snarversnað frá 2019

Áætlaður fólksfjöldi sem býr við mataróöryggi hefur vaxið síðan 2014 og næstum fjórfaldast á milli 2019 og 2022. Lítið framboð af áburði og hátt verð mun ýta enn undir þennan vanda. Þá er því spáð að óhagstæð veðurskilyrði muni einnig leiða til minni kornframleiðslu á árinu 2022.

Samkvæmt skýrslu FAO er mesti fjöldinn sem verður fyrir áhrifum fæðuskorts í Nígeríu, eða 19,45 milljónir manna. Þá kemur Níger með 4,4 milljónir, Búrkína Fasó með 3,45 milljónir, Tsjad með 2,1 milljón og Malí með 1,84 milljónir manna. Þá er því einnig spáð að 1,6 milljónir manna muni upplifa fæðuskort í Sierra Leone á þessu ári, 1,2 milljónir í Gíneu og 830 þúsund í Benín.

Vaxandi átök gera ástandið enn verra

Það bætir ekki ástandið að vaxandi átök hafa verið á þessum svæðum á undanförnum tveim árum. Á það einkum við Mið-Sahel og við Chad vatnið (Burkina Faso, Chad, Malí, Nígeríu og Nígeríu), en einnig í norðurhlutum strandríkja, eins og í Benín, Tógó og á Fílabeinsströndinni. Mikil aukning ofbeldis hefur valdið stórfelldum tilfærslum, sem neytt hefur fjölda fólks til að yfirgefa heimili og hverfa frá sinni uppskeru. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Sameinuðu þjóðanna, Samhæfing mannúðarmála (OCHA), voru frá og með mars 2022 um 6 milljónir manna á flótta í Búrkína Fasó, Tsjad, Malí, Nígeríu og Nígeríu, samanborið við 5,15 milljónir snemma árs 2021. Þá leituðu enn 1,17 milljónir manna skjóls sem flóttamenn víðs vegar um nágrannahéruð. */HKr.*

LOKSINS · LOKSINS · LOKSINS

Vorsendingin okkar er loksins komin í hús

Nú eigum við öll garðhúsin okkar og minni gestahúsin til á lager - Takmarkað magn

FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR - EKKI MISSA AF ÞESSU

www.volundarhus.is

VH/21-02



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

volundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Staðgreiðslu lán · VISA Lán - hagstæðar afborganir

MHG VERSLUN

Husqvarna á Íslandi



Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm



Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl



Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl



Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl



Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl



Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG



Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm



Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm



Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli



Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli



Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli



Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli



Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli

MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | **Sími** 544 4656 | **www.**mhg.is

ÁHUGALEIKHÚS Á ÍSLANDI



Fyrsti kossinn – Keflavík



Stúart litli – Mosfellssveit



Rúi og Stúi – Kópavogur



Beint í æð – Selfoss



Nei, ráðherra – Sauðárkrókur



Í fylgd með fullorðnum – Hörgárdalur



Pétur Pan – Húnaþing vestra



Nei, ráðherra – Hveragerði



Tom, Dick & Harry – Fljótsdalshérað



Kardimommubærinn – Eyjafjörður



Ronja Ræningjadóttir – Sauðárkrókur



Ef væri ég gullfiskur – Reykholt



Ferðamaður deyr – Hafnarfjörður



Hrollleikur – Hugleikur



Bót og betrun – Hólmavík



Smán – Eyjaförður



Leitin að sumrinu – Sólheimar



Slá í gegn – Borgarnes

Áhugaleikhúsin okkar landsmanna

Nú síðastliðið haust, nánar tiltekið þann 23. september, hóf Bændablaðið regluleg greinaskrif á síðum sínum varðandi áhugaleikhúsin í landinu.

Mikill áhugi hafði verið varðandi kynningu á starfsemi þeirra, enda kemur þar að fólk úr öllum starfsstéttum og um mikilvægan og merkilegan þátt menningarlífs okkar að ræða.

Leitað var til formanns Bandalags íslenskra leikfélaga, Harðar Sigurðarsonar, sem hefur unnið afar gott starf í þágu áhugaleikhúsa, og deildi hann fúslega með okkur þeim upplýsingum sem innt var eftir, er varðaði tilvonandi sýningarhöld leikhúsanna, uppákomur, fundi eða annað, auk þess að gauka að okkur áhugaverðu efni sem annars hefði ekki komist á síður blaðsins.

Farið hefur verið víða og lesendur kynnst glaum og gleði landshorna á milli, sorg og sút á sviðum leikhúsa okkar Íslendinga.

Vaninn er sá að vertíðir áhugaleikhúsa séu haust og vor og því ætlum við hér hjá Bændablaðinu að gefa umfjöllunum er varða áhugaleik svolítið sumarfrí.

Mikil gleði og ánægja hefur þó verið með efnið og lesendur blaðsins spenntir að fylgjast með hvar sýningar standa yfir.

Nú vil ég sem þetta skrifar, fyrir hönd okkar hér á ritstjórninni, bjóða áhugaleikhúsunum að hafa samband við mig í sumar ef kemur til þess að verða í boði námskeið, leiksýningar eða aðrar uppákomur sem gaman væri að fjalla um eða koma á framfæri, eða ef fólki liggur eitthvað á hjarta sem það telur lesendum okkar mikilvægt.

Við óskum áhugaleikhúsfólki og unnendum gleðilegs sumars og hlökkum til að taka upp þráðinn í haust.

Takk fyrir okkur.

/SP





Síðastliðna þrjá áratugi hefur Þjóðleikhúsið verið í samstarfi við Bandalag íslenskra leikara hvað varðar val á leiksýningu úr smiðju áhugaleikhúsanna er sérstaka athygli vekur. Eins og kom fram í síðasta tölublaði þóttu sýningar Leikflokks Húnaþings vestra og Leikfélags Keflavíkur eiga þann heiður skilinn og óskum við þeim alls hins besta á fjölum Þjóðleikhússins nú í júní. Frá vinstri eru hér þau Björn Ingi Hilmarsson frá dómnefnd Þjóðleikhússins, Guðlaugur Ómar Guðmundsson, ásamt Brynju Ýr Júlíusdóttur frá Leikfélagi Keflavíkur og Arnar Hrólfsson frá Leikflokki Húnaþings vestra.



Komum hlutunum á hreyfingu

Við bjóðum hagstæðar leiðir til að fjármagna ný og notuð atvinnutæki og bíla sem henta rekstrinum þínum.

LANDSBANKINN.IS

MERLO

Fullkominn fyrir íslenskar aðstæður!

VERKFÆRI EHF

Hjá okkur færðu:

- Þjónustu
- Varahluti
- Ábyrgð



Merlo P27.6 Top



MERLO

www.verkfaeriehf.is
S. 544-4210
sale@verkfaeriehf.is
Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi

LÍF & STARF

Aðalfundur Beint frá býli ályktaði um þörf á meira svigrúmi til heimavinnslu

Á aðalfundi Beint frá býli á dögunum var samþykkt aðild að Samtökum smáframleiðenda matvæla (SSFM). Fundurinn ályktaði um að auka þurfi svigrúm til heimavinnslu á fleiri dýraafurðum og heimila þurfi sölu á ógerilsneyddri mjólk og mjólkurafurðum.

Hanna S. Kjartansdóttir, bóndi á Leirulæk, verður áfram formaður, en hún selur nautakjöt undir merkjum Mýranauts.

Þrjú erindi um mat

Við aðildina að SSFM tekur Oddný Anna Björnsdóttir við starfi framkvæmdastjóra Beint frá býli og gegnir því samhliða því að vera framkvæmdastjóri SSFM.

Að sögn Oddnýjar voru þrjú erindi flutt á aðalfundinum sem snerust um mat og matvælaframleiðslu. „Hafliði Halldórsson frá Icelandic Lamb greindi frá árangrinum í markaðssetningu íslenska lambakjötsins. Tjörvi Bjarnason sagði frá Matarlandinu, sem er nýr vefmiðill þar sem fjallað er um allt sem tengist mat og matvælaframleiðslu og er jafnframt vettvangur fyrir sölu og miðlun á upprunamerktum búvörum og fleira góðgæti. Unnur V. Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV, sagði frá þeirri þjónustu sem landshlutasamtökin geta veitt heimavinnsluaðilum og öðrum smáframleiðendum matvæla.

„Það helsta úr skýrslu formanns var að félagið hefur nú fengið þrjú kynningarmyndbönd afhent frá framleiðslufyrirtækinu Beit, sem mikil ánægja er með, enda lýsa þau vel því sem Beint frá býli stendur fyrir og þeim gæðavörum sem félagsmenn framleiða. Eins að ný heimasíða hafi verið tekin í notkun og félagsmenn hvattir til að uppfæra sín svæði eftir þörfum. Í gegnum hana geta neytendur sent framleiðendunum fyrirspurnir og fengið svör og í framhaldinu pantað. Eins var tekin törn í að sækja um afsláttarkjör hjá ýmsum fyrirtækjum," bætir Oddný við.

Auka þarf svigrúm til heimavinnslu

Á aðalfundinum var ályktað um að ánægjuleg þróun hefði orðið í heimavinnslu afurða með reglugerð sem heimilar slátrun sauð- og geitfjár heima á býli. Fundurinn beinir því til yfirvalda að heimila einnig slátrun á alifuglum og nörturum eins og matvælalöggjöfin geri ráð fyrir.

Er í því sambandi vitnað til ákvæðis í matvælalöggjöfinni, þar sem segir að hægt sé að „beina afhendingu framleiðanda á litlu magni kjöts af alifuglum og nörturum, sem er slátrað á býlinu, til neytanda eða smásölufyrirtækis á staðnum sem afhendir slíkt kjöt beint til neytenda sem nýtt kjöt.

Aðildarríki er heimilt, að eigin frumkvæði og með fyrirvara um almenn ákvæði sáttmálans, að viðhalda eða setja landsbundnar reglur." Í ályktuninni segir að hér á landi hafi ekki verið settar landsbundnar reglur, sem þýðir að ekki er hægt að ala alifugla heima á



Hanna S. Kjartansdóttir, bóndi á Leirulæk, verður áfram formaður.

býli og selja afurðir þeirra á löglegan hátt, þar sem sláturleyfishafar taka þessa fugla ekki inn í sláturhúsin sín. Þá óskar fundurinn einnig eftir því að bann við vinnslu afurða heimaalinna svína verði endurskoðað hið fyrsta og fellt úr gildi.

Sala á ógerilsneyddri mjólk

Þá ályktaði fundurinn um þörfina fyrir heimild heimavinnsluaðila til að selja ógerilsneydda mjólk og mjólkurafurðir beint frá býli og setti fram formlega ósk þess efnis á fundinum.

Í ályktuninni segir að bændur finni vel fyrir eftirspurninni eftir slíkum vörum „og telur félagið því að leyfa eigi slíka framleiðslu og sölu með ströngum skilyrðum sem matvælalöggjöfin opnar á



Vörur Beint frá býli.

í gegnum landsbundnar reglur. Verði hún áfram bönnuð verði hægt að sækja um undanþágu að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í dag er heimilt að flytja inn og selja ógerilsneydda osta, en óheimilt séu þeir innlendir, sem er að sjálfsögðu ótækt með öllu," segir í ályktuninni.

/smh

YAMAHA

5 ÁRA ÁBYRGÐ | LÁNSHLUTFALL ALLT AÐ 75% Í ALLT AÐ 60 MÁNUÐI | 10 ÁRA ULTRAMATIC ÁBYRGÐ Á DRIFREIM



YAMAHA Á ÍSLANDI
ARCTIC TRUCKS
Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | S: 540 4900 | www.yamaha.is



Skrifað undir viljayfirlýsingu í Múlanum í Neskaupstað. Frá vinstri: Róbert Sigurvaldason, f.h. Búðinga ehf., Drífa Valdimarsdóttir, f.h. Leigufélagsins Bríetar, Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra, Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar og Hermann Jónasson, forstjóri HMS.

Uppbygging leiguhúsnæðis í Fjarðabyggð:

Byrjað á íbúðum í Neskaupstað og Breiðdalsvík í sumar

Fyrir skömmu var skrifað undir viljayfirlýsingu milli Fjarðabyggðar, Bríetar, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, og verktakafyrirtækisins Búðinga um uppbyggingu og styrkingu leiguíbúðamarkaðarins í Fjarðabyggð.

Í henni felst að nú í júní verður hafist handa við byggingu á fjórum íbúðum í Neskaupstað fyrir Leigufélagið Bríeti, og áætlað að þær verði afhentar í febrúar 2023. Þá verði einnig hafist handa við byggingu á tveimur eignum á Breiðdalsvík seinnipart sumars og áætlað að vinnu við þær verði lokið haustið 2023. Það er verktakafyrirtækið Búðingar ehf. á Fáskrúðsfirði sem mun annast framkvæmdir á báðum stöðum.

Þá var einnig skrifað undir samkomulag þess efnis að Bríet kaupi tvær íbúðir, sem nú er verið að klára við Stekkholt á Fáskrúðsfirði, sem Búðingar hafa unnið við að undanförnu. Þetta kemur fram á vefsíðu Fjarðabyggðar.

Með þessu eru stigin fyrstu skref í samstarfi Fjarðabyggðar við Leigufélagið Bríet eftir að sveitarfélagið lagði þar inn íbúðir sem það átti. Með því varð Fjarðabyggð hluthafi í Bríet ásamt ríkinu. Samstarfið hefur gefist vel og telja aðilar samkomulagsins eðlilegt að næsta skref sé að leggja í enn frekari uppbyggingu leiguíbúðamarkaðarins í Fjarðabyggð og með samkomulaginu eru skref stigin í þá átt.

Þá verður næsta verkefni að hefja undirbúning að byggingu leiguíbúða á Eskifirði og Stöðvarfirði.

Sú vinna hófst nú í maí og stefnt að samkomulagi þess efnis á sumri komanda.

/MÞÞ

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000 Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



Þrjátíu þúsund þakkir til Bakvarða

Nýlega buðum við 30 þúsundasta Bakvörðinn velkominn í hópinn. Af því tilefni fórum við vítt og breitt um landið til að þakka fyrir stuðninginn. Hver einasti Bakvörður björgunarsveitanna skiptir miklu máli og við erum auðmjúk, þakklát og umfram allt stolt af ykkur öllum.

Við sendum þúsund þakkir til Bakvarða sem standa með okkur í hverjum mánuði. Þið vitið hver þið eruð.

Sjáðu svipmyndir frá ferðalaginu okkar á **landsbjorg.is**

LÍF & STARF

Fjölbreytt lánaþjónusta Byggðastofnunar við landsbyggðina:

Kynslóðaskipti gerð auðveldari með allt að 90% veðsetningu

– Tenging byggðafestu við lánaflokka



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Í samtali við Arnar Má Elíasson, settan forstjóra Byggðastofnunar, var litið yfir stöðu lánaflokka og mál byggðafestu, atvinnu og menntunartækifæra fólks í dreifbýli, en störf óháð staðsetningu eru nú að ryðja sér rúms í æ ríkara mæli. Við gefum Arnari orðið, og tökum fyrst fyrir Almenn lán, Kynslóðaskiptalán og stækkun lánasafns.

„Lengst af var bara einn lánaflokkur hjá Byggðastofnun. Sama hvaða verkefni stóðu fólki fyrir höndum, sóttu allir í almennan lánaflokk. En árið 2013 var tekin sú ákvörðun og stefna að horfa til mismunandi atvinnugreina og landsvæða með sértækum lánaflokkum.

Lánaflokkur landbúnaðar var fyrst stofnaður og upphaflega eingöngu ætlaður til kynslóðaskipta. Í kjölfar stofnunar hans greindist mikil eftirspurn frá öðrum bændum um mögulega lántöku hjá Byggðastofnun vegna hugsanlegra endurbóta á sínum jörðum og því var ákveðið að breyta lánaflokknum þannig að hann næði yfir allan landbúnað.

Kynslóðaskiptahugtakið sem við fórum af stað með upphaflega varð þannig að lánveitingum til allra bænda.“

„Breytingin á landbúnaðarlánunum árið 2020 var sú,“ segir Arnar, „að skapaður var hliðararmur, ef svo má segja, út frá landbúnaðarlánunum með kynslóðaskiptum og möguleg lánveiting hækkuð úr 75% í 90%. Gríðarleg breyting sem gerir það að verkum að ungir bændur geta keypt hundrað milljóna króna bú með tíu milljóna króna eiginfjár framlagi.

Þetta er stór ástæða þess hve mikið lánasafnið okkar hefur stækkað, en frá árinu 2020 höfum við veitt 40 kynslóðaskiptalán að upphæð tæplega þriggja milljarða króna, af þeim níu milljörðum sem landbúnaðarlánasafnið stendur nú í. (Lánasafn Byggðastofnunnar í heild er rétt rúmir 20 milljarðar.) Það má því segja að stofnunin hafi, með þessum lánum, stuðlað að því að fjörutíu bú hafi farið í gegnum kynslóðaskipti frá árinu 2020 þar sem ungir og efnilegir bændur taka við af þeim sem eldri eru.

Í einhverjum þessara tilvika hefðu kynslóðaskipti ekki verið möguleg nema með þessum 90% lánum. Þetta hefur því reynst mjög eftirsótt og að mínu viti afar mikilvægt því landbúnaður er lykilbreyta í byggðafestu í landinu. Með þessum lánveitingum tel ég að stofnunin sé að stíga mjög sterkt inn, kynslóðaskiptalánin eru mikilvæg fyrir landbúnaðinn.“

„Þegar kemur að þjónustu stofnunarinnar um málefni landbúnaðarins,“ heldur Arnar áfram, „má kannski bæta því við, að þeim lánsumsóknum sem við fáum fylgja vanalega rekstraráætlanir frá RML sem við leggjum mikla trú og traust á, enda starfsmenn RML sérfræðingar í greininni og gott samstarf okkur mikilvægt. Við höfum reynt að hitta fulltrúa reglulega og farið yfir stöðuna í landbúnaði þannig að við séum meðvituð og meira samstiga þegar lánsumsóknir og rekstraráætlanir berast, auk þess að vera betur undirbúin til að taka góðar ákvarðanir.



„Ég tel það gríðarlega mikilvægt að við náum að skapa þennan grundvöll, Störf óháð staðsetningu, því að hérlendis er fjölmennur hópur fólks sem vill búa utan þéttbýlis, en hefur í raun ekki tök til þess, hvort sem er vegna atvinnu eða menntunar,“ segir Arnar Már Elíasson, forstjóri Byggðastofnunar. Mynd / SP

Byggðastofnun hefur undirritað samstarfssamning við European Investment Fund (EIF), eða Evrópska Fjárfestingabankann um aðild að ábyrgðakerfi sjóðsins á grundvelli COSME áætluninnar sem hefur það markmið að bæta aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að lánsfjármagni á samkeppnishæfum kjörum. EIF er sjóður í eigu Evrópubankans, Evrópusambandsins og annarra minni opinberra og einkaaðila. Ísland á aðild að EIF í gegnum aðild að EES. Samningurinn veitir Byggðastofnun 50% bakábyrgð á lánum veittum úr tilteknum lánaflokkum.

Græn lán, eða sjálfbær fjármál snúast almennt um að auka fjárfestingar sem miða að því að uppfylla markmið sjálfbærni. Græn fjármál er hluti af sjálfbærum fjármálum og vísa til fjárfestinga sem stuðla að því að ná umhverfismarkmiðum um sjálfbærni. Það er mikilvægt að efla græn fjármál því það snýst að miklu leyti um fjármögnun að ná umhverfismarkmiðum.

Verkefnið Brothættar byggðir er sértækt verkfæri Byggðastofnunar til að aðstoða byggðarlög sem standa höllum fæti og stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Sérstaða verkefnisins er fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða. Sótt er um aðild að verkefninu fyrir byggðarlög og ræðst fjöldi þátttökubyggðarlaga af efnum og aðstæðum á hverjum tíma.

Samstarfssamningur Fjárfestingasjóðs Evrópu og Byggðastofnunar

Varðandi frekari fjölgun lánaflokka koma svo einnig til samstarfsviðræður okkar við European Investment Fund (EIF) í Lúxemborg, eða Fjárfestingasjóð Evrópu, sem Ísland á aðild að í gegnum EES samninginn. Sjóðurinn er með verkefni sem kallast COSME, sem stuðlar að því að fjármálastofnanir geti veitt lán í verkefni eða til svæða sem eru að einhverju leyti á jaðrinum, í raun erfið verkefni sem hefðbundnar fjármálastofnanir með arðsemismarkmið að leiðarljósi myndu síður fjármagna.

Í samstarfsviðræðunum kom í ljós að fulltrúar Fjárfestingasjóðsins telja að nánast allar lánveitingar Byggðastofnunar gætu fallið undir verkefnið. Við teiknuðum því upp nýja lánaflokka undir samkomulaginu, en það virkar þannig að lán hafa 50% ábyrgð frá þessum sjóði.

Svo dæmi sé tekið: Veitt er 100 milljón króna lán. Reksturinn gengur ekki upp og stofnunin þarf að fullnusta veðið – og við fullnustu dugar endursala á því ekki fyrir láninu eins og það stendur á þeim tíma. Þá tekur þessi sjóður 50% af þeirri afskrift sem verður í kjölfarið.

Með þessum bakhjarli getur stofnunin veitt áhættusamari lán en áður og minnkað vænt tap stofnunarinnar af slíkum verkefnum.

Nýir lánaflokkar verða eins og áður sagði, kynslóðaskiptin í landbúnaði – 90% lánin, svo stofnuðum við flokk sem heitir Græn lán, líka 90% sem veitt eru til verkefna í öllum atvinnugreinum sem með einum eða öðrum hætti stuðla að umhverfisvernd – fórum af stað með 80% lán til fiskvinnslu eða útgerða í viðkvæmum sjávarbyggðum, einnig undir COSME samkomulaginu, auk þess að koma undir samkomulagið lánaflokki sem reyndar var stofnaður fyrir mörgum árum síðan, lán til stuðnings atvinnurekstri kvenna. Hann ber þá minni áhættu en áður þar sem undir samkomulaginu minnkar vænt tap stofnunarinnar af þeim verkefnum. Nýsköpunarlán eru svo nýr lánaflokkur, veittur til frumkvöðla í landsbyggðunum.

Þannig þessi samstarfssamningur við Fjárfestingasjóð Evrópu gerði okkur kleift að búa til fjóra nýja lánaflokka, alla á mjög flottum kjörum og með góðum skilyrðum, í raun alger bylting fyrir stofnunina,“ segir Arnar alvarlegur í bragði.

Úttektir á stöðu bænda í byggðalegu tilliti

„Byggðastofnun kemur iðulega að alls konar úttektum, greiningum og skýrslum er varða stöðu landsbyggðanna“ heldur hann áfram, „til dæmis er ekki langt síðan að við unnum að samantekt á byggðaáhrifum landbúnaðar. Litið var þar sérstaklega til kynslóðaskipta.

Nýlega bað innviðaráðherra okkur svo að vinna úttekt á stöðu sauðfjárræktar, þá sérstaklega í byggðalegu tilliti, sem við ætlum að skila vonandi núna í lok maí, en eins og við vitum hefur sauðfjárrækt átt undir högg að sækja síðustu ár. Í samantektinni verður litið til þess hvar búin eru, hvaða byggðafesta er í þeim, hvort kynslóðaskipti séu möguleg eða í vændum o.s.frv.

Til viðbótar hefur Byggðastofnun svo oftar en ekki brugðist við og tekið þátt í einskiptisaðgerðum til aðstoðar í landbúnaði þegar þess hefur þurft, sem er mikilvægt fyrir landbúnaðinn. Dæmi um slíkt er til að mynda erfið staða minkabænda, en árið 2019 var unnin greining á stöðu minkaræktar. Í kjölfarið

var svo haldið af stað með sérstakan lánaflokk, til stuðnings minkabændum í landinu, sem glímdu við mikinn lausafjárvanda vegna verðhruns á skinnum á markaði.“

Útvíkkuð starfsemi dreifbýlis

„Annað sem ég tel afar mikilvægt og færist sífellt í aukana hérlendis – er að bændur eru margir hverjir að útvíkka sína starfsemi og bæta við sig ferðaþjónustu, en í dag eru landbúnaður og ferðaþjónusta langstærstar í lánasafni Byggðastofnunar. Oftar en ekki höfum við veitt lán til landbúnaðar og ferðaþjónustu á sama staðinn.

Mér finnst þetta mjög merkileg og góð þróun, að bændur geti nýtt það landsvæði og hugsanlega þær húseignir sem þeir eiga, í ferðaþjónustu og aukið tekjur sínar með slíkri sameiningu.

Að auki trúi ég að upplifun ferðamanna af Íslandi verði allt önnur og betri við að kynnast íslenskum bændum. Með þessu er rétt að horfa til þess að landbúnaður er gríðarlega mikilvægur fyrir landið út frá byggðafestu, því ef hans nyti ekki við væri ekki fólk í dreifðari byggðum sem að myndi koma niður á m.a. ferðaþjónustunni.

Ferðamaðurinn vill þjónustu sem hann fengi ekki, ef dreifðari byggða nyti ekki við. Hringferðir í kringum landið yrðu ekki mikil upplifun ef þar væri enga þjónustu að finna,“ segir Arnar og brosir. „Það er einn þáttur í því hversu mikilvægt það er að halda byggð sem víðast og að styrkja dreifðari byggðir á sem mestan hátt.

Brothættar byggðir

Eitt verkefna Byggðastofnunar er síðan Brothættar byggðir og varðar byggðalög sem standa höllum fæti. Þar má til dæmis sjá áhrif kynslóðaskiptalánanna.

Málið er það að í mjög dreifðum byggðum kemur fyrir að ekki verða kynslóðaskipti, lítill sem enginn áhugi er hjá afkomendum að flytja í sveitina og taka við rekstri búsins. Í einhverjum tilvika er staðan líka sú að jarðir eru það afskekktar að illa gengur að selja þær og þá leggjast þessi bú í eyði. Það er náttúrlega mjög bagalegt.

Þess vegna, meðal annars, höfum við verið að bjóða upp á 90% kynslóðaskiptalánin sem gera það að verkum að einhver utanaðkomandi fær tækifæri til að kaupa umræddа jörð og hefja þar búskap. Í raun er vandamálið það að færri byggðarlög komast að en vilja í verkefnið. Eins og er sinna verkefninu hjá okkur tveir starfsmenn sem fara á íbúafundi og -þing auk þess að sitja í verkefnastjórnun.

Það sem er svo frábært við verkefnið er að það er alfarið unnið af og með heimamönnum, í heimabyggð, að verkefnum sem heimamenn telja ástæðu til að fara í, og þá eftir umræður og kosningar þeirra sjálfra. Það er algerlega lykilatriðið í þessu, að ekki er um að ræða ákvörðun ráðuneytis eða nefndar frá höfuðborgarsvæðinu.

Enda eru niðurstöður og ánægja heimamanna eftir því, tekið er á þeim verkefnum og vandamálum sem þeir telja þörf á.“

Störf óháð staðsetningu

„Í raun, svo punktur sem tengist þessu einnig,“ bætir Arnar við, „er að mínu viti ein stærsta byggðaaðgerð síðustu ára; Störf óháð staðsetningu. Við vorum að klára ársfund Byggðastofnunar núna 5. maí og var þetta þema fundarins, rætt frá öllum hliðum, kostir og gallar.

Í ríkisstjórnarsáttmálanum er kveðið á um að öll störf hins opinbera skuli auglýst óháð staðsetningu, sé hægt að vinna þau á þann máta. Mikil áhersla virðist lögð á þetta hjá hinu opinbera og tel ég það afar mikilvægt.

Oft atvikast málin þannig að yngra fólkið fer á höfuðborgarsvæðið til þess að mennta sig en kemur ekki aftur í landsbyggðirnar.

Ef viðkomandi fær ekki starf tengt náminu í sinni heimabyggð er auðvitað mjög erfitt fyrir þann einstakling að flytja þangað aftur, þó viljinn sé fyrir hendi.

Hins vegar, ef sá möguleiki væri fyrir hendi að fólk geti flutt aftur í heimabyggð og unnið störf óháð staðsetningu, þá er það gríðarlegt byggðarmál að mínu viti og gæti orðið til þess að meiri byggðafesta næðist á þeim stöðum sem hafa glímt við viðvarandi fólksfækkun.

Ég tel að yngri kynslóðirnar, sem eru í háskóla núna, séu opnari fyrir slíkri tilhögun og eftir fimm eða tíu ár muni slíkt þykja sjálfsagt. Það verði ekki einu sinni til umræðu hvar þú býrð á landinu – þú bara vinnur starfið þaðan sé þess kostur.

Það má segja að Covid hafi ýtt okkur 10 ár fram hvað varðar þessa hugmynd þegar stór hluti landsmanna neyddist til að vinna heiman frá sér. Þetta er stór punktur hvað varðar byggðafestu – að þessi möguleiki sé fyrir hendi.

Við gerðum könnun árið 2020 í dreifbýli og sveitum þar sem íbúar voru spurðir um ýmsa þætti – þar á meðal hvort þeir hygðust flytja í þéttbýli á næstu þremur árum.

Af þeim sem sögðust ætla að flytja í þéttbýli var rúmur helmingur sem sagði ástæðuna vera atvinnu- eða menntunartækifæri.

Ef við getum stuðlað að því og komið því til leiðar að fólk geti unnið og sinnt námi frá þeim stað á Íslandi sem það helst kýs, í dreifbýli, sveitum eða þéttbýli – þá er mikill sigur unninn. Ég tel mjög mikilvægt að við náum að skapa þennan grundvöll því að fjölmennur hópur fólks vill búa utan þéttbýlis samkvæmt þessari könnun, en hefur í raun ekki tök á því vegna atvinnu- eða menntunartækifæra.

Val um fjarvinnu og fjarnám er framtíðin.“

YARA

Gróffóðurkeppni Yara 2022

Kynning á keppendum



Bjóla

Ágúst Sæmundsson

1. Bjóla í Rangárþingi ytra.
2. Jörðin er 1.000 ha og þar af eru 140 ha ræktaðir.
3. Nautgripir, um 95 mjólkandi kýr og í uppeldi er um 125 gripir.
4. Slá á réttum tíma.
5. Vallarfoxgras.
6. Já, með skeljasandi. U.þ.b. 4 tonn/ha við endurræktun.
7. Búskapurinn.




Egg

Davíð Logi Jónsson og Embla Dóra Björnsdóttir

1. Egg á Hegranesi í Skagafirði.
2. 253 ha og þar af um 68 ha ræktaðir.
3. Kúabú, en líka skógrækt.
4. Veðrið. Úrkomuleysið um vorið, og vonandi fáum við vætu fyrir fyrsta slátt.
5. Vallarfoxgras, fjölært rýgresi og vallarsveifgras.
6. Já, ég setti tæplega 2 tonn af Dolomit kalki á túnið haustið 2020.
7. Þau eru ýmis, en ræktun er stutta svarið, hvort sem það er í gróðurhúsi, fjósi eða úti á túni.

Spurningalistinn

1. Hvar er bærinn?
2. Stærð jarðar og þar af ræktað land?
3. Gerð bús?
4. Hvað telur þú vera stærstu áskorunina í keppninni?
5. Hvert er sáðgresi keppnisspildunnar?
6. Hefur keppnisspildan verið kölkuð? Ef svo er þá með hvaða kalkgjafa og hve mikið?
7. Áhugamál?



Sláturfélag Suðurlands svf. | Fosshálsi 1, Reykjavík - 575-6000 | yara@yara.is | www.yara.is

LÍF & STARF

Garðyrkjustöðin Laugaból í Mosfellsdal:

Í jarðarberja- og jarðvegsrækt

– Tveir nemendur Garðyrkjuskólans taka út verknám í starfsstöð sem þær leigja í sumar

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is





Að mörgu er að huga þegar fengist er við jarðarberjaframleiðslu í fyrsta sinn, en Elfa Björk Sævarsdóttir og Ragna Dagbjört Davíðsdóttir gátu með leigu á Laugabóli uppfyllt kröfur um verknám og búið haugánarannsóknum sínum nýtt athvarf. Myndir / ghp

Þær Elfa Björk Sævarsdóttir og Ragna Dagbjört Davíðsdóttir ráðgjafar, ömmur og nemendur Garðyrkjuskólans á Reykjum, stigu ærlega út fyrir þægindarammann þegar þær tóku á leigu garðyrkjustöð í Mosfellsdal. Þar ætla þær að rækta jarðarber og sinna samhliða rannsóknarverkefni með haugánamoltugerð.

Í mars síðastliðnum var Ragna Dagbjört stödd í garðyrkjustöðinni Laugabóli í Mosfellsdal. Þar kom upp sú hugmynd að hún fengi þar athvarf fyrir haugánamaðkana sína. Kom til tals að eigendur staðarins hygðust hætta garðyrkjuframleiðslu.

Tveimur vikum síðar stóðu Ragna og samnemandi hennar í Garðyrkjuskólanum, Elfa Björk, í ströngu við að koma þúsundum jarðarberjaplantna í potta og stilla upp jarðarberjaframleiðslu í 600 fermetra ræktunarhúsnæði sem þær höfðu leigt.

„Satt best að segja vorum við farnar að kvíða því að finna okkur verknámsstað því konur á sextugsaldri eru ekki fyrsta val garðyrkjustöðvanna. Þar sem tækifærið gafst ákváðum við bara að kýla á þetta og slá tvær flugur í einu höggi; fengum húsnæði fyrir ánanna og urðum okkur út um verknám. Hér var okkur svolítið hent út í nokkra óvissu. Við höfðum auðvitað lært eitthvað í skólanum en nú þurftum við að fara að láta fræðin virka," segir Ragna en þær Elfa Björk tilheyra þeim hluta garðyrkjunemenda sem ákveða að setjast á skólabekk eftir langan feril á vinnumarkaði.

Áður störfuðu þær báðar sjálfstætt, áttu báðar sín eigin ráðgjafarfyrirtæki. Á meðan Elva Björk sá um gæðaráðgjöf fyrir bændur með heimavinnslu þá starfaði Ragna á sviði úrgangsmála, síðast hjá Fjarðabyggð. Þær kynntust í garðyrkjunáminu og vinna nú saman alla daga.

Synda í djúpu

Af ýmsu er að huga við framleiðslu á jarðarberjum.

„Þegar plöntunum hafði verið komið fyrir þá þarf að huga að áburðargjöf og passa hitastig, fylgjast með vökvun, binda upp plöntur, bregðast við óværum ef þær koma upp, hugsa um býflugurnar og taka sprota svo eitthvað sé nefnt. Þetta væri kannski ekki jafn mikið starf ef við værum búnar að gera þetta í áratug, en núna erum við að fást við þetta í fyrsta sinn svo við erum vel á verði og vakandi fyrir öllu," segir Elfa Björk.

„Eigendur staðarins komu okkur ágætlega af stað fyrstu dagana en flugu svo til Tenerife. Þá höfðum við ekki einu sinni lært á áburðarblandarann. Okkur fannst það svolítið ógnvekjandi en eftir á að hyggja var það algjör nauðsyn, við fórum að lesa leiðbeiningar sem fylgdu vélinni og finna út úr hvernig hlutirnir virkuðu. Þarna var okkur hent út í djúpu og auðvitað gátum við synt," segir Ragna.

Rekstrarhlið framleiðslunnar er annar stór þáttur matjurtaframleiðslu en þar eru vinkonurnar báðar þaulreyndar. „Það þarf að halda utan um reksturinn, vera í tengslum við birgja, panta inn öskjur og merkimiða og fylgja þessu öllu eftir," segir Elfa Björk, en þær eiga von á um 2,5 tonna uppskeru af jarðarberjum næstu vikur og mánuði.



Haugánar þrífast vel í kössum inni í gróðurhúsum. Þeir nærast af forunnum lífrænum úrgangi og sölnuðum laufum úr jarðarberjaframleiðslunni. Úrgangurinn breytist í fyrirtaks ræktunarefni.

Ánamold er fyrirtaks ræktunarefni

Samhliða jarðarberjaræktuninni eru vinkonurnar því að gera tilraunir með haugánamoltu, rannsóknir sem Ragna hóf fyrir nokkrum misserum.

Hún hlaut meðal annars styrkúthlutun úr sjóði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem stuðlar að eflingu hringrásarhagkerfis á Íslandi.

„Með styrknum gafst tækifæri til að stækka umfang rannsóknarinnar, auk þess sem þetta er góð viðurkenning. Ég fór í Garðyrkjuskólann fyrst og fremst til að læra meira um þetta áhugasvið mitt. Mér fannst ekki nóg að gera moltu, ég vildi að hún væri góð, næringarrík og nothæf. Til þess þurfti ég að vita hvað plöntur þurfa," segir Ragna.

Haugánar lifa ekki úti í íslenskri náttúru. „Fámennur hópur hérlendis hefur notað þá til að moltugera heima við en erlendis er þetta gert á stærri skala, þar er tekið við alls konar lífrænum úrgangi í stórum skemmum og þar er úrganginum breytt í fyrirtaks ræktunarefni. Úrgangur sem hefur farið í gegnum meltingu ána hefur æskilega örveruflóru og rannsóknir hafa sýnt að ánar hreinsi jarðveg svo sem af salmonellu," segir Ragna.

„Í stað þess að hita moltuna upp í 70 gráðu hita er þetta því svokölluð köld moltugerð. Með því rýkur minna af næringarefnum út sem gas og auk þess myndar hún koltvísýring í réttu magni fyrir gróðurhúsið," bætir Elfa Björk við.

„Í raun sé ég fyrir mér litlar ánamoltustöðvar dreifðar um landið. Þetta krefst ekki mikils stofnkostnaðar – einungis upphitaðs húsnæðis. Mér finnst svona moltugerð henta mjög vel í gróðurhús þar sem haugánarnir vinna vel í hita og raka og gefa svo frá sér koltvísýring í réttu magni til ræktunarinnar. Ormakassarnir gætu til að mynda verið undir ræktunarborðunum. Hægt er að setja sölnuð lauf af plöntum ofan í kassann, sem fóður fyrir ormana, auk þess að safna lífrænum úrgangi úr nágrenninu. Það yrði til dæmis smart að vera grænmetisræktandi sem seldi afurðir til hótela, taka svo frá þeim lífræna úrganginn og nýta hann í ræktunina með þessum hætti. Þannig myndast hringrás."

Í leit að starfsstöð

Vinkonurnar sjá ekki fyrir sér að sitja auðum höndum eftir að ræktunartímabilinu á Laugabóli lýkur og þær útskrifast sem garðyrkjufræðingar. Þær eru í reynd í leit að jarðnæði fyrir frekari garðyrkjustarfsemi.

„Við erum rétt að byrja að rækta og eigum í það minnsta þrjátíu ár eftir á vinnumarkaði svo við erum að leita að góðu landi, minnst hektara, á heitu svæði fyrir gróðurhús." /ghp

LSB Lífeyrissjóður bænda

Ársfundur 2022

Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda
verður haldinn föstudaginn 3. júní 2022 kl. 14
að Stórhöfða 23, 4. hæð, Reykjavík.

Dagskrá:
- Venjuleg ársfundarstörf.
- Stjórnarkjör.
- Tillögur um breytingar á samþykktum.
- Önnur mál.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu.

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda
Lífeyrissjóður bænda - Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík
Sími 563 1300 - lsb@lsb.is - www.lsb.is

LÍF & STARF



Starfsfólk skólans og nemendur munu rækta og hlúa að ýmsum matjurtum í „bambahúsunum“, sem búin eru til úr endurnýttum vökvatönkum (bömbum).

Reykjahlíðarskóli í Mývatnssveit:

Bambahús nýtt til að kenna nemendum sjálfbærni

Bambahús, sem svo er nefnt, hefur verið komið fyrir við Reykjahlíðarskóla í Mývatnssveit. Starfsfólk skólans og nemendur munu rækta þar og hlúa að ýmsum matjurtum.

Bambahúsið inniheldur 1.000 lítra IBC tank sem kallast bambar. Notkun gróðurhússins stuðlar að eflingu hringrásarhagkerfisins þar sem endurnýttar eru vökvaumbúðir sem annars væru fluttar úr landi og urðaðar. Tilgangur hússins er að kenna nemendum sjálfbærni og ræktun og hvernig hægt er að minnka kolefnisspor.

Gróðurkassar á skólalóð

Einnig hefur gróðurkössum verið komið fyrir á skólalóðinni en nemendur smíðuðu og skreyttu þá sjálfir í vetur. Þar mun fara fram moltugerð þar sem afgangs grænmeti og ávextir eru nýttir í moltuna og stendur svo til að rækta gulrætur, grasker og ávexti í sumar svo eitthvað sé nefnt.

Íslenska gámafélagið stendur fyrir verkefninu Bambahús sem byggir á þeirri hugmyndafræði að virðisauka þau verðmæti sem finna má í einnota umbúðum með megináherslu á svokallaða bamba. Bambar eru 1.000 lítra plasttankar, gerðir úr plasti og galvaníseruðu járni. Í þeim eru fluttir inn alls kyns vökvar, meðal annars til matvælaframleiðslu. Þetta kemur fram á vefsíðu Skútustaðahrepps.

/MÞÞ









LÍF & STARF

Eigendur garðyrkjustöðvarinnar Mela á Flúðum á tímamótum:

Bjartsýnir garðyrkjubændur með stáltaugar

– Guðjón Birgisson var sannkallaður brautryðjandi á sviði lýsingar í gróðurhúsum



Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Á Melum starfrækir sonur Guðjóns Birgissonar og Sigríðar Helgu Karlsdóttur, Birgir Guðjónsson, ásamt eiginkonu sinni, Steinunni Jónsdóttur, Litlu bændabúðina en þar eru seldar vörur garðyrkjustöðvarinnar ásamt afurðum beint frá bændum og smáframleiðendum, s.s. kjöt, hrossabjúgu, kryddjurtir, mjólk, ber, sælgæti, sultur og súrkál. Vöruúrvalið byggir á uppskeru og framboði á hverjum tíma. Myndir / ghp

Guðjón Birgisson og Sigríður Helga Karlsdóttir á garðyrkjustöðinni Melum á Flúðum í Hrunamannahreppi hafa marga fjöruna sopið.

Þau byggðu sitt fyrsta gróðurhús liðlega tvítug að aldri, voru fyrst bænda í Evrópu til að rækta tómata undir lýsingu og undanfarin ár verið langstærsti einstaki ræktandi blómkáls á landinu.

Tólf ára gamall réði Kópavogsbúinn Guðjón sig í vinnu hjá Einari Hallgríms og Sigurbjörgu Hreiðarsdóttur í Garði.

„Þá gátu foreldrar, sem vildu að börnin sín færu í sveit, skráð þau gegnum Ráðningarstofu landbúnaðarins. Bændur hringdu inn og báðu um vinnuafl. Þannig kom ég hingað í sveitina og lærði mjög mikið af Einari og Sigurbjörgu," segir Guðjón en strax eftir grunnskólagöngu lá leið hans í Garðyrkjuskólann. Hann starfaði þó öll sumur í Hrunamannahreppnum og þar kynntust þau Helga. Hjónin hafa unnið samhliða alla tíð síðan og eiga þau fjögur uppkomin börn.

„Við stofnum garðyrkjustöðina árið 1980, ég 21 árs og Helga 22 ára, og byrjuðum að byggja fyrsta gróðurhúsið um haustið 1980

Það var 900 fermetrar og fannst nágrönnum okkar þetta svo stórtækt að við þyrftum aldrei að byggja meira."

En tímarnir hafa breyst mikið á fjörutíu árum og húsunum fjölgað með. Í dag rækta Melabændur grænmeti í rúmlega 5.000 fermetrum af upphituðum gróðurhúsum. Þar má finna tómata, gúrkur, paprikur, salat, kryddplöntur og grænkál.

Blómkálsbomban

Útiræktunin bætist svo við yfir sumartímann. Þar er blómkálsræktunin umfangsmest enda hefur eftirspurn eftir afurðinni verið ævintýraleg síðustu misseri sökum mataræðisbreytinga neytenda. Í fyrra komu rúm 50 af þeim 98 tonnum sem framleidd voru hér á landi frá framleiðslu Guðjóns og Helgu.

„Ég man að heildarsalan hjá öllum ræktundum fyrir svona 20 árum voru um 900 kassar á viku. Í fyrra lagði ég inn um 800-1200 kassa á viku og annað eins í hverri viku þá tvo mánuði sem við gátum uppskorið. Það var mjög lítið um afföll, það seldist eiginlega allt," segir Guðjón.

Jafnframt framleiða Melar ýmsar tegundir af káli, svo sem hvítkál, rauðkál, rófur, hnúðkál, spergilkál og kínakál. Fyrstu árin lögðu þau minna en einn hektara undir útiræktun en mest hafa þau ræktað í 14 hektörum. Í fyrra var ræktað í 5,7 hekturum en í ár hyggur Guðjón á verulega minnkun á framleiðslu blómkáls. Í staðinn ætlar hann að auka við kínakálið.

„Blómkálið er vinnufrekt og viðkvæmt í ræktun en kínakálið er auðveldara. Ég ætla að sjá hvort það gangi upp fyrir reksturinn að minnka umfang og álag á okkur hjónin," segir Guðjón, en þau Helga tóku fyrstu árin aldrei lengra frí en langa helgi. Nú hafa fríin lengst vegna tækninýjunga og frábærra starfsmanna. Guðjón segir því tímabært að fara að hægja aðeins á og fjölga frídögunum. „Við eigum örugglega inni sumarleyfisdaga sem endist út ævina."

Umbylting og framfarir

Á þeim rúmum 40 árum sem Guðjón og Helga hafa starfað sem garðyrkjubændur hefur ótal margt átt sér stað í starfsumhverfinu.



Á Melum eru framleiddar um 10% af gúrkum landsins.

Í fyrsta lagi hafa aðstæður til útiræktunar tekið stakkaskiptum. Með lengri sumrum tognar úr vaxtarskeiði útiræktaðra afurða og því fylgja möguleikar á fleiri afbrigðum í öllum tegundum þess grænmetis.

„Veðurfarið er bara allt annað en það var fyrir 30–40 árum síðan.



Guðjón og Helga rækta þrjár tegundir af tómötum; stærst eru þau í litlum heilsutómötum en auk þeirra rækta þau gula kirsuberjatómata og stærri hefðbundnari tómata.



Sumrin eru lengri og hlýrri. Fyrir tuttugu árum var frost 1. maí og tímabilinu lauk 15. september því þá var aftur komið frost. Núna er tímabilið hálft ár og maður nokkuð rólegur fram að 15. október.“

Þá hafa gífurlegar tækniumbætur átt sér stað, framfarir sem Guðjón og Helga hafa átt stóran þátt í.

„Ég er verulega nýjungagjarn og hef alltaf viljað prófa það nýjasta sem er í gangi. Þetta er til dæmis fyrsta einkarekna stöðin í Evrópu sem ræktaði tómata með lýsingu.“

Árið 1994 framkvæmdu þau hjónin tilraun í samstarfi við Rarik, Samband garðyrkjubænda og fleiri aðila um að rækta tómata undir ljósum að vetri til.

„Í Garðyrkjuskólanum höfðu verið gerðar tilraunir með lýsingu tómatplantna á árunum 1977–1978, en þá var kunnáttan ekki meiri en svo að notuð voru 50 watta ljós. Ég gerði tilraun með 160 wött og þá tókst ræktunin sæmilega. Í dag eru tómatar ræktaðir með 250 wöttum,“ segir Guðjón, en ylrækt undir ljósum er í dag grundvöllur tómataræktunar hér á landi sem og víðar í Norður-Evrópu.

Tækniframfarir eru hægari í útiræktun og því enn afar mannfrek framleiðsla.

„Þegar við Helga byrjuðum notuðum við alla páska til að prikla eftir að hafa sáð í bakka. Svo gengum við bogin um garðana og plöntuðum. Nú er fljótlegt að sá með sáðvél. Plöntunin er einnig vélræn en það þarf reyndar sex til sjö manns í verkið,“ segir Guðjón, en þegar afurðin er tilbúin þarf að handskera hvern einasta kálhaus upp. Hann segist þurfa sex auka starfsmenn þá sex mánuði sem útiræktunin fer fram.

„Til eru vélar sem skera kál erlendis. En þar sem jörðin hér er kaldari verður stilkurinn styttri svo vélin nær ekki að skera.“



Útiræktaðar kálplöntur voru um það bil að verða tilbúnar til útplöntunar. Guðjón og Helga hafa verið umfangsmestu ræktendur blómkáls í landinu en í ár hyggjast þau minnka við sig í þeirri framleiðslu. Þess í stað verður aukning á ræktun kínakáls.

Vinsælir á fjögurra ára fresti

Guðjón sér bjarta tíma fram undan í íslenskri garðyrkjuframleiðslu enda séu afurðirnar góðar, heilnæmar og ræktaðar án eiturefna, sem ættu að vera eftirsóknarverðir eiginleikar fæðu. Það sem háir aukningu í ylræktarframleiðslu er að sögn Guðjóns raforkuverð, tíðrætt málefni sem dúkkar upp reglulega á vettvangi stjórnmálanna.

„Okkur var lofað fullum endurgreiðslum af flutningi, eins og alltaf fyrir kosningar. Enn vantar upp á 20% og athugið að þetta er bara flutningurinn, ekki magnið. Við erum að borga samkvæmt sömu gjaldskrá og heimilin, sem er galið.



Litríkar paprikur vaxa á Melum.

Ég er með tvær heimtaugar sem ég er örugglega búinn að borga upp 30 sinnum. En stjórnmálamenn gleyma okkur fljótt, svo skjóta þeir aftur upp kollinum í umræðunni um málefnið hálfu ári fyrir næstu kosningar.

Þá verðum við mjög vinsælir,“ segir Guðjón, sem fær 5–6 milljóna króna rafmagnsreikning í hverjum mánuði.

Bjartsýnin borgar sig

Á Melum starfrækir sonur hjónanna, Birgir, ásamt eiginkonu sinni, Steinunni Jónsdóttur, Litlu bændabúðina, en þar eru seldar vörur garðyrkjustöðvarinnar ásamt afurðum beint frá bændum og smáframleiðendum, s.s. kjöt, hrossabjúgu, kryddjurtir, mjólk, ber, sælgæti, sultur og súrkál. Vöruúrvalið byggir á uppskeru og framboði á hverjum tíma.

Guðjón unir sér best í ræktuninni sjálfri enda þekkir hann lítið annað. „Einhver er ástæðan fyrir því að ég er búinn að hanga í þessu starfi í 52 ár. Það eina sem ég hef unnið í lífinu, annað en í garðyrkju, eru fjórir mánuðir hjá trésmið. En að vera garðyrkjubóndi er mjög fjölbreytt starf og skemmtilegt. Maður þarf að vera píparinn, rafvirkinn og smiðurinn, annars gengur þetta ekki upp. En ég hef alltaf haft gaman af þessu.“

Starfinu fylgir enn fremur heilsubót, enda felst í henni mikil hreyfing og útivera, auk þess sem það skemmir ekki að hafa greiðan aðgang að fersku grænmeti.Hins vegar er garðyrkjufram- leiðsla alltaf ákveðið glæfraspil, því rekstrarreikningurinn flöktir með utanaðkomandi óvissuþáttum, eins og veðurfari. „Kostnaðurinn er óstöðugur. Allt hefur til að mynda hækkað núna, bæði áburður og fræ. En það er vonandi bara tímabundið vandamál, sem maður tekst á við með því að fá minna í kassann í haust en ella. Svo er dýrt að lenda í tjóni eins og uppskerubresti. Maður er þegar búinn að eyða öllum efniskostnaði og vinnuafli við ræktunina þegar hún eyðileggst. Það þarf því allt að ganga vel svo þetta borgi sig.“

- En hvernig gengur það upp?

„Þú þarft að vera bjartsýnn og hafa ágætis taugar,“ segir Guðjón Birgisson, garðyrkjubóndi á Melum.

Lely Center Ísland



VARAHLUTIR Í DRÁTTARVÉLAR



Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – lci.is

UTAN ÚR HEIMI

Tekist er á um landbúnað í ESB og innflutning á ódýrum appelsínum frá Afríku sem úðaðar eru með skordýraeitri:

ESB notar stríðið í Úkraínu sem afsökun fyrir að leyfa notkun á skordýraeitri

Í landbúnaði er hvergi notað meira af skordýraeitri en í ávaxtarækt. Evrópuríki hafa reynt að berjast gegn slíkri eiturefnanotkun og bönnuðu m.a. notkun klórpýrifors (Chlorpyrifos) skordýraeiturs í janúar 2020. Ástæðan var rannsókn EFSA sem gaf til kynna að eitrið ylli heilaskaða í börnum. Bandaríkin settu svipaðar reglur í ágúst 2021. Nú hafa ESB ríkin gefið undanþágu á þetta bann og er stríðið í Úkraínu notað sem afsökun.

Þrátt fyrir yfirlýst bann við notkun skordýraeiturs hafa framleiðslufyrirtæki og innflutningsaðilar reynt að fara í kringum þessar reglur. Í sumum tilfellum flutt framleiðsluna til Afríkuríkja þar sem laun og annar framleiðslukostnaður er mun lægri. Þar eru heldur engar hömlur við notkun eiturefna.

Spánn er stærsti framleiðandi og útflutningsríki á appelsínum í Evrópu. Þar hefur verið útbreidd mikil notkun skordýraeiturs við ræktun sítrusávaxta. Ljóst var að bann ESB við slíkri notkun kæmi illa við þarlenda bændur sem hafa þurft að keppa við innflutning þar sem ekkert bann ríkir.



Rannsóknir sýna að notkun skordýraeiturs í ávaxtarækt er enn mjög útbreidd þó reynt hafi verið að banna slíkt í Evrópu og Bandaríkjunum á síðustu árum.



Spænskir appelsínubændur telja að sér vegið með innflutningi á ódýrum appelsínum frá Afríku.

Framkvæmdastjórn ESB krafði Spánverja um skýringar

Í frétt í blaðinu Politico á Spáni í mars síðastliðinn er greint frá því að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vilji að Spánn útskýri strax hvers vegna þar hafi verið ákveðið að flytja inn ávexti sem úðaðir hafi verið með skordýraeitri sem bannað er að nota í ríkjum ESB. Í bréfi sem Politico hafði undir höndum er talið að skordýraeitrið sé krabbameinsvaldandi og að þessi innflutningur geti verið skaðlegur börnum. Þessi ofanígjöf við Spánverja hélt þó ekki lengi og framkvæmdastjórnin hvarf á braut með skottið á milli lappanna.


Stríðið í Úkraínu notað sem afsökun fyrir afléttingu á eiturefnabanni

Í viðleitni til að létta þrýstingi á landbúnaðargeiranum í samkeppni við innflutning frá Afríku ákvað framkvæmdastjórn ESB í mars að gefa eftir í banninu við eiturefnanotkuninni.

Þá var heimilað að aðildarlönd gætu sett sínar eigin tímabundnu reglur um magn „varnarefnaleifa“ sem finnast í innfluttum landbúnaðarafurðum.

Var stríðið í Úkraínu notað sem afsökun í málinu og sagt að þetta væru viðbrögð við ótta spænskra sauðfjárbænda um að verða uppiskroppa með fóður fyrir sauðfé.





Næstum allar tegundir vínberja og appelsína innihalda „kokteil af skordýraeitri" samkvæmt rannsóknum á menguðum ávöxtum og grænmeti í breskum stórmörkuðum.

Ástæðan var sögð sú að dregið hafi úr kornsendingum frá Úkraínu.

Stöðu Spánar sem stórframleiðanda á appelsínum ógnað

Málið er þó flóknara en þetta og hart er nú tekist á um innflutning á appelsínum frá Afríku. Staða Spánar sem stórframleiðanda á appelsínum er nefnilega ógnað vegna innflutnings á ódýrum appelsínum sem lúta engum mengunarreglugerðum frá Afríku.

Þau viðskipti fara fram samkvæmt viðskiptasamningum sem gerðir voru í Brussel. Því fóru spænsk yfirvöld fram á það í fyrra að ESB endurskoðaði samninga um innflutning á sítrusávöxtum frá ríkjum utan sambandsins eins og frá Afríku.

Spænskir appelsínubændur segjast lepja dauðann úr skel

Appelsínubændur í samtökunum Asaja á Alecante-svæðinu á Spáni kvörtuðu undan því í janúar að markaðsverð á appelsínum hafi hrunið í landinu vegna innflutnings á ódýrum appelsínum frá Afríku.

Þannig hafi heildsöluverð á Nevelia appelsínum af svæðinu fallið úr 20 evrusentum á kílóið 2021 í aðeins 7 sent.

Stórmarkaðir skila gargandi gróða

Segja Asaja samtökin að samkeppnin sé orðin mjög ósanngjörn og stórmarkaðir séu með allt að 1.900% hagnað af sölu á appelsínum frá Afríku. Formaður samtakanna bendir á að við venjulegar aðstæður geti bændur framleitt hvert kíló af Nevelia appelsínum fyrir 15 sent og selt það til verslana fyrir 20 sent. Stórmarkaðirnir hafi síðan selt þær fyrir 80 sent á kílóið. Nú séu bændur að fá 7 sent fyrir kílóið sem stórmarkaðir selji síðan í smásölu á 1,50 evrur.

Á vefsíðu Eurofruit var fjallað um þessi mál þann 21. apríl síðastliðinn. Þar segir að spænskir sítrusframleiðendur krefjist þess að Brussel flýti fyrir áætlunum um að setja strangari reglur um innflutning á appelsínum frá Afríku sunnan Sahara. Meðal spænskra ávaxtabænda er vaxandi ótti um að þær nýju ráðstafanir sem kynntar hafa verið verði ekki til staðar áður en ný sítrussöluherferð hefst á suðurhveli jarðar.

Íslendinga skortir D-vítamín, en lítið talað um eiturefna-innihald í appelsínum

Lítið er vitað um eiturefnainnihald í appelsínum og öðrum sítrusávöxtum sem fluttir eru til Íslands. Áður hefur þó verið upplýst að tækjabúnaður til slíkra rannsókna hafi verið mjög takmarkaður hjá íslenskum eftirlitsaðilum.

Landlæknisembættið á Íslandi segir Íslendinga skorta mjög D-vítamín og hvetur því m.a. til að almenningur borði meira af ávöxtum, eins og appelsínum, sem séu góðar fyrir heilsuna. Í síðasta Bændablaði var greint frá niðurstöðum landskönnunar Embættis landlæknis og Rannsóknastofu í næringarfræði við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands, sem kynnt var þann 10. mars síðastliðinn. Hún sýndi að um 50–75% Íslendinga eru með of lítið af D-vítamíni í blóði.

Í úttekt Evrópusambandsins um innflutning á appelsínum til 27 ESB landa á árunum 2011 til 2021 kemur fram að langmest var flutt inn frá Suður-Afríku og þar á eftir komu Egyptaland og Marokkó. Simbabve, Túnis og Tyrkland voru einnig ofarlega á listanum. Á árunum 2019 til 2020 voru flutt inn rúmlega 75 þúsund tonn af appelsínum frá Marokkó til ESB landa. Þar er ekkert bann í gildi við notkun skordýraeiturs við ræktun á appelsínum.

Árlegar prófanir í Bretlandi

Næstum allar tegundir vínberja og appelsína innihalda „kokteil af skordýraeitri" samkvæmt rannsóknum á mest menguðu ávöxtunum og grænmetinu í stórmörkuðum í Bretlandi. Á hverju ári prófa stjórnvöld í Bretlandi sýnishorn af matvöru með tilliti til efna og til að sjá hvort ummerki sé að finna í matvælum þar í landi.

Í september á síðasta ári var greint frá því að opinberar tölur sem greindar voru af Pesticide Action Network (PAN), sýndu 122 mismunandi varnarefni í 12 mest menguðu vörunum. Margt af þessu var sagt hættulegt heilsu manna. Um 61% af efnunum sem fundust eru flokkuð sem mjög hættulegt skordýraeitur (highly hazardous pesticides – HHPs), hugtak sem Sameinuðu þjóðirnar nota til að bera kennsl á þau efni sem eru skaðlegust heilsu manna eða umhverfis.

Sérhver ávöxtur eða grænmeti á listanum innihélt tvær eða fleiri tegundir skordýraeiturs, þar sem sumar innihéldu allt að 25 tegundir eiturs. Þó að magn einstakra varnarefna sé innan lagalegra marka, óttast menn að samsetning margra efna geti verið sérstaklega skaðleg heilsu fólks.

Fyrst þetta er niðurstaðan í Bretlandi og vitað að sömu niðurstöður hafa fengist úr rannsóknum í ESB-ríkjunum er trúlega óvarlegt að leiða líkum að öðru en að nákvæmlega sama staða sé varðandi ávexti og grænmeti sem flutt er til Íslands.

/HKr.

LÍF & STARF



Guðlaugur Þór fyrir miðri mynd, með fulltrúum þeirra fyrirtækja og Þróunarfélags Grundartanga þegar viljayfirlýsingin var undirrituð. Mynd / Aðsend

Uppbygging græns iðngarðs á Grundartanga

Nýlega var undirrituð af eigendum Þróunarfélags Grundartanga og fyrirtækja, sem starfa á Grundartangasvæðinu, viljayfirlýsing um uppbyggingu græns iðngarðs með hringrásarhugsun á Grundartanga.

Sérlegur verndari verkefnisins verður Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Ávinningur verkefnisins er í takt við stefnu stjórnvalda og sveitarfélaga um þróun í átt að hringrásarhagkerfi og styður við aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. „Grænum iðngarði er ætlað að styðja við sjálfbærni með því að innleiða félagsleg, efnahagsleg og umhverfisleg sjónarmið í skipulagningu, stýringu og framkvæmd. Markmiðið er að Grundartangi – grænn iðngarður geti orðið leiðandi á heimsvísu með áherslu á fyrirmyndar sjálfbærniumgjörð og bætta fjölnýtingu auðlinda og innviða í gegnum hringrásarhagkerfið," segir í tilkynningu vegna málsins. */MHH*

Hjólhýsaleiga á Laugarvatni

Bjarni Finnsson, sem er oftast kenndur við Blómaval, hefur sótt um hjá sveitarstjórn Bláskógabyggðar að hefja hjólhýsaleigu á Laugarvatni í Stórholti.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að veita jákvæða umsögn um erindið og telur staðsetningu ökutækjaleigunnar og aðkomu að henni henta vel fyrir væntanlega starfsemi.

Fyrst í stað verður Bjarni og fyrirtæki hans Mountain Trailers, með fimm hýsi til útleigu.

/MHH

TANNI TRAVEL



Göngum á nóttunni og sofum á daginn, endurnærandi kvennaferð um Gerpissvæðið, POP-UP ferðir og margt fleira.

Skoðaðu úrval ferða á www.tannitravel.is

Frá 1993

AUSTURLAND

Handmjaltartæki



. Fyrir ær og hryssur
. Sjálfvirkt sog
. Til að safna broddi
. Til að létta á bólgu
. Til að mjólka í lömb
. Eigum auka flöskur og varahluti

34.990kr m/vsk

Pantaðu á netverslun okkar
WWW.KB.IS
BÚREKSTRARDEILD
Borgarnes | Sími: 430 5500 | kb@kb.is | www.kb.is

Ingersoll Rand

LOFTPRESSUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.

Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar í síma **590 5135** og kynntu þér þína möguleika.



KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR



TEXACO

Smurefni fyrir vélvæddan landbúnað

Nútíma landbúnaður krefst mikils vélakosts. Gæðasmurefni skipta öllu máli fyrir virkni og endingu véla. Olís veitir ráðgjöf um olíu- og smurefnanotkun fyrir allar landbúnaðarvélar.

Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma 515 1100 eða pontun@olis.is.

olís

LÍF & STARF

Ákall til bænda og landeigenda um aðgang að ætihvannarlöndum:

Þurfa 40–50 tonn af hvannarlaufum

– Saga Natura með átak til söfnunar á þessu mikilvæga hráefni

Saga Natura, sem framleiðir heilsubótarvörur úr íslenskri ætihvönn, ákallar nú bændur og landeigendur um að fá aðgang að löndum þeirra til tínslu á hvönn. Auk þess er auglýst eftir fólki til að sækja þetta mikilvæga hráefni í framleiðsluna.

Blaðamaður heimsótti þau Sólveigu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra Saga Natura, og dr. Steinþór Sigurðsson, vísindamann fyrirtækisins, á dögunum eftir að hafa séð smáauglýsingu í Bændablaðinu frá þeim. Í henni var auglýst eftir landsvæði þar sem hægt væri að tína ætihvönn í sumar.

„Á síðasta ári höfum við séð mikla söluaukningu á vörunum Saga Pro og Voxis þar sem aðalhráefnið er þykkni sem við vinnum úr hvannarlaufum. Birgðir okkar eru að klárast þannig að nú köllum við eftir aðstoð fólks við tínslu og biðjum um leyfi fyrir okkur og okkar fólk til að fá að fara um heppileg lönd og tína," segir Sólveig.

Ein mikilvægasta nytjajurt Íslandssögunnar

Hún segir að ætihvönnin sé auðvitað ein mikilvægasta nytja- og lækningajurt Íslandssögunnar. Heimildir séu fyrir því að hún hafi verið mikilvæg verslunarvara hjá víkingum og í Grágás hafi verið kveðið á um viðurlög við stuldi á hvönn, útlegð eða sekt ef tekin var hvönn úr annarra garði.

„Hjá okkur er handtínt úti í náttúrunni og svo eru þau þurrkuð eða fryst innan sólarhrings. Síðan eru þau soðin niður í þykkni og loks frostþurrkuð og mulin.

Þá er hráefnið tilbúið til að fara í hylki til inntöku, fyrir Saga Pro til dæmis, eða í brjóstsykursgerð fyrir Voxis-vörurnar."

Hrísey helsta nytjalandið

Að sögn Sólveigar hefur Hrísey verið helsta nytjalandið fyrir hráefnisöflun Saga Natura, árum saman. „Núna er komið að ákveðnum þolmörkum þar, því þeir sem vinna hvönnina fyrir okkur þar ráða bara við tiltekið magn og svo þurfum við líka að fara að huga að öðrum svæðum nálægt okkar vinnslustöð. Það er meðal annars bara út af öryggisatriðum, að það er ekki gott að treysta bara á eitt svæði ef það yrði nú uppskerubrestur þar – til dæmis vegna ótíðar eða náttúruhamfara.

En vegna þess að við erum háð ví að þurfa að þurrka eða frysta hráefnið innan sólarhrings frá því að það er tínt, verða landsvæðin að vera í um 100 kílómetra radíus frá okkar vinnslu. Í sumar áætlum við að þurfa að tína – eða láta tína fyrir okkur – um 40 til 50 tonn af hvannarlaufum. Við ráðumst í þetta átak vegna þess að hvannartínslutíminn er svo skammur; í raun höfum við bara frá því í lok júní og fram yfir miðjan ágúst fyrir tínsluna á hvannarlaufunum og birgðasöfnun næstu 12 mánuðina.

Við biðjum um að bændur og landeigendur gefi sig fram við okkur, þar sem vænlegt er að tína hvönn. Fólki sem hefur áhuga á því að tína fyrir okkur munum við greiða 500 krónur á kíló í verktakagreiðslum. Við höfum áætlað að öflugt tínslufólk geti tínt allt að 80 til 100 kíló á dag."

Tilraunaræktun í Gunnarsholti

Steinþór segir að fyrir tveimur árum hafi fyrirtækið hafið tilraunaræktun á hvönn á nokkrum hekturum í Gunnarsholti. „Við erum í raun enn með ræktunina í þróun því að ýmsu er að hyggja, en bindum miklar vonir við hana. Ef hún mun þrífast eins og hún hefur gert þarna hjá okkur á undanförnum árum liggur beint við að við munum notast að miklum hluta við hráefni úr eigin framleiðslu í framtíðinni. Það skýrist hvernig þessi tilraun mun ganga eftir um tvö ár."

Sólveig segir að það sé mikið lán að hafa Steinþór í Saga Natura-teyminu, því hann sé sá Íslendingur sem hafi rannsakað heilsusamleg áhrif hvannarinnar einna mest á Íslandi; aðgreint og einangrað öll virku efnin – ásamt því að prófa þau eitt af öðru. „Við Sigmundur [Guðbjarnarson] byrjuðum á að rannsaka hvönnina í kringum aldamótin. Við byrjuðum reyndar á því að skoða allar mögulegar jurtir en í öllum þessum virkniprófunum sem við gerðum, þá kom hvönnin alltaf best út. Við beindum því sjónum okkar meira að henni. Framan af skoðuðum við mest fræið og rótina dálítið – en það má segja að mesta hefðin sé fyrir



Sólveig Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Saga Natura, og dr. Steinþór Sigurðsson vísindamaður í vinnslusal fyrirtækisins.

Mynd / smh

rannsóknum á henni víða í Evrópu og einnig kannski neyslan. En fyrir hálfgerða tilviljun fórum við svo að skoða hvannarlaufið. Við skoðuðum áhrifin á krabbameinsæxli og eftir að við fengum áhugaverðar niðurstöður út úr þeim rannsóknum leiddi það til þess að við fórum að vinna meira með það."

Vörulína sem byggir á gömlum grunni

Sigmundur og Steinþór stofnuðu fyrirtækið Saga Medica árið 2000. Fyrstu fæðubótarvörurnar komu á markað fáeinum árum síðar, sem rötuðu síðan inn í vörulínu hins nýja fyrirtækis, Saga Natura, eftir að fyrirtækin Saga Medica og Key Natura – sem framleiddi fæðubótarvörur úr smáþörungum – runnu saman árið 2018.

Steinþór segir að það sé talsverður munur á því efnainnihaldi sem finnst í rótinni, fræinu og síðan laufinu. „Það eru ekki sömu efni í öllum hlutum plöntunnar en sum efni finnast í sumum hlutum en þá í mismunandi styrkleika. Vinnsluaðferðin er líka mismunandi eftir því hvaða virku efni við erum að vinna með.

Rótin hefur ekki verið nýtt að neinu marki á Íslandi af praktískum ástæðum – það er mun snúnara að vinna hana. Rannsóknir okkar Sigmundar gáfu til kynna að virkni efnanna í henni væri talsvert frábrugðnari en í hinum hlutunum."



Talsvert selt til Bandaríkjanna og Nýja-Sjálands

„Já, en við seljum reyndar talsvert Saga Pro til útlanda, einkum Bandaríkjanna og Nýja-Sjálands," segir Sólveig spurð um hvort Ísland sé sterkasta markaðssvæði Saga Natura. „Hróður vörunnar hefur farið víða, enda hrjá vandamál sem eru tengd ofvirkri þvagblöðru fólk um allan heim, bæði konur og karla á öllum aldursskeiðum þótt þau séu algengust í eldra fólki. Þetta er langvinsælasta varan okkar.

Sala á SagaPro fyrir erlenda markaði hófst fyrir rúmlega tíu árum en við erum líka með markaði í Kanada, Svíþjóð, Sviss og í Asíu – og fleiri lönd eru í sigtinu. Við bíðum nú vongóð eftir nýjum niðurstöðum úr stórri og kostnaðarsamri rannsókn sem Evrópusambandið studdi, enda eru náttúruleg fæðubótarefni sem byggð eru á klínískum niðurstöðum afar söluvænleg," segir hún.

Steinþór hefur reyndar sjálfur unnið að rannsóknum á virku efnunum í þvagblöðrulíkani. Með þeirri aðferð fann hann efni í hvönninni sem hefur slakandi áhrif á þvagblöðruna. Sólveig segir að þetta þýði að Saga Pro virki líka fyrir konur, því það er enginn sérstakur líffræðilegur munur á þvagblöðru karla og kvenna. Saga Natura hefur sótt um einkaleyfi á notkun virka efnisins í ætihvönninni gegn vandamálum tengdum ofvirkri þvagblöðru.

Eingöngu ætihvönn nothæf

Steinþór leggur áherslu á að eingöngu ætihvönn sé nothæf sem hráefni í þeirra vörur. „Það er reyndar á einstökum stöðum þar sem geithvönn og ætihvönn vaxa saman og óvanir geta ruglast, en það er mjög mikilvægt að ganga úr skugga um að um ætihvönn sé að ræða áður en blöð plöntunnar eru tínd," segir hann. Aðrar hvannartegundir séu hins vegar frábrugðnari og varasamt að handleika, eins og bjarnarkló og tröllahvönn.

Þau hvetja áhugasama til að gefa sig fram, því um einstakt tækifæri sé að ræða til að njóta útivistar í íslenskri náttúru og að fá greitt sómasamleg laun fyrir afraksturinn. */smh*



Öflugt fólk í startholunum að tína hvannarlauf. Myndir / Saga Natura



Hvannarlaufin skorin án þess þó að rífa plöntuna upp með rótum.

BÆKUR & MENNING

Súlur, tímarit Sögufélags Eyfirðinga, er komið út

Súlur, tímarit Sögufélags Eyfirðinga, er komið út og flytur að vanda fjölbreytt efni úr fortíð og nútíð, alls 13 greinar eftir 17 höfunda.



„Að venju kennir margra grasa í nýútkomnu riti," segir Jón Hjaltason, sagnfræðingur og ritstjóri Súlna. Ásamt honum eru í ritnefnd þau Ása Marinósdóttir, Björn Teitsson og Kristín Aðalsteinsdóttir. „Við höfum allar klær úti varðandi efnisöflun.

Fólk má hafa samband við okkur hvenær sem er, hvort heldur með efni eða hugmyndir að efni," segir hann.

Sem dæmi um efni í ritinu nú nefnir hann grein eftir Kristínu Aðalsteinsdóttur sem ræðir við Sigurð Aðalsteinsson flugmann, en hann segir frá sínum flugmannsferli og lætur fljóta með óborganlega gamansögu af Arngrími Jóhannssyni.

Af öðru efni má nefna frásagnir af ótrúlegum lífskjörum tveggja kvenna, hernámsárunum í Hrísey, hinu stórmerka Síldarminjasafni á Siglufirði, séra Jóni í Möðrufelli og niðurlægingu dóttur hans (sem snerist upp í andhverfu sína), nafna hans Sigurðssyni, trésmíðameistara á Dalvík, rannsókn á lífsháttum í Svarfaðardal á miðöldum – og Stóra-Mixmálið er krufið til mergjar

Fjölmargar ljósmyndir prýða Súlur að þessu sinni og nefnir Jón einkum grein Þórðar Vilhjálmssonar um Vélsmiðjuna Odda.

„Í þessum efnum hefur Minjasafnið á Akureyri verið okkur afar hjálplegt sem ber að þakka."

Sögufélagið fagnar öllum nýjum félagsmönnum en Súlur eru innifaldar í félagsgjaldinu. Formaður félagsins er Jóna Sigurlaug Friðriksdóttir, gjaldkeri Jón Hlynur Sigurðsson og ritari Arnór Bliki Hallmundsson. */MÞÞ*

ÍSFELL



GRUNNNÁMSKEIÐ
í meðferð á hífibúnaði

Rafrænt námskeið um rétta og örugga meðferð á hífibúnaði.

Nánari upplýsingar og skráning eru á:
isfell.is/course eða skannaðu kóðann.

Óseyrarbraut 28
Sími 5200 500

Þekking og þjónusta

ÍSLENSKUR ÆÐARDÚNN

Æðarbændur

Getum bætt við æðardúni í hreinsun og sölu.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Erla Friðriksdóttir í síma 899 8369
& erla@kingeider.is

ÍSLENSKUR ÆÐARDÚNN
Dúnhreinsun Nesvegi 13 Stykkishólmi

trésmíðavélar, bílalyftur, loftpressur, bílavörur, verkfæri, dælur, súluborvélar, lyftibúnaður, rennibekkir, bandsagir

allt fyrir sveitina og sumarbústaðinn



Bútsög 305mm
~~99.900.-~~
79.900.-
KAP305JL230V



Borvél rafhlöðu
~~38.360.-~~
24.900.-
AKS45IND



Slönguhjól vatn
~~29.900.-~~
23.900.-
WSR20PRO



Hjölsög rafmagn
~~27.922.-~~
19.900.-
HKS210L230V



Slönguhjól rafmagn
~~27.900.-~~
24.900.-
EKR15M230V



Steypuhrærivél
~~119.900.-~~
79.900.-
ZI-BTM130



Hanskar 12 pör
~~3.588.-~~
2.508.-
NIT6215



Hanskar 1 par
~~1.727.-~~
990.-
NIT6735



Hanskar 12 pör
~~5.988.-~~
4.188.-
NIT03400V



Drullutjakkur 48"
~~17.101.-~~
13.900.-
TRA8485GS



Slönguhjól loft
~~20.900.-~~
15.900.-
LSR10M

IÐNVÉLAR

SMIÐJUVEGI 44-46
sími 414-2700
sala@idnvelar.is

Öll verð eru í íslenskum krónum með vsk. og birtast með fyrirvara um innsláttar- og prentvillur. Verð gilda til 31. maí 2022 eða á meðan að birgðir endast.

rakatæki, sogbúnaður, legupressur, slönguhjól, 3d prentarar, sagarblöð, járnsmíðavélar, suðuborð, handverkfæri

LÍF & STARF

Félag eldri borgara á Húsavík og nágrenni lagði land undir fót:

Suðurland gerði stormandi lukku hjá Húsvíkingum

Félag eldri borgara á Húsavík fór í fjögurra daga ferð um Suðurland dagana 26.–29. apríl. Alls tóku 52 eldri borgarar þátt í ferðinni.

„Þetta var frábær ferð og mikil ánægja með hana hjá öllum. Við fengum dásamlegt veður alla dagana, fórum í skemmtilegar heimsóknir, nutum góðra veitinga og gistingar á Hótel Selfossi og komum öll alsæl heim," segir Lilja Skarphéðinsdóttir, formaður Félags eldri borgara á Húsavík og nágrenni.

Meðal staða sem voru heimsóttir voru Sólheimar í Grímsnesi og Grímsborgir, sem eru líka í Grímsnesi. Þá var Tré og list í Flóahreppi heimsótt og Brugghúsið í Ölvisholti, sem er einnig í Flóanum.

Sérstök skoðunarferð var farin um nýja miðbæinn á Selfossi. Guðni Ágústsson fór með gamanmál á hótelinu eitt kvöldið fyrir hópinn og þá dansaði danshópur línudans fyrir hópinn líka á hótelinu.

Þá var fólk duglegt að ganga um á Selfossi, skoða inn í verslanir og njóta þess að vera til. Ekki gleyma því að stjórn Félags eldri borgara á Selfossi tók á móti hópnum fyrsta daginn og sýndi þeim aðstöðuna sem félagið hefur í Grænumörkinni og kynnti þeim starfsemi félagsins í máli og myndum. Einnig var nýja 60 manna hjúkrunarheimilið, sem á að fara að opna á Selfossi, kynnt hópnum. */MHH*



Hópurinn stillti sér upp í myndatöku í góða veðrinu í nýja miðbænum á Selfossi. Myndir / MHH



Hópurinn hafði gaman af því að hitta Reyni Pétur á Sólheimum en hann sagði nokkrar skemmtilegar sögur og spilaði á munnhörpuna sína.



Ólafur Sigurjónsson hjá Tré og list í Forsæti í Flóahreppi tók á móti hópnum og sýndi safnið sitt, sem hann og Bergþóra Guðbergsdóttir, eiginkona hans, hafa byggt upp á síðustu árum. Sjón er sögu ríkari.



Formennirnir tveir, Lilja Skarphéðinsdóttir, formaður Félags eldri borgara á Húsavík og nágrenni, og Þorgrímur Óli Sigurðsson, formaður félagsins á Selfossi. Nýja hjúkrunarheimilið er í baksýn.



Kolbrún Karlsdóttir hjá Bergmáli á Sólheimum kynnti starfsemi félagsins, sem er líknar- og vinafélag. Hún bauð hópnum upp á dýrindis kjötsúpu og rjómapönnukökur og kaffi.

Börn úr Grunnskólanum á Þórshöfn vöktu athygli á umhverfismálum



Börn úr Grunnskólanum á Þórshöfn vöktu nýverið athygli vegfarenda á umhverfismálum og héldu á skiltum fyrir utan Kjörbúðina á Þórshöfn. Þar mátti sjá til að mynda hvatningu til bifreiðaeigenda um að drepa á vélum bíla fyrir utan verslunina og áminningu um að endurvinna og endurnýta. „Unga kynslóðin er greinilega að taka af skarið í umhverfismálum og hvetja til minni mengunar enda er þetta kynslóðin sem mun erfa landið og vill fá það í hendur ómengað eins og við sem eldri erum tókum við því," segir á vefsíðu Langanesbyggðar þar sem þetta kemur fram. /MÞÞ

LÍF & STARF



Helga Bjarnadóttir í Varmahlíð, en hún hlaut Samfélagsverðlaun Skagafjarðar fyrir árið 2022. Hér er hún í hópi fjölskyldu sinnar.

Helga Bjarnadóttir í Varmahlíð:
Hlaut Samfélagsverðlaun Skagafjarðar

Helga Bjarnadóttir í Varmahlíð hlaut Samfélagsverðlaun Skagafjarðar fyrir árið 2022, en þau voru veitt á dögunum í sjöunda sinn.

Samfélagsverðlaunin eru veitt árlega þeim einstaklingi, fyrirtæki, stofnun eða félagasamtökum í Skagafirði sem hafa með störfum sínum lagt mikið til þess að efla skagfirskt samfélag. Að þessu sinni bárust alls 33 tilnefningar og voru 14 aðilar tilnefndir.

„Á langri ævi hefur Helga auðgað skagfirskt samfélag með margvíslegu móti þótt það hafi ekki alltaf farið hátt, enda Helga lítið fyrir að hreykja sér af verkum sínum," segir í umsögn um Helgu og samfélagsverðlaunin. Hún á að baki farsælan feril sem barnakennari og skólastjóri og hafði einstaklega góð og mótandi áhrif á nemendur sína. Margir þeirra halda mikilli tryggð við hana æ síðan.

Hún hefur verið og er enn virk í starfi kvenfélaganna í Skagafirði, og sat meðal annars um árabil í stjórn Kvenfélagssambands Skagafjarðar. Helga hefur komið að bókaútgáfu og um árabil hefur hún haft forgöngu um vinsælt félagsstarf aldraðra Skagfirðinga að Löngumýri og enn heldur hún því starfi uppi af miklum krafti með vinkonum sínum.

„Helga Bjarnadóttir er fulltrúi þeirrar kynslóðar sem ekki telur mikla þörf á að láta bera á þeim óeigingjörnu sjálfboðaliðastörfum sem raunverulega skipta svo miklu máli í að skapa það góða samfélag sem við Skagfirðingar búum í," segir á vefsíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. */MÞÞ*



HECHT 59399
Rafmagnsfjórhjólin komin aftur!



HECHT jarðvegsþjöppur
Frá 63 kg til 117 kg.

SARIS PA 42 flutningskerra
Burðargeta 2.758 kg. Verð 890.þ + vsk.



RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

Lambamjólkurduft

-Óerfðabreytt innihaldsefni
-Hátt hlutfall mjólkurprótína
-Auðmeltanleg prótín
-Inniheldur góða gerlaflóru
-Einstaklega bragðgott
-Hentar einnig fyrir kið
-Auðuppleysanlegt
-Inniheldur sýringaduft



Verð
15.990 m/vsk

BÚREKSTRARDEILD
Egilsholti 1 BORGARNESI
310 Borgarnesi
Opið 8-18, laugard. 10-14

Pantaðu á netverslun okkar
www.kb.is
Sendum um allt land

LOFTSLAGSVÆNN LANDBÚNAÐUR

Auglýst er eftir nýjum þátttakendum í nautgriparækt

Loftslagsvænn landbúnaður er hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Markmið verkefnisins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu.

Auglýst er eftir fimmtán þátttökubúum í nautgriparækt, til allt að fimm ára, sem hafa áhuga á að setja sér skriflega aðgerðaáætlun fyrir búreksturinn, hrinda markmiðum í framkvæmd og vera virkir þátttakendur í vegferð landbúnaðarins að loftslagsvænum lausnum.

Verkefnastjórn áskilur sér rétt til að velja þátttakendur, verði umsækjendur fleiri en fimmtán, en öll þátttökubú þurfa að uppfylla lögbundnar skýrsluhaldskröfur sbr. 4. gr. reglugerðar um stuðning við nautgriparækt.

Þátttakendur fá heildstæða ráðgjöf, fræðslu og aðhald frá RML, Landgræðslunni og Skógræktinni. Auk þessa þátttökustyrk, styrk til efnagreininga og þegar líður á verkefnið aðgerða- og árangurstengdar greiðslur.

Verkefnið hefst í ágúst/sept 2022 og er umsóknarfrestur til 20. júní n.k. Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu RML, www.rml.is.

Nánari upplýsingar veitir Berglind Ósk Alfreðsdóttir verkefnastjóri, **berglind@rml.is** og í síma **516-5000**.

skógræktin
RML RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS
Landgræðslan

KRONE heyvinnuvélar
til afgreiðslu fyrir heyskap

HESJA nánari upplýsingar á hesja.is
Kópavogur: **546 0415** Akureyri: **415 6415**



Swadro TC880 Plus
Miðjurakstrarvél
Vinnslubreidd 7.6-8.8 m.
4.699.000 + vsk.



KW 7.92/8
Lyftutengd snúningsvél
Vinnslubreidd 7.9 m.
2.399.000 + vsk.



EasyCut F320 M
Framsláttuvél
Vinnslubreidd 3.16 m.
1.999.000 + vsk.



ActiveMow R320
Hliðartengd sláttuvél
Vinnslubreidd 3.22 m.
1.799.000 + vsk.

FRÉTTIR



Mynd / smh

Tillögur matvælaráðherra til fæðuöryggis Íslands:

Auka þarf framleiðslu plöntuafurða og huga að afkomu bænda

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra lagði í síðustu viku fram tillögur fyrir ríkisstjórn að fæðuöryggi fyrir Ísland. Tillögurnar eru í 16 liðum og verður í framhaldinu áfram unnið með tillögurnar í annarri stefnumótun stjórnvalda.

Tillögurnar og greinargerð með þeim voru unnar af Jóhannesi Sveinbjörnssyni, dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Meðal tillagna er, að fylgjast þurfi vel með þróun matvælaverðs og hvernig hún hefur áhrif á getu almennings til fæðukaupa, einkum þeirra hópa sem búa við lökust kjör. Þá þurfi markviss flokkun landbúnaðarlands til að auðvelda sveitarfélögum ákvarðanatöku í skipulagsmálum.

Tryggja þurfi aðgang að mikilvægum svæðum vegna fæðuframleiðslu og ferskvatnsöflunar.

Styrkja þarf undirstöðu jarðræktar á Íslandi

Einnig þurfi að styrkja undirstöður jarðræktar á Íslandi, til að auka framleiðslu plöntuafurða og vinna almennt gegn sveiflum í innlendri fæðuframleiðslu milli ára.

Þetta á við um grasrækt, kornrækt til fóðurs og manneldis, útiræktun og ylræktun grænmetis.

Þetta er best gert með vönduðu yrkjavali, jurtakynbótum, bættri ræktunartækni, öflugum rannsóknum, kennslu og leiðbeiningum.

Í tillögunum kemur einnig fram að mikilvægt sé að gera GFSI-mat sem fyrst fyrir Ísland, en slíkt mat segir til um hversu góðar aðstæður eru fyrir fæðuöryggi í landinu.

Það er til dæmis gert með því að meta reglulega heildarfæðuneyslu á íbúa og fylgjast með þróun matvælaverðs og hvaða áhrif sú þróun hefur á þau sem búa við lökustu kjörin.

Afkoma bænda ein af undirstöðum fæðuöryggis

Í tillögunum er bent á að ásættanleg fjárhagsleg afkoma bænda sé ein af undirstöðum fæðuöryggis sem þurfi að huga að ásamt því að styrkja sem best jarðrækt á Íslandi, hvort sem um er að ræða gras- eða kornrækt, útiræktun eða ylræktun.

Einnig er bent á mikilvægi orkuskipta þar sem áhersla er lögð á innlenda orkugjafa s.s. rafmagn og jarðhita ásamt endurnýtingu næringarefna frá heimilum og fyrirtækjum. Samfélagslegt átak í þeim efnum sé í senn undirstaða framfara í fæðuöryggi, sjálfbærni fæðuframleiðslu til lengri tíma og mikilvægt umhverfismál.

/smh

16 tillögur matvælaráðherra til fæðuöryggis Íslands

1. Mælt er með því að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir því að Ísland verði sem fyrst metið með aðferðum Global Food Security Index (GFSI), sem á hverjum tíma gefur góða mynd af skilyrðum fyrir fæðuöryggi og framvindu í þeim efnum.

2. Jafnframt fari fram reglulegt mat á útkomum fæðuöryggis, svo sem heildarfæðuneyslu á íbúa og sjálfsaflahlutfalli landsins fyrir einstaka fæðuflokka.

3. Jafnframt gildistöku sérstakrar fæðuöryggisstefnu fyrir Ísland, þarf að fara yfir lagalega ábyrgð innlendra stjórnarstofnana á einstökum þáttum fæðuöryggis, þannig að heildarmyndin sé skýr.

4. Fylgjast þarf vel með þróun matvælaverðs og hvernig hún hefur áhrif á getu almennings til fæðukaupa, einkum þeirra hópa sem búa við lökust kjör. Framlag frjálsra félagasamtaka og einkaaðila varðandi matvælaaðstoð er afar mikilvægt, en stjórnvöld þurfa að hafa skýrt hlutverk í að tryggja að matvælaaðstoð innanlands nái til allra sem á því þurfa að halda.

5. Matvælaöryggi, sem snýr að því hversu örugg fæðan er til neyslu, er mikilvægur liður í fæðuöryggi. Matvælastofnun hefur meginábyrgð á eftirfylgni með matvælaöryggi, Matís ohf. og fleiri rannsókna- og háskólastofnanir sinna margvíslegum rannsóknum og vöktunum tengdum matvælaöryggi, og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hafa einnig mikilvæg hlutverk í þessu sambandi. Tryggja þarf samfellu í framkvæmd og þróun þessara mála.

6. Hlutverk innan stjórnkerfisins virðast skýr hvað varðar kröfur til næringargildis fæðunnar, og þarf að tryggja að svo verði áfram. Landlæknisembættið hefur megin hlutverk og ábyrgð hvað varðar opinberar ráðleggingar um alhliða, næringarríkt mataræði, bæði fyrir börn og fullorðna. 2 Matvælastofnun hefur eftirlit með næringarmerkingum matvæla í samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna.

7. Vöktun á umhverfisbreytum og skuldbinding stjórnvalda um að ná stjórn á áhrifum umhverfisbreytinga á fæðukerfin, og öfugt, eru lykilatriði til að tryggja fæðuöryggi til framtíðar. Gögn til mats þessara atriða í GFSI koma að mestu úr alþjóðlegum gagnagrunnum, en leggja þarf mat á þörf á nýjum íslenskum rannsóknum í þessum tilgangi.

8. Markviss flokkun landbúnaðarlands auðveldar sveitarfélögum ákvarðanatöku í skipulagsmálum. Tryggja þarf aðgang að mikilvægum svæðum vegna fæðuframleiðslu og ferskvatnsöflunar.

9. Neyðarbirgðir geta verið mikilvægur þáttur í öryggisviðbúnaði þjóðarinnar. Þar sem sum lykilaðföng m.t.t. fæðuöryggis eru einnig lykilaðföng fyrir aðra þætti þjóðaröryggis (t.d. eldsneyti og lyf) er lagt til að neyðarbirgðahald sé á ábyrgð eins stjórnvalds á landsvísu frekar en að stofna sérstakt stjórnvald sem eingöngu hefur með að gera birgðahald út frá sjónarhóli fæðuöryggis. Stofnaður hefur verið sérstakur starfshópur um neyðarbirgðir á vegum forsætisráðuneytisins sem ætlað er að taka slíkar ákvarðanir, og eru því ekki settar fram tillögur hér um magn neyðarbirgða af einstökum aðföngum. Hvað varðar allar neyðarbirgðir er lagt til að stjórnvöld beri kostnað en semji um framkvæmdina við innflytjendur varanna. Til greina getur komið að hafa samvinnu við nágrannaþjóðir, einkum Norðurlöndin um neyðarbirgðir í einhverjum tilvikum. Lagt er til að fjármögnun neyðarbirgða byggi á föstum tekjustofnum, en sé ekki háð fjárlögum hvers árs.

10. Þrátt fyrir baktryggingu í neyðarbirgðum þarf að leggja megináherslu á öryggi framboðs. Skipulega þarf að vinna áhættugreiningar fyrir einstaka atburði sem snögglega geta leitt til ójafnvægis í fæðukerfi og framboðskeðjum, vegna áhrifa á mikilvæga innviði. Dæmi um slík atvik eru stríðsógnir, heimsfaraldrar og náttúruvár af ýmsu tagi. Lagt er til að ákvarðanataka um slíkar áhættugreiningar sé á ábyrgð sama stjórnvalds og neyðarbirgðahald á landsvísu. Framkvæmd áhættugreininganna má hins vegar fela aðilum (stofnunum, fyrirtækjum, starfshópum) sem hafa þá þekkingu sem til þarf.

11. Ásamt innlendri matvælaframleiðslu eru vel virk kerfi alþjóðlegra viðskipta undirstaða aðgengis að fæðu og aðföngum til fæðuframleiðslu og matvælaiðnaðar. Alþjóðlegir samningar þurfa að tryggja hagsmuni Íslands í þessum efnum.

12. Viðbragðsáætlanir vegna alvarlegra raskana og/eða neyðarástands í samfélaginu sem snerta fæðuöryggi geta m.a. snúist um úthlutun úr neyðarbirgðum og forgang á vöru eða þjónustu. Skilgreina þarf alvarleikastig með tilliti til fæðuöryggis á sambærilegan hátt og tíðkast um aðra þætti almannavarna: óvissustig, hættustig, neyðarstig. Þessi alvarleikastig fæðuöryggis þarf að skilgreina í samræmi við öryggi framboðs mikilvægra vara og þjónustu til samfélagsins í heild, þar sem að hluta til er um að ræða sambærileg aðföng í fæðukerfinu eins og í öðrum mikilvægum 3 kerfum samfélagsins. Viðbragðsáætlanir þurfa að taka mið af þessu og þeim neyðarbirgðum sem ákvörðun hefur verið tekin um að séu til staðar í landinu.

13. Ásættanleg fjárhagsleg afkoma bænda er ein af undirstöðum fæðuöryggis. Forsendur hennar eru m.a. góð menntun bænda, rannsóknir og þróun í landbúnaði, aðgengi bænda að hagkvæmri fjármögnun og fjármálaþjónustu, framleiðsla í takt við þarfir markaða, markviss landbúnaðarstefna og skynsamlegir samningar milli stjórnvalda og bænda.

14. Meðal mikilvægustu líffræðilegu þáttanna sem ógna fæðuframleiðslu heimsins eru smitandi dýra- og plöntusjúkdómar/-skaðvaldar. Þessir þættir hafa áhrif á fæðuöryggi beint gegnum uppskerutap og vanhöld og óbeint gegnum áhrif á gæði matvæla og matvælaöryggi og afkomu í fæðuframleiðslukerfinu. Matvælastofnun fer með þennan málaflokk. Stöðugt þarf að þróa aðferðir til að tryggja góða plöntu- og dýraheilsu í gegnum eftirlit bæði innanlands og með innflutningi.

15. Til að auka framleiðslu plöntuafurða, og vinna almennt gegn sveiflum í innlendri fæðuframleiðslu milli ára, þarf að huga sérstaklega að því að styrkja undirstöður jarðræktar á Íslandi. Á þetta við um grasrækt, kornrækt til fóðurs og manneldis, útiræktun og ylræktun grænmetis. Þetta er best gert með vönduðu yrkjavali, jurtakynbótum, bættri ræktunartækni, öflugum rannsóknum, kennslu og leiðbeiningum. Þetta mun hafa jákvæð áhrif yfir í búfjárræktina einnig, sem byggir að hluta á innlendri fóðurframleiðslu frá jarðræktinni.

16. Orkuskipti, með aukinni áherslu á innlenda orkugjafa (rafmagn, jarðhita), og aukin endurnýting næringarefna bæði frá heimilum og fyrirtækjum; mundi draga úr þörfinni fyrir innflutt jarðefnaeldsneyti og áburð. Samfélagslegt átak í þessum málefnum er undirstaða framfara í fæðuöryggi og sjálfbærni fæðuframleiðslu til lengri tíma, og mikilvægt umhverfismál.



Stöðluð stálgrindarhús
á hagstæðu verði

Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó-og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu-og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsin eru klædd 60mm PIR yleiningum á veggi og 80/125mm yleiningum á þök. Mögulegt er að velja liti á klæðningarnar. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum. Einnig fylgir keyrsluhurð, einn gluggi og tvær gönguhurðir. Reyklosunargluggar eru á þaki sem hleypa inn birtu.

SAMAN Í 60 ÁR BYKO

bondi@byko.is

BÆKUR & MENNING

Bækur um góðar gönguleiðir



Nýlega kom út bókin Gönguleiðir á Reykjanesi eftir Jónas Guðmundsson hjá Sölku bókaútgáfu.

Bókin geymir leiðarlýsingar tæplega 30 áfangastaða á Reykjanesskaganum. „Sumar leiðirnar eru á fjöll, aðrar um hraun og dali og margar eru hringleiðir.

Allar eru lýsingarnar innblásnar af þeim miklu jarðumbrotum sem hafa einkennt svæðið alla tíð. Margar leiðirnar henta fyrir fjallahjól, aðrar fyrir utanvegahlaup og enn aðrar til að kynna yngstu kynslóðina fyrir töfrum fjallaferða og eru þær merktar sérstaklega," segir í kynningu frá Sölku bókaútgáfu.

Jónas Guðmundsson er leiðsögumaður, landvörður og ferðamálafræðingur sem varið hefur ótal stundum á fjöllum.


Í dag starfar Jónas hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Í fyrra kom út önnur bók eftir hann, Gönguleiðir á hálendinu, sem inniheldur leiðarlýsingar að Fjallabaki og í kringum Landmannalaugar.


„Gönguleiðir á Reykjanesi hentar öllum þeim sem ætla að leggja land undir fót. Hverri leið fylgir leiðarlýsing, kort og GPS-hnit, fjöldi ljósmynda og upplýsingar um staðhætti og aðstæður, en auk þess er settur fram sögulegur og landfræðilegur fróðleikur um þær leiðir sem gengnar eru hverju sinni.

Í bókinni er einnig hagnýtur kafli um undirbúning og fjölda góðra ráða sem varða fjallgöngur og útivist," segir í kynningu á bókinni.

/ghp

Trésmiðjan Akur
AKURShús - timbureiningahús
Afhent samsett á byggingarstað eða ósamsett í einingum
– Við allra hæfi –

íslensk hönnun & framleiðsla

60 ÁR Í REKSTRI
Kannaðu málið á akur.is og pantaðu frían húsabækling
Margar stærðir og gerðir frá 93-227m²


Smiðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is


fastus.is
ÖFLUGAR IÐNAÐARÞVOTTAVÉLAR OG ÞURRKARAR
FYRIR FYRIRTÆKI OG STOFNANIR
Tilvalið fyrir:
Verkstæði | Fiskvinnslufyrirtæki | Hótel og gistiheimili | Íþróttafélög og sundlaugar | Heilbrigðisstofnanir | Efnalaugar og þvottahús | Slökkvistöðvar | Skóla



Nánari upplýsingar veitir sölufólk okkar í síma 580 3900
Síðumúli 16 I 108 Reykjavík I Sími 580 3900 I fastus.is
FASTUS
Veit á vandaða lausn

EYJALIND
Varahlutir i VOLVO Vinnutæki


Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is


ÞAKEFNASALA ÍSLANDS
Þakefnasala Íslands er með allt sem þarf til þaklagna.
Þakpappa frá Ítalska fyrirtækinu Pluvitec
en þeir eru með yfir 30 ár reynslu af framleiðslu þakpappa.
Pluvitec framleiðir þakpappa eftir sérpöntun og því býður
Þakefnasalan þakpappa fyrir íslenkar aðstæður.
Pluvitec þakpappi stenst alþjóðlegar gæða og öryggisstaðla
(ISO 9001 - ECO 100 - EPD EN 15804) og er Svansvottaður.
SOLATUBE

Vandamálið sem Bakkabræður glímdu við er leyst.
Solatube Daylighting kemur dagsbirtunni inn í hús.
Bakkabræður notuðu húfurnar sínar til að bera ljósið
en Solatube byggir á tækni sem byrjað var að þróa 1986.
Sérhæfð verkfæri og festingar til þaklagna


Lofttúður og niðurföll í mörgum stærðum





pluvitec
Bæjarhraun 24, 220 Hafnarfjörður
8370303 - 6661425
thakefnasala@thakefnasala.is
www.thakefnasala.is
Ekki hika við að hringja eða senda okkur línu til að fá upplýsingar,ráðgjöf eða verðtilboð

SAGA MATAR & DRYKKJA



Edik af ýmsum gerðum.

„... við þorstanum gáfu þeir mér edik að drekka“



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Edik á sér langa sögu og nytjar á því verið margvíslegar í gegnum aldirnar. Það hefur verið haft til drykkja og notað til að pækla og auka geymsluþol matar. Í dag er það undirstöðuhráefnið í sinnepi, tómat- og HP-sósu. Edik er notað til að þrífa, eyða lykt og sem illgresis- og skordýraeyðir.

Talið er að edik hafi uppgötvast sem hliðarafurð eða mistök við víngerð. Seinna lærðu menn að hægt er að búa til edik úr hvað matvælum sem er svo lengi sem þau mynda alkóhól við gerjun.

Í grófum dráttum er til tvenns konar edik. Annars vegar edik sem er gert úr ediksýru, sem er blönduð vatni, eða gerjað edik. Gerjað edik er framleitt úr þynntum afurðum sem verða til við áfengisframleiðslu þar sem uppistaðan er ýmiss konar plöntusafi og kallast þá balsam-, hrísgrjóna-, jurta-, epla-, pálma-, malt-, áðurnefnt öl-, og vínedik svo dæmi séu tekin.

Gerjunin á sér stað þegar sykur er brotinn niður af gersveppum án tilkomu súrefnis og til verður alkóhól og koltvísýringur losnar. Á seinni stigum er súrefni bætt við og það gerir bakteríum kleift að framleiða ýmiss konar amínósýrur, vatn og önnur efnasambönd.

Í dag er edik aðallega notað til matargerðar en fyrr á tímum var það einnig notað til lækninga.

Útþynnt edik, sem er súrt við drykkju, var fyrr á öldum notað til að svala þorstanum og kallað vín fátæka mannsins.

Saga ediks

Elstu þekktu heimildir um edik eru um sjö þúsund ára gamlar steintöflur frá Babýlon, auk þess sem leifar af ediki hafa fundist í um fimm þúsund ára gömlum leirkrukkum í Egyptalandi.

Sagt er að Kleópatra Egyptalandsdrottning hafi unnið veðmál við rómverska elskhuga sinn, Marcus Antonius, með því að leysa perlu upp í glasi með ediki sem hún hristi.

Edikgerðarmenn nutu talsverðrar virðingar á Shou-tímabilinu í Kína, 1046 til 771, fyrir upphaf vestræns tímatals, og var það bæði haft til matar og lækninga.

Í Grikklandi til forna var vatnsþynnt edik blandað með hunangi, drykkur fólksins, og kallaðist oxykrar. Grikkinn Hippókrates, sem kallaður er faðir læknisfræðinnar, sagði edik vera bæði sótthreinsandi og græðandi fyrir sár og draga úr líkum á sjúkdómum í öndunarfærum.

Í Róm var svipaður drykkur sem kallaðist poska, sem sagður er hafa verið bæði styrkjandi og ölvandi, seldur af götusölum. Auk þess var siður meðal Rómverja að hafa skál með ediki nálæga við máltíðir til að væta í brauð og rómverskir hermenn báru iðulega með sér edik í landvinningabrölti sínu til að bragðbæta mat.

Auk þess sem edik var notað sem pækill og rotvarnarefni. Samkvæmt því sem segir í náttúrufræði Pliny eldri er edik gott við alls konar kvillum, það bragðbætir mat og eykur almenn lífsgæði.

Útbreiðsla og neysla á ediki jókst mikið í Evrópu frá fimmtu til fimmtándu aldar og á þeim tíma var borgin Orléans í Frakklandi fræg fyrir framleiðslu á góðu ediki. Á endurreisnartímanum er áætlað að um 150 edikverksmiðjur hafi verið í Frakklandi og edikframleiðsla ábatasöm útflutningsvara.

Plágan mikla, eða svarti dauði, sem gekk yfir Evrópu um miðja fjórtándu öld og fram á þá sautjándu, olli gríðarlegu manntjóni og er sagt að einn af hverjum þremur íbúum álfunnar hafi fallið af hennar völdum. Árið 1720 tóku íbúar Marseille í Frakklandi upp á því að bera í lófa sér svamp sem vættur var með ediki og anda í gegnum hann annað slagið til að verjast plágunni, sem fólk trúði að stafaði af vondu lofti. Aðalsmenn í borginni höfðu stundum þann sið að þeim fylgdi þjónn með ediki í skál svo hægt væri að bleyta upp í svampinum reglulega. Svo mikil var trú íbúa borgarinnar á fyrirbyggjandi mátt ediks við plágunni að þeir betur stæðu létu þvo veggi húsa sinna, bæði að innan og utan, með ediki.

Samkvæmt grasalækningabókum miðalda þótti gott að sjóða margs konar jurtir í ediki til að auka kraft þeirra og drekka löginn sér til heilsubótar.

Ítalir voru fyrstir til að búa til balsamedik úr vínberjum en Bretar til að framleiða maltedik úr gerjuðu korni. Vinaigre de toilette eða edik sem vellyktandi var talsvert vinsælt meðal kóngafólksins og aðalsins á seinni hluta átjándu aldar. Í auglýsingu frá framleiðanda, Il Secolo, slíks ilmvatns segir að konungur Portúgals og drottningar Hollands og Belgíu og prinsins af Wales kjósi að nota það.


Á sama tíma þótti edik upplagt fyrir konur til að lykta af væri korselettið svo þröngt að þeim lá við yfirliði og til að fyrirbyggja mígreni. Edik þótti einnig gott sem augndropar, munnskol og í fótabaðið.



Ítalir voru fyrstir til að búa til balsamedik úr vínberjum.



„Mig þyrstir.“ Jesús fær edik að drekka á krossinum. Málverk Jacques Joseph Tissot.



Fjórtándu aldar edikverksmiðja í borgin Orléans í Frakklandi.



Nútíma edikframleiðsla.



Kleópatra leysir perlu upp í edik. Málverk Andrea Casali.

Edik í flöskum

Fyrstu framleiðsluvörur matvælafyrirtækisins Heinz komu á markað 1896 og voru ýmiss konar sósur þar sem undirstaðan var edik og edikpæklaðar piparrætur og smágúrkur. Heinz var einnig fyrsta fyrirtækið sem tappaði ediki á flöskur og seldi til heimanota.

Orðsifjar

Enska heitið vinegar er upprunnið í gamalli frönsku og þýðir súrt vín. Á íslensku þekkjast samheitin eysill og örvinan um edik.

Edik í ritningunni

Edik kemur nokkrum sinnum fyrir í Biblíunni, bæði Gamla og Nýja testamentinu.

Í Orðskviðum, 25:20 Gamla testamentisins segir að röng viðbrögð séu eins og að að fara úr fötum í kalsaveðri, eða að hella ediki í sár eða eins og að syngja sorgmæddum gleðisöngva.

Sálmar Gamla testamentisins, sem kenndir eru við Davíð konung og eru stundum kallaðir Saltarinn, eru 150 að tölu og fjölbreytni þeirra er mikil. Í þeim má finna lofgerðar- og þakkarljóð en einnig nístandi harm eins og í sálmi 69:21-22 þar sem segir:

„Háðungin kramdi hjarta mitt svo að ég örvænti.

Ég vonaði að einhver sýndi meðaumkun en þar var enginn,

og að einhverjir hugguðu en fann engan.

Þeir fengu mér malurt til matar

og við þorstanum gáfu þeir mér edik að drekka.“

Miskunnsami Rómverjinn

Í lýsingu guðspjallamanna Nýja testamentisins, Jóhannesar, Lúkasar, Matteusar og Markúsar, á krossfestingu Jesú er svipuð um margt og allir segja þeir frá því er rómverskur hermaður gefur Jesú edik að drekka.

Jóhannes lýsir atvikinu með þessu orðum: „Jesús vissi að allt var þegar fullkomnað. Þá sagði hann til þess að ritningin rættist: „Mig þyrstir.“ Þar stóð ker fullt af ediki. Hermennirnir vættu njarðarvött í ediki, settu hann á ísópslegg og báru að munni honum. Þegar Jesús hafði fengið edikið sagði hann: „Það er fullkomnað.“ Þá hneigði hann höfuðið og gaf upp andann.“

Hjá Lúkasi segir: „Fólkið stóð og horfði á og höfðingjarnir gerðu gys að honum og sögðu: „Öðrum bjargaði hann, bjargi hann nú sjálfum sér ef hann er Kristur Guðs, hinn útvaldi.“

Eins hæddu hann hermennirnir, komu og báru honum edik og sögðu: „Ef þú ert konungur Gyðinga, þá bjargaðu sjálfum þér.“

Í Matteusarguðspjalli segir svo: „En frá hádegi varð myrkur um allt land til nóns. Og um nón kallaði Jesús hárri röddu: „Elí, Elí, lama sabaktaní!“ Það þýðir: „Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig?“

Nokkrir þeirra er þar stóðu heyrðu þetta og sögðu: „Hann kallar á Elía!“ Jafnskjótt hljóp einn þeirra til, tók njarðarvött og fyllti ediki, stakk á reyrstaf og gaf honum að drekka. Hinir sögðu: „Sjáum til hvort Elía kemur að bjarga honum.“ En Jesús hrópaði aftur hárri röddu og gaf upp andann.

Lýsing Markúsar, er mjög svipuð Matteusar, og er á þessa leið: „Á hádegi varð myrkur um allt land til nóns. Og á nóni kallaði Jesús hárri röddu: „Elói, Elói, lama sabaktaní!“ Það þýðir: Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig? Nokkrir þeirra er hjá stóðu heyrðu þetta og sögðu: „Heyrið, hann kallar á Elía!“



Edik er eitt af undirstöðuhráefnunum í sinnepi, tómat- og HP-sósu.

Hljóp þá einn til, fyllti njarðarvött ediki, stakk á reyrstaf og gaf honum að drekka. Hann mælti: „Látum sjá hvort Elía kemur að taka hann ofan.“

En Jesús kallaði hárri röddu og gaf upp andann.

Og fortjald musterisins rifnaði í tvennt, ofan frá og allt niður úr.“

Í samhengi við krossfestinguna og píslir Krists má ætla að með því að gefa Jesú edik að drekka væri tilgangurinn að auka enn á þjáningu hans. Séu viðbrögð rómverska hermannsins aftur á móti skoðuð í ljósi þess að dauf edikblanda var algengur drykkur í Jesúlandinu má telja víst að um miskunnsemi hafi verið að ræða að hálfu Rómverjans.

Nytjar

Á nítjándu öld urðu miklar og hraðar breytingar í framleiðslu á ediki og nýjar aðferðir gerðu framleiðendum kleift að flýta gerjun til muna. Í dag tekur einn til tvo daga að framleiða edik sem tók margar vikur fyrr á öldum. Á sama tíma hefur framleiðslan orðið einsleitari og náttúruleg fjölbreytni ólíkra bragðtegunda minnkað.

Ediksælkerar þurfa þrátt fyrir það ekki að örvænta því víða er enn að finna framleiðendur sem gerja edik með gamla laginu í viðartunnum og leggja metnað sinn í gæði fremur en magn.

Edik er víða í Evrópu og Asíu hluti af matarvenjum fólks og nytjar á því að aukast víða um heim. Það er notað til sósugerðar, til dæmis í sinnep, tómat- og HP-sósu, mæjónes og „dressing“ á salat. Þjóðarréttur Breta, fish & chips, er nánast óhugsandi nema með góðri slettu af maltediki.

Það þykir ágætt til að þrífa fleti og er einnig notað sem og sagt gott illgresis- og skordýraeitur.

Edik á Íslandi

Í Varningsskrá um út- og innflutning til landsins árið 1846 sem birtist í Ný félagsrit árið 1846 er að finna margs konar upplýsingar og tölfræði. Þar segir meðal annars að til landsins hafi verið flutt „hérumbil“ 6.000 tunnur af lýsi og um 10.000 pör af einbandssokkum og ógreinilegt magn af ediki.



Hrísgrjónaedik er oft gerjað.

Að því sem segir í aukablaði Fjallkonunnar 1890 er edik „búið til úr ýmsum alkóhol-kendum vökvum, svo sem víni, þyntu brennivini, öli, eplalegi o. s. frv.

Aðalefnið í edikinu er ediksýran, og gæði ediksins fara eftir því, hve mikið er í því af þessari sýru. Fyrir því er edik oft svikið á þann hátt, að blandað er saman við það öðrum sýrum, svo sem brennisteinssýru, saltsýru, vinsýru, eða með því að beiskum plöntuefnum er blandað saman við það, svo sem pipar, mustarði o. s. frv.



Edikgerðarmenn nutu talsverðrar virðingar á Shou-tímabilinu í Kína.

Ef brennisteinssýra er í edikinu, verður að álíta það beinlínis óheilnæmt og skulum vér því greina frá, hvernig komast megi eftir því, hvort edikið er þannig svikið.

Ef uppleyst klórbaryum eða uppleyst ediksúrt baryt er sett í edik það, sem blandað er brennisteinssýru, koma hvítar dreggjar á botninn, er leysast ekki upp þó saltsýru eða saltpétursýru sé viðbætt. Á sama hátt koma hvítar dreggjar á botninn, ef saltpétrsúrt silfur, uppleyst í vatni, er látið i edik, sem blandað er saltsýru.“



Heimsent edik um miðja fjórtándu öld.

Notkun ediks til matargerðar hér á landi eru sífellt að aukast og lítið mál að finna fjölda mataruppskrifta í bókum og á netinu þar sem edik kemur við sögu.

Edik er líka notað sem sótthreinsandi og lykteyðandi. Með því að væta tusku með ediki er auðvelt að ná óþef af hörðum flötum. Það vinnur vel á vondri lykt á hörðum flötum. ef það er vond lykt af einhverju heima hjá þér er mjög líklegt að edikið hreinsi óþefinn í burtu.

Kæli- og frystiklefar í öllum stærðum og gerðum

Margar gerðir af vélbúnaði fyrir kæli- og frystiklefa

Mikið úrval af hillum



Kælitækni er leiðandi í sölu og uppsetningu á kerfum með náttúrlegum kælimiðlum

Kælitækni
Járnháls 2 - 110 Reykjavík
Sími 440 - 1800
www.kaelitaekni.is

LÍF & STARF

Tími sumarblómanna



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Sumarblóm auka litadýrðina í garðinum og fara vel í beðum, pottum, kerum og svalakössum. Flest sumarblóm þurfa sólríkan stað, skjól til að dafna og blómstra ríkulega. Þau þola ekki frost þannig að óráðlegt er að planta þeim út fyrr en hætta á næturfrosti er liðin hjá.

Velja skal sumarblóm með tilliti til vaxtarstaðar því lítið gagn er í að setja blóm sem þurfa mikla sól í skugga, eða hávaxnar plöntur þar sem mikið blæs og þær eiga á hættu að fjúka um koll.

Undirbúið jarðveginn vel

Nauðsynlegt er að undirbúa jarðveginn vel áður en sumarblómunum er plantað, hvort sem það er í beð eða ker. Æskileg jarðvegsdýpt fyrir sumarblóm er 15 til 20 sentímetrar. Stinga skal jarðveginn upp, hreinsa burt grjót, mylja jarðveginn og bæta í hann lífrænum áburði á nokkurra ára fresti. Síðan er jarðvegurinn jafnaður til og lítils háttar af tilbúnum áburði stráð yfir.

Hæfilegt bil á milli sumarblóma er 10 til 20 sentímetrar. Þétt plöntun minnkar vinnu við að reyta illgresi þegar líður á sumarið. Gæta skal þess að ræturnar séu blautar þegar plantað er út til að draga úr líkunum á að moldin hrynji af þeim. Blómin eru fljótari að jafna sig eftir útplöntun sé moldin rök.

Vökvið vel

Við útplöntun skal gæta þess að setja hæstu tegundirnar aftast í beðið og í skjól svo að þær brotni ekki í vindi og raða plöntunum eftir lit og lögun eins og hverjum og einum þykir fara best. Eftir útplöntun þarf að vökva í nokkra daga á eftir, sé þurrt í veðri, en of mikil vökvun kælir moldina og tefur vöxt. Eftir að sumarblómunum hefur verið komið fyrir sjá þau yfirleitt um sig sjálf og þurfa litla umhirðu, nema þá helst að klippt séu af þeim visnuð blóm til að koma í veg fyrir fræmyndun, en hún dregur úr áframhaldandi blómgun.



Tóbakshorn – milljón bjöllur. Myndir / VH



Blóðdropi Krists.



Járnjurt.



Daggarbrá.

Sumarblóm í pottum og kerum

Hægt er að fá margar og fjölbreytilegar gerðir af ílátum undir blóm, til dæmis útipotta, tunnur, körfur og ker úr plasti eða leir. Einnig er boðið upp á gott úrval hengipotta, plast, bast og leir og svalakassa.

Þess sem einna helst þarf að gæta að við val á útikeri er að það þoli frost ef það á að standa úti yfir veturinn.

Sömu reglur gilda um jarðveg í keri og beði, það verður að vinna hann vel og gæta þess að frárennsli sé gott. Ef ekki er gat á kerinu er nauðsynlegt að setja lag af grófu efni, til dæmis grófan vikur, smásteina eða leirkúlur, í botninn þar sem afrennslisvatn getur safnast fyrir án þess að ræturnar fúni. Þetta á sérstaklega við ef kerið stendur undir berum himni. Ker sem stendur á þurrum stað þarf aftur á móti að vökva reglulega.


Yfirleitt eru sumarblómin smá þegar þeim er plantað út á vorin en þau stækka yfir sumarið og því er hæfilegt að planta þeim með 10 til 12 sentímetra millibili. Stórgerðar plöntur, eins og pelargóníur og margarítur, þurfa aftur á móti meira pláss. Kerið kann því að virðast tómlegt til að byrja með en gróðurinn þéttist fljótt.

Hægt er að setja allar tegundir sumarblóma í ker. Stjúpur, skrautnálar, sólboði, stjörnublik, flauelsblóm og silfurkambur njóta alltaf mikilla vinsælda en það er ekkert sem mælir gegn því að planta hádegisblómum, nellikum, fagurfíflum, pelargóníum og tóbakshorni. Einnig getur verið fallegt að planta hengijurtum eins og brúðarauga, skjaldfléttu eða hengitóbakshorn út við jaðra kersins og láta plönturnar flæða yfir brúnirnar.

Þeir sem eru hagsýnir geta plantað matjurtum í kerin. Blöð ýmissa matjurta geta verið mjög falleg, til dæmis á kartöflum, rófum, hnúðkáli, beðju, salati, steinselju og grænkáli. Það má einnig búa til lítinn kryddjurtagarð í kerinu og planta í það rósmaríni, sítrónumelissu, myntu eða öðrum tegundum kryddjurta.

Nokkur falleg sumarblóm

Bláhnoða (*Ageratum houstonianum*). 10 til 30 sentímetra há og fíngerð jurt með bláum og ljósbláum blómum. Einnig til hvít. Vex best í skjóli og á þurrum stað. Hentar vel sem kantblóm og í þyrpingar.



Sólboði.



Dalía.



Ljónsmunni.

Skrauttóbak (*Nicotiana × sanderae*). Einær jurt, 20 til 60 sentímetrar á hæð. Blómin í ýmsum litum; rauð, bleik, hvít og fjólublá. Viðkvæm fyrir frosti. Þrífst ágætlega þótt hún fái aðeins sól hluta úr degi. Blómviljug og ilmar vel.

Fagurfífill (*Bellis perennis)*. 10 til 20 sentímetrar á hæð. Blómin fyllt, hvít, bleik eða rauð. Mjög harðgerður og á það til að sá sér. Fagurfífill er sagður standa fyrir sakleysi, ást og hvatningu. Rómverjar notuðu safann úr fagurfífli til að græða sár.

Flauelsblóm (*Tagetes patula var. nana*). 20 til 35 sentímetrar á hæð. Stönglarnir greinóttir og blöðin skipt. Blómin gul eða rauðgul, einföld eða ofkrýnd. Falleg jurt sem er ættuð frá Mexíkó og þarf sól og skjól. Viðkvæm fyrir frosti. Blóm notuð í matarlit og til að lita textíl.

Frúarhattur (*Rudbeckia hirta)*. Hávaxið sumarblóm sem getur náð 60

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VB HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Flauelsblóm.



Fjóla.



Stjúpa.

sentímetra hæð. Blómin stór gul karfa með dökku auga. Blómgast í ágúst og september og stendur lengi.

Hádegisblóm (*Dorotheanthus bellidiformis*). Lágvaxin jurt, 5 til 10 sentímetrar á hæð, blöðin þykk og kjötkennd. Blómin stór og litskrúðug og til í mörgum og skærum litum. Falleg jurt í blóma en opnar sig eingöngu í sól.

Ljónsmunni *(Antirrhinum majus)*. Er með stinna stöngla sem geta orðið 50 sentímetra háir og þarf því skjól til að fjúka ekki um koll. Blómin í klösum og til í mörgum litum, rauð, bleik, gul og hvít.

Morgunfrú *(Calendula officinalis)*. 30 til 60 sentímetrar á hæð.

Harðgerð og blómstrar stórum appelsínugulum eða gulum blómum og stendur langt fram á haust. Blöðin og blómin eru æt og tilvalin í salat. Jurtin hefur verið notuð til að græða sár á húð og blómin til litunar.

Silfurkambur *(Senecio cineraria)*. 20 til 40 sentímetrar á hæð.

Harðgerð jurt sem er ræktuð vegna blaðfegurðar. Blöðin silfurlituð og standa langt fram eftir hausti.

Vex best á þurrum og sólríkum stað. Lifir veturinn iðulega af.

Skrautnál *(Lobularia maritima)*. 5 til 15 sentímetra há. Blöðin smá en blómin mörg og mynda litla þúfu. Blómin hvít, fjólublá eða bleik. Góð þekjuplanta í beð.

Skjaldflétta *(Tropaeolum majus)*. Hengi- eða klifurjurt. Blöðin stór og næstum kringlótt. Blómin stór, gul, rauð og appelsínugul. Þarf sól og skjól. Blöð, blóm og fræ æt.

Stjúpa *(Viola ×wittrockiana)*. Drottning sumarblómanna. Harðgerð og ekkert sumarblóm kemst í hálfkvisti við hana hvað varðar fjölbreytni í lit, það er meira að segja hægt að fá hana svarta. Það er hægt að rækta stjúpur næstum því hvar sem er.

Tóbakshorn *(Petunia × hybrida)*. 25 til 35 sentímetrar á hæð. Blómin stór, einföld og fyllt, til í mörgum litum – blá, hvít, rauð og tvílit. Þarf sól og skjól. Tóbakshorn eru venjulega seld undir heitinu petúníur.

Til eru blómstór og sterkvaxin afbrigði sem kallast einu nafni Surfinía og mest ræktaðar í hengipottum.

Þær eru sterkar, stórblóma hengiplöntur sem fást í mörgum hreinum og skærum litum, blómsæld þeirra er með afbrigðum mikil.

Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu 2022

Skráning er hafin í orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvalla- sýslu sem verður haldið í Hótel Örk, Hveragerði, dagana 25. til 29. september 2022.

→ Samkvæmt lögum um orlof húsmæðra eiga allar konur rétt á að sækja um orlof sem veita, eða hafa veitt, heimili forstöðu án launagreiðslna fyrir það starf.

→ Ef félagskonur af svæðinu bjóða með sér konum af öðrum orlofssvæðum verða þær að greiða tvöfalt gjald og rukka sjálfar gjaldið hjá sínum orlofsnefndum.

→ Áætluð er ein dagsferð á meðan á dvöl stendur þó ekki sé búið að taka ákvörðun um það ennþá, en margt annað verður í boði þessa daga.

→ Bókanir óskast hið fyrsta og eigi síðar en 30. júní 2022.

→ Staðfestingargjald er kr. 30.000 óskast greitt þegar þið fáið staðfestingu á að þið komist í ferðina.
(Sem verður fljótlega eftir að skráningu lýkur)

→ Það voru svo fáar sem notuðu rútuna í fyrra til og frá orlofsstað að væntanlega verður ekki rúta núna.

Bankaupplýsingar: 0325-13-300902 Kennitala: 590706-1590

Vinsamlega geymið auglýsinguna vegna bankanúmers.
Næsta auglýsing verður vegna komutíma og skráningar á Hótel Örk þegar nær dregur.
Móttaka bókana er hjá: Þórunni Ragnarsdóttur sími 487-5922 og 892-5923 Netfang: thorunnreidholt@gmail.com

Orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu

Varahlutaþjónusta

Við getum útvegað vara- og fylgihluti fyrir allar tegundir beltagrafa, tækja, lyftara, vinnulyfta, brettatjakka, dráttarvéla, þriftækja, golfbíla og fleira.

VERKFÆRI EHF

Varahlutadeild er staðsett í Tónahvarfi 3, Kópavogi.



Sími:544-4210
www.verkfaeriehf.is
Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi





Til sölu

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar auglýsir til sölu tvö hús til flutnings. Annars vegar er um að ræða hús sem hefur verið notað sem aðstöðuhúsnæði fyrir Siglingarklúbbinn Nökkva, stærð 39,5 m², byggt árið 1994. Hins vegar er um ræða hús sem hefur verið notað sem bátaskýli fyrir Siglingarklúbbinn Nökkva, stærð 68,2 m², byggt árið 2000. Flutningur húsa er á ábyrgð og kostnað kaupanda.

Allar nánari upplýsingar eru gefnar í gegnum netfangið umsarekstur@akureyri.is.
Tilboðum skal skila rafrænt á sama netfang eigi síðar en kl. 11:00 miðvikudaginn 8. júní 2022 og verða tilboð opnuð á sama tíma.
Umhverfis- og mannvirkjasvið áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Akureyrarbær Umhverfis- og mannvirkjasvið

Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is akureyri@akureyri.is





Lely A3 mjaltaþjónn - árgerð 2006

Hægri mjaltaþjónn. Lely mjaltaþjóninum fylgir:
Nýr Lely forkælir • Ný Atlas Copco loftpressa.
Nýjar hálsólar, en eldri Lely ISO-ID hálskubbar.
Nýr tölvupakki sem samanstendur af tölvu, skjá, spjaldtölvu og ufsa.
Nýtt Lely Horizon hugbúnaðarleyfi.
Búið að skipta um þau gúmmí sem þarf þegar mjaltaþjónn fer milli landshluta.

Tilbúinn til uppsetningar í janúar / febrúar 2023.
Allan líftímann á þjónustusamningi.
6 mánaða ábyrgð frá gangsetningu.

Verð 6.900.000 + vsk. uppsettur og byrjaður að mjólka.
Staðfestingargjald er 1 milljón til að festa sér kaupin.
Nánari upplýsingar gefa Jóhannes s: 822-8636 eða
Jón Stefán 822-8616

www.lely.com/is/centers/reykjavik/

Lely Center Ísland

Reykjavík Krókháls 5f Sími 414 0000

Akureyri Óðinsnes 2 Sími 464 8600

lci.is

Lely Center Ísland

Hestagerði



Fjórar slár
Staðlað efni
Allt galvaniserað
Sérhannað fyrir hesta

Reykjavík: Krókhálsi 5f – Sími 414 0000
Akureyri: Óðinsnesi 2 – Sími 464 8600

lci.is

LÍF & STARF



Fiskeldisnemar á fóðurpramma Arctic fish á Patreksfirði.

Nemendur í diplómanámi við fiskeldis- og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum:

Kynntu sér fiskeldið á sunnanverðum Vestfjörðum

Nemendur í diplómanámi í fiskeldi við Háskólann á Hólum voru á faraldsfæti á dögunum og kynntu sér fiskeldið á sunnanverðum Vestfjörðum.

Nám í fiskeldi er byggt upp af tíu námskeiðum sem kennd eru í fjarnámi, hvert á fætur öðru, yfir tvær annir, auk 12 vikna verknáms á þriðju önn. Í hverju námskeiði er gert ráð fyrir 3-4 daga staðbundinni lotu sem að jafnaði fer fram í Verinu á Sauðárkróki. Þar hittast nemendur og kennarar, efla tengsl og takast á við viðfangsefni sem betur fer á að kljást við á staðnum en gegnum veraldarvefinn.

Að þessu sinni fór þó staðlotan ekki fram heima í héraði heldur vestur á fjörðum.

Þrettán manna hópur á vegum Háskólans á Hólum, nemendur í námskeiðinu Eldisbúnaði ásamt starfsfólki skólans, hafði bækistöð á Patreksfirði um nokkurra daga skeið á meðan ýmsum verkefnum var sinnt í nálægum byggðum.



Matreiðslumaður og veiðikló í fiskeldisnámi – glaðhlakkalegur með fenginn.



Við mat á seltuþoli er dregið blóð úr seiðum.

Í heimsókn hjá Arctic Fish

Lengst dvaldi hópurinn í seiðaeldisstöð Arctic Fish í Norðurbotni í Tálknafirði þar sem þau spreyttu sig á vatnsgæðamælingum, seltuþolsprófum og mælingum á blóðplasma, um leið og tækifæri gafst til að kynnast náið starfsemi stöðvarinnar. Farið var út í kvíar og fóðurpramma fyrirtækisins á Patreksfirði. Bækistöðvar Arnarlax á Bíldudal voru heimsóttar þar sem starfsemi fyrirtækisins var kynnt. Seiðaeldisstöð Arnarlax á Gileyri var skoðuð og einnig sláturhúsið á Bíldudal. Að lokum var staldrað við í bleikjueldinu hjá Tungusilungi í Tálknafirði.

Að sögn Ólafs Sigurgeirssonar lektors gefst með þessum heimsóknum ákaflega kærkomið tækifæri til að komast nær viðfangsefninu og sjá og skilja hvernig fjölbreytt starfsemi tengd fiskeldi gengur fyrir sig. Efni námskeiðsins sem staðarlotan heyrir undir er að talsverðu leyti um endurnýtingu á vatni í fiskeldi og rekstur endurnýtingarkerfa. Seiðaeldisstöðin í Norðurbotni er fullkomnasta endurnýtingarstöðin á Íslandi og hentar ákaflega vel til að fræðast um slík kerfi. Þar er vítt til veggja og góðar aðstæður til að vinna námstengd verkefni í slíkri heimsókn. Við tekur svo að þróa slíkar verklegar lotur enn frekar í samstarfi við iðnaðinn.



Leitað að ytri sníkjudýrum á laxaseiðum.

Aðili að Evrópusamstarfsverkefninu Bridges

Háskólinn á Hólum er, ásamt fleiri skólastofnunum og fiskeldisfyrirtækjum á Íslandi, aðili að Evrópusamstarfsverkefninu Bridges. Nafn verkefnisins stendur fyrir Blue Region Initiative for Developing Growth, Employability and Skills in The Farming of fin-fish og er verkefnið styrkt af Erasmus, menntaáætlun Evrópusambandsins.

Markmið verkefnisins er, í stuttu máli, að stuðla að því að menntastofnanir á sviði fiskeldis muni gegna lykilhlutverki sem nokkurs konar miðstöðvar þekkingar, færni, nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi á heimsmælikvarða.



Þjónustubáturinn Arnarnes við fiskeldiskví í Patreksfirði.

Stærsti styrkur Erasmus til slíks verklefnis á Norðurlöndum

Styrkurinn sem fékkst til verkefnisins er sá stærsti sem Erasmus hefur veitt til þessa skólastigs á Norðurlöndunum og meðal stærstu styrkja sem veittir hafa verið innan þess hluta menntaáætlunarinnar sem kallast Centers of Vocational Excellence, og mætti útleggja á íslensku sem Miðstöðvar framúrskarandi starfsnáms. Verkefnið er til fjögurra ára, hófst í nóvember árið 2020 og lýkur árið 2024.

Eitt af meginmarkmiðum verkefnisins er að stuðla að auknum tengslum starfsmenntunar við iðnaðinn, meðal annars með kortlagningu þekkingar, hæfni og þarfa, sem aftur stuðlar að auknum gæðum og skilvirkni starfsnámsins. Í því samhengi er unnið að endurskoðun og frekari uppbyggingu verknáms við fiskeldis- og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum. Náms- og skoðunarferð nemenda deildarinnar var liður í þeirri uppbyggingu og mæltist vel fyrir af nemendum, starfsfólki og gestgjöfum. Fyrirtækin á Vestfjörðum fá kærar þakkir fyrir móttökurnar og hjálpsemina.

Fiskeldi er í gífurlegum vexti hér á landi þessi misserin og þörf fyrir fólk með þekkingu á sviðinu hefur því aldrei verið meiri. Tækniþróunin er hröð og kröfur um gæði og sjálfbærni í matvælaframleiðslu eykst í takt við tíðarandann. Háskólinn á Hólum leggur metnað sinn í að fylgja þessari þróun.

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum er alþjóðleg miðstöð rannsókna og kennslu í sjávar- og vatnalíffræði, fiskeldi og fiskalíffræði.

Deildin stuðlar að faglegri uppbyggingu fiskeldis í anda sjálfbærrar þróunar og kemur víða að þróunarstarfi á sínum fræðasviðum. Deildin á í formlegu samstarfi um kennslu og rannsóknir við fjölda háskóla og rannsóknastofnana bæði hérlendis og erlendis. Nemendur taka virkan þátt í fjölbreyttum rannsóknar- og þróunarverkefnum sem sérfræðingar deildarinnar vinna að og fá þannig að kynnast af eigin raun nýjungum og verklagi.

Fjölbreytt nám tengt fiskeldi

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum býður upp á fjölbreytt nám tengt fiskeldi, nýtingu auðlinda og sjávar- og vatnalíffræði. Auk þess leiðbeina sérfræðingar deildarinnar fjölmörgum doktorsnemum, sem skráðir eru við aðra háskóla, og leiðbeina fjölda erlendra nemenda í tímabundnu rannsóknaverknámi. Í námi og kennslu við fiskeldis- og fiskalíffræðideild er lögð áhersla á mikil og góð tengsl við atvinnulífið, sem og aðrar mennta- og fræðslustofnanir hérlendis og erlendis, og jafnframt á öfluga tengingu náms og rannsókna. Umsóknarfrestur um nám við Háskólann á Hólum er til 5. júní.

Ástríður Einarsdóttir
verkefnastjóri við fiskeldis- og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum

Waldorfsskólinn Sólstöfum:

Staða pítsuofnsins eftir hampuppskeru haustsins

Síðastliðið sumar hófu nemendur Waldorfsskólans Sólstöfum að rækta iðnaðarhamp af miklum móð með það fyrir augum að nýta jurtina í allt frá tedrykkju til pítsuofns.



Bændablaðið fjallaði um málið síðastliðið haust, er uppskeran átti sér stað, en nú hafa nemendur – undir vökulum augum félaganna Johans Andersen og Gunnars Wium – þurrkað þónokkurt magn hampsins, brotið hann niður í tunnur, hannað pitsuofninn og meira að segja svo lánsöm að vera komin með jógabolta í hendurnar sem mun þjóna þeim tilgangi að steypt verður utan um hann en ætlunin er að ofninn góði verði að hálfu leyti kúlulaga.



Blaðamaður fór á stúfana og ræddi við Gunnar sem fræddi hann um stöðu mála.

„Við erum alveg með 8 tíu lítra tunnur fullar af tréni, sem er það sem er inni í stilkunum. En við erum semsé með trénið sem við ætlum að nota sem bindingu í steypuna. Ætlum að blanda saman vatni, tréni og eftir því sem ég komst næst, kalki af einhverju tagi.



Við heyrðum í Pálma Einarssyni í Berufirði sem stendur í verkefni varðandi tilraunaræktun á iðnaðarhampi og úrvinnslu vara úr honum, en hann nýtur þess að búa nálægt á og fékk úr henni leir sem hann hefur verið að vinna með.

Ég fór því upp í Steypustöð, fékk hjá þeim prufu af kalki og prófaði að blanda því og vatni saman við trénið mitt. Steypublöndunin er auðvitað á frumstigi enn sem komið er. Þetta sull lítur kannski svolítið gróft út, en trénið þarf ekkert að vera mikið minna til þess að þetta virki.

Krakkarnir hafa verið að sitja við og brjóta þetta niður með mér en í raun þarf ég að fá ráðleggingar um hvernig er hægt að kurla þetta á fljótvirkari hátt. Miðað við magnið af hampi sem við höfum tekur það okkur krakkana alveg fimmtán ár að brjóta þetta niður," segir Gunni og hlær. „Trjákurlarar hafa komið upp í umræðunni jú, en helst þyrftum við að vera með aðgang að einhvers konar hakkara.

Ég prófaði að setja trénið í kaffikvörn og það gekk stórfenglega. En gengur eðlilega einungis fyrir afar lítið magn í einu.

Annars er kalk víst ekki besta lausnin fyrir íslenskar aðstæður. Það dregur hratt í sig vökva, losar sig við hann svipað hratt reyndar, en hérlendis gæti þetta farið illa vegna raka og frosts. Það þyrfti helst þá að þekja ofninn að utan með einhverju.


Planið er, eins og sést á myndunum, að hlaða upp eitthvað beis, einhvern ramma úr trjádrumbum og fylla hann til dæmis með grjóti, steypa svo plötu úr venjulegri steypu. Þar ofan á kæmi svo ofninn, þegar við höfum náð að steypa hann og slá utan af honum.

Maður verður bara að prófa sig áfram með áhugann og forvitnina að vopni!"

„Svo kom hellingur af blómum og blöðum með hampinum auðvitað," bætir Gunnar við, sem fólk er búið að vera að drekka í tei – það var til dæmis selt á jólabasarnum hjá okkur og var mjög vinsælt. Við höldum því ótrauð áfram, enda hefur hampurinn fest sig í sessi sem liður í starfi okkar hér í skólanum."

Við kveðjum Gunna sem er bjartsýnn á framhaldið og hlökkum til frekari fregna af ferli pítsuofnsins. */SP*







Verið velkomin!
HRINGGERÐI
....nóg til af öllum grindum og hliðum!
Dæmi um stærðir:
Ø10m (10 grindur, 1 hlið og tengipinnar)
Ø12m (12 grindur, 1 hlið og tengipinnar)
Einnig er hægt að kaupa stakar grindur, hlið og tengipinna.
Vinsælu hringgerðin komin í hús!
Fylgstu með okkur á velavalehf
VÉLAVAL
Sími: 453 8888 - Opið virka daga kl. 9-17
Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð

Innflutt af
Scanice
www.scanice.is +354-8985469
Nordic Star
Saint Malo
Malta
Tahiti Platinum
PREMIUM CHALETS
Elba
Chios
Waikiki
Scanice er komið í samstarf við fyrirtækið Lark, einn stærsta framleiðanda á stöðuhýsum og öðru tilheyrandi. Við bjóðum upp á ýmsar útgáfur húsa til dæmis sérstakra húsa sem hönnuð eru með ferðaþjónustu í huga. Möguleikarnir eru margir og flestar óskir hægt að uppfylla.
Heyrið í okkur!
Vallargata 1, 580 Siglufjörður • s. 898 5469 • info@scaniceexport.com • www.scanice.is

Öll almenn raflagnavinna
Nýlagnir
Endurnýjun lagna
Netlagnir
Ljósleiðaratengingar
Sími 431 1201 | rafstodin@rafstodin.is
RAFSTÖÐIN
RAFVERKTAKAR

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM
ÍS HURÐIR
www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237

AF VETTVANGI STJÓRNARRÁÐSINS

Kraftmikill, metnaðarfullur landbúnaður

Landbúnaður á Íslandi er fyrst og fremst atvinnugrein og á að vera það áfram. Þó svo að í hugum sumra sé búskapur lífsstíll og snúist um að viðhalda tilteknu atvinnu- og menningarlandslagi þá er landbúnaður atvinnugrein. Bændur framleiða matvæli og aðrar þær vörur sem neytendur vilja og þurfa að kaupa. Almenningur styður við innlendan landbúnað með víðtækum hætti.

Það eru áskoranir til skemmri tíma í ákveðnum greinum landbúnaðar á Íslandi sem eru til komnar vegna stríðs Rússa í Úkraínu.

Sérstaklega er þetta áskorun fyrir kjötframleiðslu sem reiðir sig að miklu leyti á innflutt aðföng.

Hátt aðfangaverð, sérstaklega á áburði og nú einnig á fóðurbæti hefur étið upp framlegð margra búa. Þessu til viðbótar hefur um árabil verið afkomuvandi í sauðfjárrækt sem hefur valdið því að framleiðsla á lambakjöti hefur dregist talsvert



Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra.

saman.Vegna þessara miklu hækkana á áburðarverði lagði ég til að 700 milljónum yrði varið til þess að koma til móts við bændur vegna þeirra í síðustu fjárlögum.

Sérstök áhersla hefur verið á að greina hvað er að gerast í löndunum í kringum okkur, hver staða matvælamarkaða er hér innanlands og hvernig þessi áhrif koma við mismunandi búgreinar. Landbúnaður er atvinnugrein og þar þarf að ríkja réttlæti í afkomu bænda í virðiskeðjunni.

Eins og bent var á í tillögum Landbúnaðarháskólans um aðgerðir til að bæta fæðuöryggi, þá hefur afkoma bænda einfaldlega mikil áhrif á fæðuöryggi. En að sama skapi er í þeirri skýrslu bent á að fæðuöryggi snýst líka um það að allir hópar samfélagsins hafi efni á því að kaupa holl og góð matvæli.

Framtíðin er björt til sveita

Þrátt fyrir þessar áskoranir er framtíðin björt. Mikill áhugi er hjá ungu fólki að stunda landbúnað, það sést í aðsókn í búfræðinám við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og fjölgun þeirra sem stunda búvísindanám á síðustu árum.

Það heyrist í samtölum við unga bændur og þau sem stefna á það að verða bændur, hafi þau til þess tækifæri. Það mælist í sístækkandi útlánasafni Byggðastofnunar til kynslóðaskipta í landbúnaði.

Þannig að mannauðurinn er til staðar.

En mannauðurinn einn og sér er ekki nægjanleg forsenda fyrir kraftmiklum og metnaðarfullum landbúnaði. Til þess að fólk geti haslað sér völl í landbúnaði þurfa að vera forsendur til þess að geta byggt upp tæknivædd bú þar sem möguleikar eru til þess að stunda nútíma landbúnað sem ræður við þær umbreytingar sem eru að verða í greininni.

Nákvæmnislandbúnaður, aukin krafa neytenda um rekjanleika, velferð búfjár, árangur í loftslagsmálum og þannig mætti lengi telja. Þær forsendur eru bæði efnahagslegar og félagslegar. Þær snúast um brauðstritið, að eiga fyrir reikningunum, að geta séð fyrir fjölskyldu og að búa í öruggu húsnæði.

En þær snúast líka um aðgengi að verslun, samgöngum, opinberri þjónustu, leikskólaplássum og vegalengd í grunnskóla.

Fjárfesta þarf í framförum

Framfarir í atvinnugreinum byggjast á því að fjárfest sé til framtíðar. Framfarir verða ekki til af sjálfu sér, heldur leiða þær af sér betri þekkingu og bættri tækni.

Nútíma, tæknivæddur landbúnaður krefst mikils stofnkostnaðar. Og það er til mikils að vinna. Á slíku búi eru vinnuaðstæður bænda góðar sem gerir starfsvettvanginn aðlaðandi.

Þess vegna er Stuðningskerfið, það verður að vera aflvaki framfara og styðja fjárfestingar sem skila raunverulegum ávinningi.

Svandís Svavarsdóttir,
matvælaráðherra.

---

mast Matvælastofnun ...frá heilbrigði til hollustu

Moltu- og áburðargerð:

Kröfur og framkvæmd samkvæmt nýrri reglugerð

Í sumar tekur gildi ný reglugerð um áburðarvörur (2019/1009/EB), hún setur reglur um hvaða efni eru leyfileg sem áburðarvörur með tilliti til efnainnihalds og öryggis. Hún tekur til bæði lífræns og ólífræns áburðar og í reynd öll efni, þ.m.t. örverur, sem auðga jarðveg næringu og sjá plöntum og sveppum fyrir ræktunarumhverfi og næringu. Með tilkomu þessarar reglugerðar verða allar áburðarvörur að vera CE-merktar, sem þýðir að öryggi þeirra og gæði eiga að vera tryggð.

Aukaafurðir dýra, sem eru nýttar sem áburður, falla ekki innan gildissviðs reglugerðarinnar, enda er önnur reglugerð sem tekur til þeirra.

Moltugerð og lífgasgerð með meltunarleifum eru mikilvægir þættir til að minnka urðun lífrænna afurða. Mikilvægt er að líta ekki á lífræn efni sem úrgang heldur sem hráefni til frekari vinnslu.

Hér er ætlunin að fjalla um moltugerð og gera grein fyrir kröfum. Framleiðsla moltu skal alltaf miða við að hráefnin séu flokkuð sérstaklega á upprunastað, þannig að þau blandist ekki öðrum efnum. Kröfur til meltunarleifa sem verða til við lífgasgerð eru þær sömu og til moltu.

Hráefni, sem má nota í moltu og lífgasgerð:

- Lífræn, niðurbrjótanleg efni úr görðum, matarleifar úr eldhúsum, veitingastöðum, stóreldhúsum, smásölum og sambærilegar leifar frá matvælavinnslum.
- Dýraafurðir, aðeins hafi þær verið gerðar skaðlausar með fyrri vinnslu t.d. gæludýrafóður.
- Aukefni til jarðgerðar, sem eru nauðsynleg til að bæta vinnsluna og minnka umhverfisáhrif.

Efni sem má ekki nota við þessa vinnslu eru eftirfarandi:

- Lífræn efni úr blönduðu heimilissorpi, jafnvel þótt það hafi verið flokkað á síðari stigum.
- Seyra, iðnaðarskólp og eðja frá dýpkunarframkvæmdum.
- Aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir sem falla undir gildissvið reglugerða um aukaafurðir dýra (1069/2009/EB), utan þær afurðir sem hafa verið fullunnar samkvæmt þeirri reglugerð. Sú reglugerð inniheldur ákvæði um moltu- og lífgasgerð úr aukaafurðum dýra.

Moltugerðin skal vera í vinnslustöð:

- Þar sem gætt sé fulls aðskilnaðar hráefnanna frá öðrum efnum sem kunna að vera unnin í verksmiðjunni.
- Gætt sé fullkomins aðskilnaðar milli hráefna og unninnar vöru, þar með talið í geymslum.

Loftháð niðurbrot (moltugerð):

Loftháð niðurbrot á að byggjast á stjórnuðu niðurbroti lífniðurbrjótanlegra efna sem er aðallega loftháð, sem örvar hitamyndun, vegna niðurbrotsins og hentar hitakærum bakteríum. Öllum pörtum lotunnar skal snúið eða hrært í reglulega til að auka loftstreymi og til að fá út nægjanlega gerilsneyðingu og einsleitni efnisins. Meðan á myltingu stendur þarf að tryggja að allir hlutar lotunnar hafi náð einhverjum af eftirfarandi hitunarþáttum:

- 70°C eða meira í a.m.k. 3 daga
- 65°C eða meira í a.m.k. 5 daga
- 60°C eða meíra í a.m.k. 7 daga
- 55°C eða meira í a.m.k. 14 daga.

Kröfur til hreinleika moltu

- Molta má ekki innihalda meira en 6 mg/kg þurrefnis af PAH16 (fjölhringa, arómatísk vetniskolefni).
- Molta má ekki innihalda meira en 3 g/kg þurrefnis af sýnilegum óhreinindum yfir 2 mm af einhverju eftirfarandi: Gler, málmar eða plast og ekki meira en 5 g/kg þurrefnis samtals af þessum óhreinindum.

Hvaða kröfur eru gerðar til lífræns áburðar?

- Lífrænn áburður á að innihalda lífrænt bundið kolefni og næringarefni úr lífrænum efnum. Hlutfall þeirra skulu koma fram í merkingum vörunnar.
- Sett eru mörk fyrir eftirfarandi óæskileg efni:

1. Kadmíum (Cd) 1,5mg/kg þurrefnis
2. Sexgilt króm (Cr VI) 2 mg/kg þurrefnis
3. Kvikasilfur (Hg) 1 mg/kg þurrefnis
4. Nikkel (Ni) 50 mg/kg þurrefnis
5. Blý (Pb) 120 mg/kg þurrefnis
6. Ólífrænt Arsen (As) 40 mg/kg þurrefnis
7. Biuret (C2H5N3O2) á ekki að finnast í lífrænum áburði
8. Kopar (Cu) má ekki fara yfir 300 mg/kg þurrefnis
9. Sínk (Zn) má ekki fara yfir 800 mg/kg þurefnis.

- Sett eru mörk fyrir sjúkdómsvaldandi bakteríur eins og salmonellu og iðragerla. Í því sambandi skal taka 5 sýni af hverri lotu moltunar áður en hún er sett á markað. Sýnin skal greina á viðurkenndri rannsóknastofu. Salmonella má ekki finnast í 5, 25 g eða 25 ml sýnum. Iðragerlar mega ekki fara yfir 1.000 í 5 1 g eða 1 ml sýnum.

Valgeir Bjarnason,
fagsviðsstjóri áburðarmála

Matvælaráðuneytið vekur athygli á að umsóknarfrestur vegna styrkja til aðlögunar að lífrænum framleiðsluháttum í landbúnaði hefur verið framlengdur til 3. júní næstkomandi.

Framleiðendur sem hafa byrjað lífræna aðlögun í samræmi við gildandi reglugerð um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar geta sótt um. Lífræna aðlögunin skal vera undir eftirliti faggildu löggildingarstofunnar Túns.

Sækja ber sérstaklega um styrki í garðyrkju skv. ákvæðum reglugerðar um stuðning við garðyrkju nr. 1273/2020. Í öðrum landbúnaði er sótt um styrki samkvæmt ákvæðum reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 430/2021.

Umsóknarfrestur er til miðnættis 3. júní (www.afurd.is).
Á Afurð má einnig finna upplýsingar um nauðsynleg fylgiskjöl með umsókn.



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

HROSS & HESTAMENNSKA

Landsmót hestamanna 2022:

Inntökuskilyrði kynbótahrossa

Elsa Albertsdóttir
ráðunautur, Búfjárræktar- og þjónustusviði
elsa@rml.is



Inntökuskilyrði kynbótahrossa verður með sama fyrirkomulagi og stefnt var að árið 2020 samkvæmt ályktun Fagráðs í hrossarækt.

Fjöldi efstu hrossa sem vinnur sér rétt til þátttöku á mótinu er 170 hross. Það er því ekki um einkunnalágmörk að ræða. Fjölda í hverjum flokki má sjá í töflu hér að neðan.

Til að auðvelda bestu klárhrossum landsins að komast á mótið verða 75% hrossa í hverjum flokki valin eftir aðaleinkunn og um 25% hrossa eftir aðaleinkunn án skeiðs. Ef fleiri en eitt hross eru jöfn í síðasta sæti inn á mótið (til dæmis fleiri en ein hestur í 15. sæti í flokki 7 vetra og eldri hesta) þá er þeim öllum heimil þátttaka á mótinu.

Stöðulisti verður birtur í WorldFengur.com sem sýnir hvaða hross eru inni á mótinu hverju sinni. Eigendur hrossa sem vinna sér þátttökurétt á mótinu en ætla ekki að mæta með þau eru beðnir um að láta vita fyrir 22. júní nk., þannig að hægt sé að bjóða hrossum sem eru neðar á listanum þátttöku á mótinu.

Skráning hrossa á mótið lýkur á hádegi 24. júní.

Afkvæmasýndir stóðhestar

Lágmörk vegna afkvæmasýninga miðast við kynbótamat aðaleinkunnar eins og það reiknast að afloknum kynbótasýningum vorið 2022 og fjölda dæmdra afkvæma. Öll dæmd afkvæmi hestanna liggja til grundvallar kynbótamatinu. Afkvæmi sem fylgja hestunum skulu vera dæmd í kynbótadómi.


Heiðursverðlaunahestum skulu fylgja 12 afkvæmi í sýningu en fyrstu verðlaunahestum 6 afkvæmi.

Flokkur	Kynbótamat aðaleinkunnar	Fjöldi dæmdra afkvæma
Stóðhestar heiðursverðlaun	118 stig	50
Stóðhestar 1. verðlaun	118 stig	15



Handhafi Sleipnisbikarsins árið 2020 var Skýr frá Skálakoti, sem stillti sér upp með afkvæmum sínum og eigendum, þeim Jakobi Svavari Sigurðssyni og Guðmundi Viðarssyni, á Landssýningu kynbótahrossa. Mynd/TB

Flokkur	Fjöldi
7v. og eldri hryssur	15
6v. hryssur	30
5v. hryssur	30
4v. hryssur	20
4v. hestar	20
5v. hestar	20
6v. hestar	20
7v. og eldri hestar	15
Samtals	***170***

Lely Center Ísland
Hliðgrindur
Margar stærðir

Reykjavík: Krókhálsi 5f – Sími 414 0000
Akureyri: Óðinsnesi 2 – Sími 464 8600
lci.is

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA

Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

ehjól
2022 ÁRGERÐIN AF VINSÆLU RAFMAGNSHJÓLUNUM ER KOMIN.
HAFIÐ SAMBAND Í SÍMA 555 0595 EÐA SKOÐIÐ ÚRVALIÐ Á WWW.EHJOL.IS.



XLDDP-4L
1000W 60V
Rafmagnshjól á fjórum hjólum.
Fæst með eða án yfirbyggingar.
752.400 kr.
837.000 kr. með þaki
XLDR-3L
1000W 60V
Rafmagnshjól á þremur hjólum.
Fæst með eða án yfirbyggingar.
607.000 kr.
719.200 kr. með þaki
XL3D-3L
1000W 60V
Rafmagnshjól á þremur hjólum með tveimur burðartöskum.
688.200 kr.
Öll verð með virðisaukaskatti 24%
ehjól | Hrísmýri 5 | 800 Selfoss | sími:555 0595 | ehjol@ehjol.is | www.ehjol.is


STYRKURINN FELST Í BOGANUM
BOGAHÚS AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM
FÆRANLEG OG VARANLEG BOGAHÝSI

HÝSI
Hýsi-Verkheimar ehf
Smiðjuvegi 44-46, Kópavogi
Sími 497 2700
Netfang: hysi@hysi.is

Á FAGLEGUM NÓTUM

Er hægt að fóðra kýr á sagi?



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Jórturdýr eru með einstakt meltingarkerfi sem hefur þróast sérstaklega til þess að melta og nýta mjög tormelt fóður. Þessi einstaki eiginleiki gerir það að verkum að dýrin virka sérstaklega vel sem „milliliður“ á milli mannfólks og trénisríkrar næringar eins og á t.d. við um gras, sem nýtist mannfólki ekki með beinum hætti.

Þessi magnaði meltingarvegur getur gert mun meira en að melta gras, þannig ræður meltingarkerfið t.d. einnig við aðrar og síður vinsælar plöntur til áts, svo sem tré!

Tilraunir með notkun viðarleifa í fóðri jórturdýra hófst í síðari heimsstyrjöldinni, þegar mikill skortur var á fóðri. Niðurstöðurnar á þeim tíma lofuðu hins vegar ekki góðu, þar sem skepnurnar fúlsuðu við fóðrinu auk þess sem meltanleiki fóðursins var lágur. Auk þess var næringargildi fóðursins slakt. Síðar hafa komið fram meðhöndlunaraðferðir sem bæta bæði meltanleika og næringargildi viðarleifanna sem breytir miklu um mögulega nýtingu í fóðri jórturdýra.

Viðarleifar, hverjar sem þær nú eru, samanstanda af flóknum kolvetnum en hlutfall kolvetnanna er mismunandi eftir tegund trjáa sem notuð eru og vaxtarstigi þeirra. Almennt séð þá eru viðarleifar að stærstum hluta sellulósi (oft um 50 %), hemisellulósi (oft um 30%) og óleysanlega trefjaefnið lignín (hleypur oftast á bilinu 15-35%). Auk þess innihalda viðarleifar lítið magn af leysanlegum sykri, fitusýrum, alkóhóli og próteinum, sérstaklega viðarleifar sumra trjáa eins og furu og ungra lauftrjáa.

Vinnsluaðferðir

Til þess að gera viðarleifar áhugaverðar sem fóður fyrir jórturdýr hafa komið fram margs konar aðferðir, bæði efna- og lífefnafræðilegar, en einnig vélrænar vinnsluaðferðir. Allar þessar aðferðir miða að því að auka meltanleika sellulósans í viðarleifunum með því að rjúfa tengingu hans og lignins, en það er grundvöllur þess að hægt sé að nýta fóðurleifarnar sem fóður fyrir jórturdýr.

Dæmi um þessar aðferðir eru:

- Vatnsrof (hydrolysis) með ýmsum sýrum til að leysa upp sellulósann.
- Alkalí- og ammoníakmeðferð til að gera viðarleifarnar aðgengilegar fyrir örverur í vömb jórturdýra, svo þær geti komist í gegnum frumuveggi viðarleifanna.
- Rof á efnatengingum lignín og sellulósa með mismunandi efnum til þess að framleiða meltanlegan sellulósa.
- Mölun viðarleifanna niður í mjög litla kornastærð, til að umbreyta sellulósanum.
- Nota háorku rafeindageislun til að rjúfa efnatengi ligníns og sellulósa í viðarleifunum.

Fóðurtilraunir

Í einni tilraun var sag af furu, eik, ösp og öðrum trjátegundum blandað í heilfóður hjá uxum og nam íblöndunin 10% af heildarfóðrinu. Þessi íblöndun skilaði jafn miklum vexti og samaburðarfóðrið sem innihélt svokallað bermúdagras í stað sagsins.

Þegar hlutfallið af sagi var aukið í 15% komu aftur á móti fram neikvæð áhrif viðarleifanna en þeir uxar sem fengu það heilfóður drógu úr áti, lystugleiki heilfóðursins var ekki nægur.



Viðarleifar hafa hingað til ekki verið taldar nýtanlegar í fjósum til annars en sem undirburður en það gæti breyst á komandi tímum.



Þegar heilfóður er blandað fyrir nautgripi, er öllum fóðurtegundunum hrært saman í eina fóðurblöndu. Tilraunir sýna að viðarleifar geti mögulega hentað til íblöndunar í svona fóður.



Skógrækt á Íslandi hefur aukist gríðarlega á undanförnum áratugum og auknum umsvifum skógræktar fylgir vinnsla á trjám sem gefur af sér viðarleifar.

Í annarri tilraun fengu nautgripir í þauleldi eikarsag blandað út í heilfóðrið í stað mulinna ostruskelja og vallarfoxgrass. Hlutfallið í tilrauninni var 5% og 15% eikarsag. Niðurstöðurnar voru einkar áhugaverðar og sýndu að hægt var að nota eikarsagið með góðum árangri og það allt að 15% af heildarmagni fóðursins án þess að það kæmi niður á vexti gripanna. Þá kom í ljós að grófmalað sag skilaði betri árangri en fínmalað.

Asparsag gefið mjólkurkúm

Sé vikið að rannsóknum á sagfóðrun hjá mjólkurkúm, þá hafa rannsóknir m.a. sýnt að asparsag getur komið í stað allt að 30% af hefðbundnu fóðri hjá kúm!

Þetta var m.a. niðurstaða einnar rannsóknar, þar sem kýrnar voru að vísu ekki hámjólka og voru að framleiða að jafnaði 20 kg á dag. Í þeirri rannsókn kom í ljós að kýrnar héldu nytinni, þ.e. íblöndunin dró ekki úr áti meltan-legs þurrefnis né hafði neikvæð áhrif á afurðasemina.

Enn fremur kom í ljós að fóðrunin hafði engin áhrif á hlutfall mjólkurfitunnar, sem hélst stöðug. Jafnframt leiddi sagblöndunin til þess að á síðari hluta mjaltaskeiðsins, þegar kúm er stundum hætt til fitusöfnunar, þá gerðist það ekki vegna betra jafnvægis á fóðrinu.

Þá sýndi önnur rannsókn að unnt var að blanda viðartrefjum við korn til þess að stjórna átinu og nam þessi blöndun allt að 45% þurrefnis kornsins!

Fljótandi viðarleifar

Það eru líka vökvaleifar sem myndast við framleiðslu á viði, annaðhvort með brennisteinsmyndun þegar sellulósi er framleiddur eða með þrýstingi með vatnsgufu þegar viðarplötur eru framleiddar.

Efnið sem myndast í þessu tilfelli kallast viðarmelassi, samanstendur aðallega (65%) af leysanlegum sykri, sem jafngildir hlutfalli sykurs sem finnast í öðrum tegundum melassa eins og t.d. frá sykurreyr eða sykurrófum svo dæmi séu tekin.

Svona melassi getur verið afar mikilvægur orku-gjafi í fóðri skepna. Viðarmelassi hefur verið notaður í tilraun við eldi á lömbum sem voru mötuð á kjarnfóðri. Í tilrauninni var þremur mismunandi tegundum af melassa blandað út í gefið kjarnfóður í hlutföllunum 1:9 og kom ekki fram marktækur munur á bötun lambanna, hvort sem um var að ræða fóðrun viðarmelassa eða annarra tegunda af melassa. Enn fremur voru skoðuð möguleg áhrif á heilsufar og efnaskipti, sem ekki reyndust heldur vera breytileg á milli eldishópa.

Atriði sem þarf að huga að

- Þó svo að tilraunir sýni að takmarkað magn af viðarleifum eða sagi megi nota til íblöndunar í gróffóður jórturdýra er ljóst að flestar tegundir trjáa henta ekki með beinum hætti. Þ.e. ekki er hægt að nýta þessi hráefni án efnafræðilegrar eða vélrænnar meðhöndlunar eigi að nota þau til íblöndunar í fóður. Undanfarið hafa komið fram ýmsar áhugaverðar leiðir til þess að gera einmitt þetta, þ.e. meðhöndla viðarleifar eða sag, svo það geti nýst jórturdýrum. Aukinn áhugi á þessu mun vafalítið leiða til þess að nýtanleg og hagkvæm aðferð finnst.
- Viðarleifar sem hafa verið meðhöndlaðar með efnum þarf að skoða sérstaklega vel og vandlega með tilliti til efnaleifa, sem geta mögulega haft skaðleg áhrif á heilsu dýra eða afurðanna.
- Þurrar viðarleifar innihalda aðeins lítið magn, eða geta næstum verið algjörlega snauðar af mörgum nauðsynlegum næringarefnum. Skepnur sem éta fóður með miklu magni af viðarefnum geta því lent í heilsuleysi ef ekki er rétt næringarjafnvægi á fóðrinu.
- Flestar viðarleifar hafa tiltölulega hátt rakastig, sem veldur geymsluvandamálum vegna rýrnunar. Þess vegna er þörf á rannsóknum til þess að finna hagkvæmar leiðir til að varðveita viðarleifar með miklum raka, eigi að nýta þær til íblöndunar á fóðri jórturdýra. Varðveisla með votverkun og notkun mygluhemjandi efna eru mögu-leikar sem gætu borið árangur.

Nú er það ekki svo að bændur geti bara gengið í það verk, til þess að draga úr fóðrunarkostnaði, að blanda sagi út í heilfóður mjólkurkúa eða eldisgripa. Þetta þarf að rannsaka mun frekar, en er vissulega gríðarlega áhugavert ef tilfellið er að spara megi kostnað með þessum hætti og nýta um leið hráefni úr skógum landsins.

Þýdd og endursögð grein frá Dairy Global:
„Wood residuesin ruminant nutrition“

LSB Lífeyrissjóður bænda

Til sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bænda

Sjóðfélagayfirlit fyrir tímabilið mars 2021 til apríl 2022 hafa verið send öllum greiðandi sjóðfélögum í Lífeyrissjóði bænda og eru jafnframt aðgengileg á sjóðfélagavef, www.lsb.is.

Skorað er á sjóðfélaga að bera yfirlitin saman við launaseðla og gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Jafnframt er sjóðfélögum bent á að hafa tafarlaust samband við sjóðinn, hafi þeir ekki fengið yfirlit frá sjóðnum en telja að vinnuveitandi hafi átt að skila iðgjöldum til sjóðsins.

Hafi athugasemdir á iðgjaldaskilum frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu þessarar auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjaldaskila að því marki sem iðgjöldin fást greidd

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA
Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík
s. 563 1300 - lsb@lsb.is

LÍF & STARF

María Pálsdóttir, eigandi Hælisins, fékk Landstólpann

María Pálsdóttir, eigandi Hælisins, seturs um sögu berklanna, sem staðsett er að Kristnesi í Eyjafjarðarsveit, hlaut Landstólpann á ársfundi Byggðastofnunar á dögunum. Viðurkenningin er veitt einstaklingum, fyrirtækjum eða hópum sem þykja hafa skarað fram úr í sínum verkefnum eða störfum. Landstólpinn var nú veittur í ellefta sinn.



Aðalbjörg Kristín Jóhannsdóttir veitti viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd Maríu Pálsdóttur. Með henni á myndinni eru Helga Harðardóttir og Andri Þór Árnason.

Alls bárust átta tilnefningar víðs vegar að af landinu og var niðurstaða dómnefndar sú að Maríu var veitt viðurkenningin. Hún er auk þess að reka Hælið skólastjóri Leiklistarskóla Leikfélags Akureyrar.

María var tilnefnd til samfélagsverðlaunanna vegna atorku sinnar og dugnaðar við að koma á fót Hælinu. Með því hefur hún bjargað menningarminjum og sögum frá glötun. Hælið geymir sögu þeirra sem upplifðu á sínum tíma raunir vegna berklanna. Safnið er gríðarlega áhrifamikið, einkum í ljósi þess að það er staðsett þar sem sagan átti sér stað. Berklahælið á Kristnesi var reist árið 1927 en þar dvöldu fjölmargir einstaklingar sem smituðust af berklum.

María setti upp leikverkið „Tæring“ í samstarfi við Leikfélag Akureyrar en það var sýnt á Hælinu og var afar áhrifarík leiksýning. Sýningin var innblásin af sögum



María Pálsdóttir.

berklasjúklinga sem dvöldu á Kristneshæli á árunum 1930-1960 en notast var við dagbækur og frásagnir sjúklinga við gerð sýningarinnar.

„Það eru mikil verðmæti fólgin í því að sögunni hafi verið komið til skila með þeim myndarskap sem sjá má og upplifa á Hælinu. María á miklar þakkir skildar fyrir það frumkvæði, drifkraft og eljusemi sem hún hefur sýnt með því að koma þessu tímabili í sögu Íslendinga í þann búning sem upplifa má á sögusetrinu,“ segir á vef Byggðastofnunar þar sem greint er frá málinu.

María hefur unnið mikið með ungu fólki og tekur m.a. á móti skólahópum á sögusetrinu, sem er eins og góð vin í Eyjafirði og í göngu- og hjólafæri við þéttbýliskjarna. Hún hefur jafnframt verið hvatamaður að því að bjóða skólabörnum í leikhús í samstarfi við ýmis fyrirtæki á svæðinu. Þess má einnig geta að María er sú sem stendur að baki Fiðringi á Norðurlandi en það er hæfileikakeppni ungmenna í grunnskólum Akureyrar og nágrennis. Fiðringur er að fyrirmynd Skrekks sem haldinn hefur verið í Reykjavík og Skjálftans á Suðurlandi. */MÞÞ*

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is



Landbúnaðartæki, björgunartæki og búnaður.
Svansson ehf
Sími : 697-4900 • sala@svansson.is • www.svansson.is



Vörur með þínu merki
Við útvegum vörur í magni til kynningar, gjafa, sölu eða fjáröflunnar, merktar eða ómerktar. T.d höfuðklúta, penna, og poka. Mikið úrval á heimasíðu, Vandaðar vörur, vönduð þjónusta.
motif
AUGLÝSINGAVÖRUR
Sími 896 1896 motif.is

IR Ingersoll Rand
LOFTPRESSUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI
Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.
Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.
Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.
Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar í síma **590 5135** og kynntu þér þína möguleika.



KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is
KLETTUR

Vetrarsól er umboðsaðili
STIGA
Gulltryggð gæði
Sláttuvélar & sláttuorf
Sláttutraktorar
Snjóblásarar
40 ár á Íslandi
Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is
VETRARSÓL

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 9. júní

LESENDARÝNI

Tækifæri og áskoranir í virðiskeðju íslenska eldislaxins

Síðastliðinn áratug hafa áskoranir laxeldisgreinarinnar á Íslandi breyst að því leyti að nú er ekki lengur spurt hvort sú atvinnustarfsemi sé yfirleitt raunhæf við krefjandi aðstæður heldur hvernig starfseminni skuli háttað til langframa.

Í ljósi þess ákvað undirritaður að miða meistararannsókn sína við Háskóla Íslands, að því að greina hvaða tækifæri fælust í virðiskeðju íslensks sjóeldislax. Ítarleg markaðsgreining var framkvæmd, þar sem umhverfi laxeldisfyrirtækja var skoðað með hliðsjón af virðiskeðjunni. Á þann hátt má greina tækifæri sem geta stuðlað að samkeppnisforskoti en einnig áskoranir sem þeim fylgja.



Sigurður Ólafsson.



Laxeldi á Austfjörðum.

Mynd / Sigurður Ólafsson

Tvær meginsviðsmyndir

Greiningar sýndu tvær meginsviðsmyndir við stefnumótun, (1) kostnaðaráherslu með áframhaldandi framleiðsluáherslu inn í stærra virðisnet norska laxins eða (2) kostnaðar- og aðgreiningaráherslu með markaðsáherslu á að skapa eftirspurn eftir vörunni (e. customer pull).

Fyrsta leiðin krefst ekki frekari fjárfestingar í virðiskeðjunni og getur verið örugg leið að mörgu leyti. Á móti kemur að aðstæður við Ísland eru erfiðari en víða annars staðar vegna veðurs, fjarlægðar frá mörkuðum, rekstrarkostnaðar og lagaumgjarðar. Þessir þættir eru hamlandi á samkeppnisstefnur sem byggðar eru á lægri kostnaði. Jafnframt er hætta á að án árangursríkrar aðgreiningar fáist ekki eins hátt verð fyrir vöruna og hún á skilið.

Önnur leiðin krefst fjárfestingar í markaðsdeild sem verður að hafa burði til að sinna markvissu markaðsstarfi á sölumörkuðum fyrirtækisins. Markaðsstarfið byggir því á aðgreiningaráherslu sem mótuð hefur verið og miðast við að skapa laxinum þá ímynd í huga viðskiptavina og neytenda að hann sé eftirsóknarverðari en annar lax. Þessi leið er kostnaðarsamari en er líklegri til að skapa aukna eftirspurn og endurheimta hærra verð fyrir vöruna. Aðgreining á vöru eins og lax er krefjandi en mikilvæg þar sem verð ákvarðast að miklu leyti út frá aðgreinandi þáttum. Þeir helstu varða stærð, gæði og litarhátt vörunnar en einnig ímynd laxins, svo sem framleiðsluvottanir, upprunaland laxins, sjálfbærni, ímynd vörumerkis og framleiðanda.

Laxeldislönd í nágreni við okkur

Helstu laxeldislönd í nágrenni við okkur, Noregur, Færeyjar og Skotland, leggja mikla áherslu á aðgreiningu í sinni stefnumótun og hefur þeim tekist að byggja upp öflug vörumerki á sínum afurðum. Þau vörumerki hafa verið að skila framleiðendum hærra verði á mörkuðum í krafti vörumerkis og upprunalands.

Náttúrulegar aðstæður við Ísland, lagaleg umgjörð og hvernig laxeldisfyrirtækin og mannauður þeirra hafa unnið úr þeim aðstæðum sem þau búa við hefur leitt til þess að íslenskur sjóeldislax er álitinn fyrsta flokks vara. Framleiðsla hans er jafnframt eins sjálfbær og kostur er þar sem leitast er við að nýta náttúruauðlindir Íslands í sem mestri sátt við það umhverfi sem eldið fer fram í og til hagsbóta fyrir nærsamfélögin. Mikilvægt er að horfa til þess að aðstæður við Ísland valda því að minna er um sníkjudýr og sjúkdóma en í samkeppnislöndunum þar sem þörf er á lyfjagjöf með auknum kostnaði.

Mikið gert til að vernda villta Atlantshafslaxinn

Umgjörðin leiðir til þess að hvergi annars staðar er gert eins mikið til að vernda villta Atlantshafslaxinn og dreifa líffræðilegu álagi í fjörðunum þar sem sjóeldi fer fram. Íslenskur eldislax kemur seint inn á heimsmarkað og ef ákveðið verður að fjárfesta í auknu markaðsstarfi er brýnt að vinna upp forskot sem aðrar þjóðir hafa náð í markaðsstarfi með því að skapa vitund, byggja upp vörumerki og ekki síst miðla þeim aðgreiningarþáttum sem veita fyrirtækjunum samkeppnisforskot áfram til viðskiptavinanna. Mikilvægt er að íslensku fyrirtækin líti til nágrannalandanna og hvernig þeim hefur tekist að miðla frásögninni um laxinn sinn og vinna að sameiginlegu yfirvörumerki fyrir laxinn frá viðkomandi landi.

Sigurður Ólafsson.

Rangfærslur um kolefnislosun

Kolefnislosun í landbúnaði á Íslandi er metin út frá tveimur þáttum, annars vegar er um að ræða kolefnislosun frá framræstum jarðvegi og hins vegar er losun sem verður vegna annarra þátta innan býlanna.

Kolefnislosun frá framræstum jarðvegi hefur verið metin 100% hærri en aðrir þættir innan býlanna og vegur því þungt, svo þungt að margir halda því fram að kolefnisspor íslensks lambakjöts sé meira heldur en innflutts lambakjöts frá Ástralíu, sem er auðvitað fráleitt, enda þarf ekki nema að hugsa það til enda til að sjá að það stenst enga skoðun.

Minni losun en haldið hefur verið fram

Nýlega sendi Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri frá sér skýrslu sem byggir meðal annars á rannsóknum sem gerðar voru á Norðurlandi á kolefnislosun frá framræstu landi. Niðurstöður þeirra rannsókna sýna að fullyrðingar, sem haldið hefur verið á lofti á Íslandi árum saman um losun koltvísýrings og annarra meintra gróðurhúsalofttegunda úr framræstu landi, eru langt frá því að geta staðist.

Í skýrslunni segir að losunin sem hér mælist verði að teljast lítil miðað við eldri mælingar sem gerðar hafa verið í framræstum, óræktuðum lífrænum mýrum. Það er full ástæða til að leggja í frekari rannsóknir á þessum málum hér á landi, því það hafa flogið nokkuð háværar fullyrðingar um langtímalosun koltvísýrings úr framræstu landi og mikilvægi þess að endurheimta þau votlendi sem framræst hafa verið á undanförnum áratugum.



Halla Signý Kristjánsdóttir.

Betri kortlagning

Í skýrslunni segir að til að kortleggja sem næst raunverulega langtíma kolefnislosun í framræstu ræktarlandi á Íslandi þurfi að gera átak í að mæla hana skipulega sem víðast. Væntanlega þarf samkvæmt þessi að mæla út frá mismunandi jarðvegi og á mismunandi landsvæðum. Það er mjög mikilvægt að frekari og stöðug vöktun fari fram á þeim þætti um allt land, það er mikilvægt ekki síst til þegar horft er til markmiða stjórnvalda í loftlagsmálum.

Halla Signý Kristjánsdóttir
Þingmaður Framsóknar



LÍF & STARF



Skálholt.

Mynd / HKr.

Kolviður plantar 283 þúsund plöntum í Skálholti

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna skógræktar í landi Skálholts en Kolviður hefur sótt um framkvæmdaleyfi á 113,5 hektara svæði undir skógrækt.

Hluti af skógræktarsvæðinu fer undir stíga, opin svæði, rjóður og slóða. Á skógræktarsvæðinu er gert ráð fyrir að gróðursetja um 283 þúsund trjáplöntur og miðað er við 2.500 plöntur á hektara nýgróðursett. Skógurinn verður opinn almenningi til yndisauka. Gert er ráð fyrir að gróðursetning taki um 5 ár og verði lokið 2027.

/MHH

Á FAGLEGUM NÓTUM

Ísland er fyrirheitna landið

Hugtakið „kolefnisbinding“ er tilkomið vegna mengunar, þ.e. andstæðan við mengun. Mengun veldur hlýnun jarðar. Afleiðingarnar eru breyttir búskaparhættir á jörðinni.

Fólksflutningar um heimsbyggðina frá miðbaug til póla verða viðvarandi næstu áratugi. Takist mannkyni að snúa loftslagsbreytingum við þá er afraksturs þess erfiðis ekki að vænta í náinni framtíð. Nú, takist mannfólkinu ekki að snúa þróuninni við er kannski bara best að vera eigingjarn og óska næstu kynslóðum velfarnaðar.



Hlynur Gauti Sigurðsson

Þeir sem menguðu efnuðust mest

Þetta er ekki flókið. Þeir sem menguðu efnuðust mest, þ.e. hinn vestræni heimur. Með meiri mengun jókst velmegun þeirra auðugu. Það má taka það fram að hér eru engir sleggjudómar til umræðu. Velmegunin hefur komið vesturheimi mjög notalega til góða ... á kostnað lífríkisins og næstu kynslóða manna reyndar.

Fólk á það til að leggja undir sig land

Fyrirhugaðir fólksflutningar eiga eftir að valda fjaðrafoki og kemur það til vegna eignaréttar. Fólk á það til að leggja undir sig land. Til dæmis ákvað hópur flóttamanna frá þjóð einni í norðri að fara áfram veginn og strönduðu á skeri sem þeir þá nefndu Ísland. Lítill styrr hefur verið um það sker enda var lítið hér við að hafa. Landnæði illræktanlegt og lítið um byggingarefni til að byggja sómasamlega kofa. Meira að segja Danir, sem nýlega sögðust eiga skerið, svo gott sem gáfu eyjaskeggjum það þegar eftir því var leitað. Þess vegna erum við, Íslendingar, nú þjóð á meðal þjóða og berum höfuðið hátt.

Fyrirheitna landið

Ísland er fyrirheitna landið. Fjárfestar hafa áttað sig á því og sést það best á ört hækkandi jarðarverði. Vonandi viðhalda þeir matvælaöryggi í landinu. Vonandi er þetta jákvætt skref í nýliðun í landbúnaði. Vonandi dafna sveitir landsins með fleira fólki, fjölbreyttari landbúnaði og nýsköpun. Kolefnisbinding með skógrækt gæti þó verið ástæðan fyrir öllum þessum eignaskiptum.

Skógrækt er vissulega jákvæð fyrir íslenska þjóð, svo sem meira timburöryggi, sterkari stoðir fyrir sjálfbærni og öflugri atvinnustarfsemi bæði við uppgang og umhirðu.

Landeigendur eru í lykilstöðu

Það sem er mikilvægast fyrir bændur og aðra landeigendur er að hagsmunir þeirra séu varðir. Það vill svo til að landeigendur eru ein stærsta lausnin í loftslagsbaráttunni. Markaður með kolefni er nýr og margir að mynda sér pláss á markaðnum, bjóðandi kannski gull og gersemar. Gætum að því að allir njóti góðs af nýrri gerð landbúnaðar. Landeigendur eru í lykilstöðu og því mikilvægt að þeir standi saman undir merkjum Bændasamtaka Íslands.

Hlynur Gauti Sigurðsson
Kolefnisbru.is

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

ZIPWAKE Svansson ehf



ZipWake er bylting í stöðugleikabúnaði fyrir báta.
Búnaðurinn sjálfvirkur og virkar 5 til 10 sinnum hraðar en hefðbundnir flapsar og er með innbyggðum gíró og GPS.

Landbúnaðartæki, björgunartæki og búnaður
Svansson ehf
Sími : 697-4900 • sala@svansson.is • www.svansson.is

VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT Í HORSES OF ICELAND?

Horses of Iceland er markaðsverkefni sem vinnur að því að auka verðmætasköpun í kringum íslenska hestinn. Íslandsstofa sér um framkvæmd verkefnisins, en allir sem stunda ræktun, útflutning, eða aðra hestatengda þjónustu geta tekið þátt í verkefninu. Samstarfsaðilar koma að því að móta áherslur og markaðsaðgerðir og fá kynningu á sinni starfsemi á vef og samfélagsmiðlum Horses of Iceland og á viðburðum á vegum Horses of Iceland.

HORSES OF ICELAND DAGUR RÆKTENDA Á LANDSMÓTI

Ræktaðu tengslin!

Þann 10. júlí, sunnudaginn eftir Landsmót, mega ræktunarbú á svæðinu bjóða heim, hafa opin hús og rækta tengslin. Horses of Iceland mun vekja athygli á öllum sem munu taka þátt en samstarfsaðilar verkefnisins fá sérstakan sýnileika og kynningu.

Fleiri upplýsingar veitir Jelena Ohm jelena@horsesoficeland.is

Taktu mynd hér og skráðu þig hér



Fjölbreyttar lausnir fyrir hús & nýbyggingar



Við erum alltaf klár í spjallið

Hafðu samband við okkur

Strúktúr er með lausnina fyrir húsið

Allt sem við hugsum, allt sem við gerum, snýst um þig okkar viðskiptavin



STRÚKTÚR
Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is | Bæjaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640

Lely Center Ísland

GRAFAGRINDUR
GOTT ÚRVAL



Reykjavík: Krókhálsi 5f – Sími 414 0000
Akureyri: Óðinsnesi 2 – Sími 464 8600

lci.is

VÉLABÁSINN

Sjö manna KIA Sorento með 7 ára ábyrgð



KIA Sorento 31 tommu breyttur. Myndir / HLJ



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Ég hef verið svolítið mikið að prófa rafmagnsbíla undanfarin blöð og var ég spurður út í hvort ekki væri kominn tími á að prófa fjölskyldubíl til ferðalaga sem getur dregið hjólhýsi. Fyrir valinu varð KIA Sorento, örlítið breyttur til að keyra heföbundna malarvegi og betri fjallvegi.

Margir gera kröfur um getu bíla

Þessi KIA Sorento sem ég prófaði er breyttur bíll, upphækkaður úr að lægsti punktur bílsins fór úr 18 cm í 22 cm, á 31 tommu dekkjum og fyrir vikið er hann með hærri dekk sem gefa góða fjöðrun og er bíllinn afar þægilegur í akstri á malarvegum. Dráttargeta bílsins er 2500 kg (miðað við að aftanívagn sé með bremsubúnaði). Vélin er 2,2 CRDi dísilvél sem á að skila 202 hestöflum, skiptingin er 8 þrepa og nánast stiglaus. Uppgefin meðaleyðsla í blönduðum akstri eru 6,5 lítrar af dísil á hundraðið (á þeim 111 km sem ég ók sagði aksturstölvan að ég hefði verið að eyða 8,9 lítrum á hundraðið og var ég mest innanbæjar).

Að öllu þessu ofantöldu finnst mér þetta vera fullkominn bíll til ferðalaga, kraftmikill, dráttargeta góð, fjöðrun á vondum vegum fín og eyðir ekki miklu.

Prufuaksturinn

Eins og með alla bíla þá byrjaði ég á að hávaðamæla bílinn á 90. Þegar ég var að ná 90 km hraða fór hávaðinn upp undir 75db, en þegar ég var komin í jafna keyrslu á 90 í efsta þrepi mældist hávaðinn inni í bílnum nokkuð stöðugur á bilinu 69-70db.

Akreinalesarinn var að virka fínt og blindhornsvarinn varaði með hljóðmerki við hættu frá hlið.

Næst tók ég innanbæjarrúnt og skemmda malbikið sem ég hef kvartað undan á þungum rafmagnsbílum undanfarið var allt í einu horfið nema stærstu holurnar og ójöfnurnar sem náðu að lemja fjöðrunina upp.

Bíllinn var lipur í umferðinni á öllum stillingunum á skiptingunni, en í boði er að keyra í fjórum mismunandi stillingum, comfort, eco, sport og smart. Skemmtilegastur fannst mér bíllinn í sport-stillingunni, en þá sýndi líka aksturstölvan töluvert meiri eyðslu.

Á lausum malarvegi var ég ánægður með stöðuleika bílsins og fjöðrun góð. Á grófum og holóttum malarslóða fannst mér bíllinn mjög góður, miklu betri en ég hafði fyrirfram ímyndað mér.

Rúmgóður og þægilegur í 5 sætum af 7

Sætin í fremstu tveim sætaröðunum eru mjög þægileg og þá sérstaklega fremstu tvö, en í öftustu tveimur fannst mér ég vera of krepptur og myndi halda að þau væru varla fyrir hærra fólk en 150 cm. Víða eru USB tenglar í bílnum til að hlaða síma og einnig úrtak fyrir 12 volta rafmagn. Geymsluhólf eru mörg og hólf fyrir drykkjarföng handa öllum farþegum nema þeim sem er í miðjunni í miðsætaröðinni.

Farangursrýmið er stórt (sérstaklega ef öftustu tvö sætin eru ekki í notkun). Varadekk er það sem ég kalla aumingi og er staðsett undir bílnum aftast.

Til að maður sé löglegur í akstri þarf að kveikja ljósin, en það er í lagi að hafa ljósatakkann alltaf kveiktan því að eftir að bílnum er læst þá slekkur hann ljósin sjálfkrafa eftir um 10 sek.

Verð og verð á breytingu

Fjórar mismunandi gerðir eru af KIA Sorento, Style, Luxury, Luxury plus og GT-Line. Verð er frá 9.290.777 upp í 10.990.777. Bíllinn sem ég prófaði nefnist KIA Sorento Arctic Edition og er sérbreyttur fyrir íslenskar aðstæður.

Verð á þessari breytingu er ekki nema 470.000 og að mínu mati er breytingin hverrar krónu virði.

Meira veggrip, mýkri akstur og aukið flot fyrir akstur í snjó og sandi.



Fjöðrunin var góð og mjúk á þessum grófa vegi og mjög lítið malarvegahljóð undir bílnum.




Ég er 175 sentímetrar á hæð og í öftustu sætaröðinni fannst mér ég of krepptur, svo þarna er ekki pláss fyrir hærri en 150 cm.



Fjórar stillingar fyrir vélina og þrjár fyrir mismunandi torfærur og snjó.



Það var komið myrkur þegar ég skilaði bílnum, en bakkmyndavélin var björt og skýr.



Miðað við gróf dekk og stóra dísilvél er þetta ágætis mæling á hávaða inni í bíl á 90.



ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Að fara aðeins hægar í umferðinni er sumum erfitt



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Það er viss ánægja að keyra í lok maí framhjá bílflökunum fyrir ofan Draugahlíð í Svínahrauni og sjá að tala látinna í umferðinni það sem af er ári er ekki nema tveir eftir fyrstu fimm mánuði ársins.

Vissulega er það tveimur of mikið, en frá því að ég sá þessa uppsetningu á varúðarskilti fyrst hugsaði ég hvort ég myndi sjá þetta skilti sýna töluna 0 einhvern tímann, en ég er örugglega ekki einn um þessa hugsun.

Ef allir sem eru í umferðinni hugsuðu um að gera sitt besta er það möguleiki, en þá þarf að hjálpast að, vinna saman og virða lög og taka tillit til annarra í umferðinni.

Taktu mark á gulu blikkljósunum, þar er hætta

Gul blikkandi ljós á ökutækjum eru ætluð til að vara við hættum og hugsunin með þeim er aðallega að hægja á umferð í þeirra nágrenni. Þó er visst vandamál með þessi ljós, menn gleyma að slökkva þessi ljós og aðrir ofnota gulu viðvörunarljósin og aka á umferðarhraða með ljósin blikkandi.

Gul blikkandi ljós á bara að nota þegar ekið er undir umferðarhraða, bíll stopp eða ekið með farm sem stendur mikið út af bíl, er í yfirhæð.

Í of mörg skipti sér maður bíla með gulblikkandi ljós sem heldur umferðarhraða og er með tryggilega festan farm á palli. Vegna þess að of margir ofnota þessi viðvörunarljós þá tekur fólk ekkert mark á þessum ljósum og hægir ekkert á þegar það sér þessi ljós og of oft verður slys.

Að lágmarka hættu er eitthvað sem allir geta

Á flestum dráttarvélum, gröfum og öðrum hægfara vinnuvélum eru gul blikkandi ljós, eitt eða fleiri. Þessi ljós þarf að muna eftir að kveikja ef ekið er á umferðargötum sem ætluð er almennri umferð. Stundum er þó aftanívagn með svo háan farm að hann skyggir á ljósið. Það eru hins vegar til lítil aukaljós sem ganga fyrir rafhlöðu sem hægt er að setja aftan á vagna og önnur tæki. Hef góða reynslu af svona ljósi.

Sjálfur vinn ég oft í vegköntum við að þjónusta bíla og vinnuvélar sem hafa bilað í umferðinni. Þótt bílarnir sem ég vinn á séu vel útbúnir blikkljósum eru alltof margir bílstjórar sem hægja of lítið á sér þegar þeir aka framhjá. Í verstu tilfellum neita ég að vinna við bíla þar sem þeir stoppa og læt flytja þá á öruggari stað.


Setti vin í hættu sem ég þorði ekki!

